


**skoðun 20**

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




**Hjólað í kuldanum**
*Fjallahjólaklúbburinn fer í ferð að Álftavatni.*
**allt 3**




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Föstudagur**
**26. nóvember 2010**
278. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Hanna í Hörpu**
*Tilkynnt um vinningshafa í hönnunarsamkeppni.*
**tímamót 28**



**Þykir flottust**
*Alexa Chung valin best klædda kona ársins.*
**fólk 40**



**Akureyri er ósigrandi**
*Akureyri er enn með fullt hús stiga í N1-deild karla eftir áttunda sigurinn í röð.*
**sport 46**

**veðrið í dag**




**STÖKU ÉL NYRÐRA** Í dag verða víðast norðaustan 3-8 m/s, en 8-15 SA-til. Bjart S- og V-lands en stöku él N- og A-til. Frost víðast 0-8 stig.
**VEÐUR 4**

# Stjórnarformaður gagnrýnir veislur í Hellisheiðarvirkjun

**Orkuveita Reykjavíkur lánaði móttökusal Hellisheiðarvirkjunar til veisluhalda starfsmanna 2007 og 2008. Innri endurskoðandi og arkitekt hússins fengu salinn ókeypis. Á að heyra sögunni til, segir stjórnarformaður.**

**ORKUVEITAN** Innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og arkitekt Hellisheiðarvirkjunar héldu báðir brúðkaupsveislur í móttökusal Hellisheiðarvirkjunar án endurgjalds. Veislurnar voru haldnar 2007 og 2008.

Innri endurskoðandi OR fékk reikning frá fyrirtækinu upp á 181.500 krónur fyrir veitingar í veislunni, en samkvæmt upplýsingum frá OR var sá reikningur ekki sundurliðaður. Fjöldi gesta var 31 og boðið var upp á fjögurra rétta matseðil, þar á meðal humar og hreindýrasteik, ásamt víni. Gerir það um 5.800 krónur á hvern gest. Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, vill þó benda á að þetta svari til um 9.000 króna á mann í dag.

„Ekki er að sjá að um einhverja „sérmeðferð“ hafi verið að ræða. Samþykki forstjóra lá fyrir og allur útlagður kostnaður fyrirtækisins var innheimtur,“ segir Eiríkur.

> **Síðasta veislan**
>
> Jón Ólafsson, eigandi Icelandic Water Holdings, hélt móttökuveislu í Hellisheiðarvirkjun í tilefni af opnun vatnsverksmiðjunnar í Þorlákshöfn í september árið 2008. Orkuveita Reykjavíkur fékk formlega kvörtun frá samtökum veitingahúsaeigenda í kjölfarið og var þá ákveðið að taka alfarið fyrir einkaveislur í húsnæðinu. „Þetta var síðasta veislan fyrir hrun,“ segir Jón. „En við borguðum stórfé fyrir þetta. Algjörlega á fullum kjörum.“

Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR, segir að komi í ljós að um óeðlilega fyrirgreiðslu hafi verið að ræða séu atvikin mjög óheppileg.

„Við erum búin að taka mjög skýrt á öllum svona málum og þetta á að vera orðið eðlilegt. En það tekur smá tíma að vinda ofan af þessu,“ segir Haraldur Flosi. „Það er stefnan að svona lagað heyri sögunni til og verið er að reyna að finna réttan takt í þessum málum.“

Hinn 12. janúar árið 2008 hélt arkitekt Hellisheiðarvirkjunar brúðkaup sitt í salnum án endurgjalds og gaf þáverandi forstjóri, Hjörleifur Kvaran, leyfi fyrir veislunni. Hjörleifur segist halda að arkitektinn hafi greitt allan kostnað. „Ég get staðfest að ég heimilaði einum aðila að halda brúðkaupsveislu. En það gekk svolítið mikið á til að heimila það. Ég var almennt á móti því en ég gaf mig nú,“ segir Hjörleifur. Spurður hvort OR hafi komið til móts við arkitektinn varðandi kostnað, segist Hjörleifur ekki halda að svo hafi verið.

- sv



**BIÐRÖÐ VIÐ KJÖRSTAÐINN** Yfir 2.000 manns kusu til stjórnlagaþings utan kjörfundar í Laugardalshöll í gær. Fjöldi fólks beið enn eftir því að geta greitt atkvæði á ellefta tímanum í gærkvöldi. Alls höfðu 8.439 greitt atkvæði utan kjörfundar klukkan 22, samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík. Hægt verður að greiða atkvæði utan kjörfundar í dag milli klukkan 10 og 12. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heilbrigðis- og menntamál:

## Draga úr niðurskurðinum

**STJÓRNMÁL** **Útgjöld til heilbrigðismála verða aukin um talsvert á annan milljarð króna frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi næsta árs.**

**Með þessu eru stjórnvöld að bregðast við hörðum viðbrögðum og mótmælum vegna niðurskurðar á framlögum til málaflokksins.**

**Var samdráttur á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni áætlaður rúmir þrír milljarðar.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins aukast framlög til annarra málaflokka einnig. Til að mynda verður dregið úr niðurskurði í menntamálum um ríflega hálfan milljarð umfram það sem ráðgert var í frumvarpinu.**

**Ekki stendur til að skera niður önnur framlög til að mæta auknum fjárveitingum. Svigrúm er sagt hafa verið í ríkisfjármálunum til að mæta mögulegum breytingum.**

- bþs

Formaður þingflokks Samfylkingarinnar segir kjördæmapot enn lifa góðu lífi:

## Alþingi fast í gömlum vinnubrögðum

**STJÓRNMÁL** „Í þessu og stjórnkerfinu öllu erum við ennþá föst í gömlum vinnubrögðum.“

Þetta segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, um úthlutanir á safnliðum fjárlaga og kjördæmapot. Mat þingmanna á umsóknum um fjárveitingar kunni að verða handahófskennt og menn sjáist ekki alltaf fyrir. Boðar hún ný og betri vinnubrögð.

Í viðtali í blaðinu í dag segir Þórunn það ekki létt verk að vera í stjórnarsamstarfi með VG. Innanbúðardeilur og valdabarátta dragi úr krafti hreyfingarinnar sem stjórnarflokks.

Hún segir mikilvægt að greiða fyrir erlendri fjárfestingu í atvinnulífinu. Tryggja þurfi sameign þjóðarinnar á auðlindum í stjórnarskránni en ekki skipti máli hvort fyrirtæki í orku eða sjávarútvegi séu í eigu Íslendinga eða útlendinga.

- bþs / sjá síðu 16










**SPURNING DAGSINS**



*Gísli, lifir Elvis enn?*

„Já, hann er kannski farinn úr byggingunni, en hann lifir enn í rokki og róli hvar sem það finnst.“

Gísli Veltan er söngvari í rokkabillísveitinni 59's, sem sækir fjölmargt í stíl konungs rokksins.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra gengur með þriðja barnið undir belti:

# Óljóst hver leysir af í fæðingarorlofi

**STJÓRNMÁL** „Ég mun nýta mér fæðingarorlofsréttinn. Það er mikilvægara en flest annað,“ segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, sem er með barni og á von á sér í maí.

Katrín greindi þingflokki Vinstri grænna frá tíðindunum á miðvikudag. „Þau samglöddust en ég held að fólk sé aðallega hissa. Ég hef verið spurð hvernig nákvæmlega ég fékk tíma í þetta mál,“ segir Katrín, sem kveður málið snúast um forgangsröðun. „Maður finnur tíma í sumt,“ bendir hún á.

Óljóst er hver leysir Katrínu af í menntamálaráðuneytinu þá sex mánuði sem hún væntanlega verður frá störfum á næsta ári. Aðeins einn ráðherra hefur fram til þessa tekið sér fæðingarorlof. Árni Mathiesen, þáverandi sjávarútvegsráðherra, tók fimm vikna feðraorlof sumarið 2001. Árni var þó í 25 prósenta starfi í orlofinu. Ekki var kallaður til nýr maður í hans stað.

Katrín segist ekki vita hvernig frá málum verði gengið. „Ég reikna með því að þetta verði rætt þegar nær dregur. Það skýrist einhvern tíma eftir jólin ef allt gengur að óskum,“ segir Katrín, sem kveður komandi barnsburð ekki hafa verið skipulagðan fyrir fram. „Við hjónin plönum ekkert fram í tímann,“ svarar menntamálaráðherra. Eiginmaður Katrínar er Gunnar Örn Sigvaldason. Þau eiga tvo syni. - gar



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Samflokksmennirnir vildu fá að vita hvernig hún hefði fundið tíma til að verða barnshafandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verðbólga mælist 2,6 prósent:

## Ekki lægri í næstum sjö ár

**EFNAHAGSMÁL Vísitala neysluverðs stóð svo til í stað á milli mánaða, hækkaði um 0,05 prósent, og mælist verðbólga nú 2,6 prósent, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar.**

**Greiningaraðilar benda á að verðbólgumarkmið Seðlabankans sé 2,5 prósent og því sé nánast náð. Slíkt hefur ekki sést síðan við upphaf árs 2004, eða í tæp sjö ár.**

**Greining Arion banka segir að sé horft sé framhjá skattahækkun og gjaldskrárhækkun Orkuveitu Reykjavíkur sem sé utan mælingarinnar nú sé leiðrétt verðbólga í raun komin niður í 1,9 prósent.**

**Bæði greining Arion banka og Íslandsbanka telja verðbólgutölurnar auka líkur á að stýrivextir verði lækkaðir í næsta mánuði. Líklegt sé að verðbólga verði öðru hvoru megin við 2,5 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabankans um áramótin og verði áfram á því róli næsta ár.** - jab

# Tilraun sem mistókst og má ekki endurtaka

**Formaður Kennarasambandsins hafnar hugmyndum um nýjan stöðugleikasáttmála. Hann segir kennara hafa farið illa út úr hinum fyrri en laun annarra hækkað. SA telja opinbera starfsmenn ná betri árangri í samfloti með öðrum.**

**KJARAMÁL** „Þetta er tilraun sem mistókst og má ekki endurtaka,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, um hugmyndir og þreifingar um nýjan sáttmála á vinnumarkaði.

Aðilar vinnumarkaðarins, almennir og opinberir, ræddu möguleika á samstarfi á fundi í gær. Höfðu Samtök atvinnulífsins frumkvæði að boðun fundarins, sem Magnús Pétursson ríkissáttasemjari stýrði.

Á fundinum lýsti Eiríkur reynslu kennara af stöðugleikasáttmálanum sem undirritaður var sumarið 2009. „Það kemur í ljós að 80 prósent félagsmanna okkar hafa verið án samninga frá miðju síðasta ári og ekki fengið krónu í kauphækkun. Á meðan hafa laun á almenna markaðnum hækkað að meðaltali um sjö til níu prósent. Þess vegna líst mér ekkert á þetta.“

Áformað er að funda á ný eftir tvær vikur. Eiríkur segir óráðið hvort kennarar sæki þann fund. Staðan verði metin í dag. Það hjálpi ekki til að viðsemjendur kennara hjá sveitarfélögunum hafi ekki viljað koma að samningaborðinu vegna mögulegs sáttmála. Þeir hafi viljað bíða og sjá. Slíkt gangi ekki lengur.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, ítrekar vilja samtakanna til að semja til þriggja ára og skapa með því grundvöll fyrir atvinnulífið að byrja að fjárfesta og ráða fleira fólk í vinnu.

„Það skiptir miklu máli að fyrirtækin geti séð fram í tímann. Öryggi varðandi launakostnað og friður á vinnumarkaði skipta miklu máli.“

Aðspurður kveðst Vilhjálmur líta svo á að kennarar og aðrir opinberir starfsmenn eigi vel heima í breiðu samstarfi á vinnumarkaði þrátt fyrir óánægju með efndir stöðugleikasáttmálans. „Ég get ekki séð að þeir nái frekar árangri án þess að vera samferða öllum hinum.“

Aðkoma ríkisvaldsins er mikilvæg en hún hefur ekki verið rædd að ráði enda vegferðin nýhafin. „Við erum rétt að byrja og eigum eftir að safna því saman sem einstakir aðilar vilja tala um við ríkisvaldið. Það er ekki um það að ræða að skrifa upp á plagg sem ekki er hægt eða vilji til að efna. Það þarf að ganga þannig frá málum að búið sé að afgreiða frumvörp inni í þinginu og taka lokaákvarðanir í málum.“

bjorn@frettabladid.is



**VIÐ UPPHAF FUNDAR** Forystumenn launþega og atvinnurekenda fóru yfir mögulegt samstarf á vinnumarkaði á fundi í gær. Magnús Pétursson ríkissáttasemjari stýrði fundinum. Ákveðið var að hittast á ný eftir tvær vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EIRÍKUR JÓNSSON**



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

## Ingibjörg R. Guðmundsdóttir látin

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og fyrrverandi varaforseti Alþýðusambands Íslands, lést á miðvikudag á Landspítalanum, 61 árs að aldri.



Ingibjörg starfaði lengst af hjá Flugleiðum og fyrir verkalýðshreyfinguna. Hún sinnti margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir verkalýðshreyfinguna og gegndi að auki formennsku í sóknarnefnd Neskirkju.

Ingibjörg lætur eftir sig kjörsynina Bjarna Jónsson og Andrés Jón Esrason.

Útför Ingibjargar verður gerð frá Neskirkju föstudaginn 3. desember.

Enn óvissa um eignir banka:

## Fjármagnaðir af innlánum

**EFNAHAGSMÁL** Mat á eignum banka og sparisjóða er enn háð mikilli óvissu og ójafnvægi er í efnahagsliðum þeirra. Þetta kom fram á fundi Seðlabankans um fjármálastöðugleikann.

Fram kom að áttatíu prósent fjármögnunar banka og sparisjóða væru innlán, sem kynnu að leita í annan farveg. Þá hefði dómur Hæstaréttar komið í veg fyrir neikvæð áhrif á fjármálakerfið. Þótt dregið hefði úr óvissunni væri staða fyrirtækjanna ekki skýr sökum langvarandi samdráttar í þjóðarbúskapnum sem hefði gert fjárhagsstöðu fyrirtækja og heimilia mjög veika. - jab

## Sigurður Sigurðarson látinn

Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup í Skálholti, andaðist á Landspítalanum í gærmorgun, 66 ára að aldri.



Sigurður varð stúdent frá MR 1965 og lauk kandídatsprófi í guðfræði frá HÍ 1971. 1981 lauk hann meistaraprófi í guðfræði.

Sigurður var prestur á Selfossi 1971 til 1994 er hann tók við embætti vígslubiskups í Skálholtsstifti. Hann var staðgengill biskups Íslands frá 2003.

Sigurður gegndi trúnaðarstörfum fyrir Prestafélagið, Þjóðkirkjuna og Sjálfstæðisflokkinn.

Eftirlifandi eiginkona hans er Arndís Jónsdóttir skólastjóri. Þau eignuðust tvö börn, Stefaníu og Jón Magnús. Fóstursonur þeirra, Rúnar Kristjánsson, lést árið 2000.


**ÚTLAGAR** EFTIR SIGURJÓN MAGNÚSSON

★★★★

Fréttablaðið og Morgunblaðið




„Útlagar er vel heppnuð skáldsaga, hún lýsir þrúgandi tímum og lífi persóna sem kikna undan þeim á áhrifaríkan hátt.“

– Jón Yngvi Jóhannsson, Fréttablaðið

BJARTUR


Ákvæði um ábyrgðarmenn standast ekki skoðun:

## Stjórnarskrá brotin

**DÓMSMÁL** Ákvæði í lögum um greiðsluaðlögun sem hlífir ábyrgðarmönnum skuldara sem fá greiðsluaðlögun gengur gegn stjórnarskrá, samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Dómurinn staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Suðurlands í máli Sparisjóðs Vestmannaeyja gegn bróður og tæplega áttræðri móður konu sem fékk greiðsluaðlögun.

Ábyrgðarmennirnir þurfa að greiða sparisjóðnum ríflega eina milljón króna með vöxtum.

Sparisjóðurinn krafðist þess að móðir konunnar og bróðir greiddu skuldir hennar þrátt fyrir að tekið sé fram í lögum um greiðsluaðlögun að ekki megi ganga á ábyrgðarmenn í slíkum tilvikum.

Með dómi Hæstaréttar er staðfest að það ákvæði gangi gegn ákvæðum um friðhelgi einkaréttar í stjórnarskránni. Fyrir setningu laga um greiðsluaðlögun átti sparisjóðurinn kröfu á ábyrgðarmennina gæti lántakandinn ekki greitt. Dómurinn telur ekki hægt að víkja þeim rétti lánveitandans til hliðar með lögum um greiðsluaðlögun án þess að sparisjóðurinn fái bætur fyrir.

Í dómnum kemur fram að ábyrgðarmennirnir hafi fyrir Hæstarétti krafist þess að ríkissjóður myndi bera kostnaðinn yrði það niðurstaða dómsins að lög um greiðsluaðlögun stæðust ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Dómurinn tók ekki afstöðu til þessarar kröfu. Í dómnum segir að valdheimildir dómstóla nái aðeins til þess að víkja lögunum til hliðar teljist þau andstæð stjórnarskrá, ekki leggja umtalsverð útgjöld á ríkissjóð. - bj

Kosningaréttur allra tryggður:

## Blindir fá hjálp í kjörklefanum

**STJÓRNLAGAÞING Blindir mega hafa aðstoðarmann að eigin vali í kjörklefanum til að geta greitt atkvæði í kosningum til stjórnlagaþings. Þetta segir Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra við visir.is. Til stóð að fulltrúi kjörstjórnar yrði með blindum kjósendum í klefanum en blindir sættu sig ekki við það.** - gar

# SKÖPUM ATVINNU LÍF

# 13.923*

## ERU ÁN ATVINNU – BREYTUM ÞVÍ!

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS HAFA LAGT FRAM ÍTARLEGA AÐGERÐAÁÆTLUN UM UPPBYGGINGU ATVINNULÍFSINS OG ÚTRÝMINGU ATVINNULEYSIS

VIÐ ÓSKUM EFTIR SAMSTARFI VIÐ ÁBYRGA AÐILA UM AÐ HEFJAST HANDA

## ÞAÐ ER EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

* Skv. vef Vinnumálastofnunar kl. 11.53 25. nóvember 2010.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs. Aðildarfyrirtæki SA eru um tvö þúsund talsins og eru í ýmiss konar rekstri. Innan SA er að finna jafnt einyrkja sem stærstu fyrirtæki landsins. Hjá félagsmönnum SA starfar um helmingur launamanna á almenna vinnumarkaðnum á Íslandi – meira en 50.000 manns. Innan SA eru átta aðildarfélög sem starfa á grundvelli atvinnugreina.

SI | SVÞ | SF SAMTÖK FISKVINNSLUSTÖÐVA | SAF | SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA | LÍÚ | sart SAMTÖK RAFVERKTAKA | SAMORKA

## GENGIÐ 25.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,57 | 115,11 |
| Sterlingspund | 180,39 | 181,27 |
| Evra | 152,47 | 153,33 |
| Dönsk króna | 20,447 | 20,567 |
| Norsk króna | 18,774 | 18,884 |
| Sænsk króna | 16,439 | 16,535 |
| Japanskt jen | 1,369 | 1,377 |
| SDR | 176,33 | 177,39 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,5432

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vladimír Pútín vill fríverslunarsamning við ESB og Medvedev gagnrýnir Pútín:

# Pútín lærir af kreppunni



VLADIMÍR PÚTÍN

**RÚSSLAND** Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, vill að Rússland og Evrópusambandið geri með sér fríverslunarsamning. Nauðsyn náins samstarfs er sá lærdómur, sem Pútín segist draga af heimskreppunni.

„Kreppan gerði það nauðsynlegt að endurmeta hlutina, taka áhættu og hugsa fram í tímann,“ skrifar Pútín í langri grein, sem birtist í gær í þýska dagblaðinu Süddeutsche Zeitung.

„Frá Lissabon til Vladivostok“ nefnist greinin, og þar segir hann ástæðu kreppunnar vera ójafnvægið í heiminum, þar sem einn heimshluti safnar lánum og kaupir neysluvörur í gríð og erg meðan aðrir framleiða ódýrar vörur og kaupa upp skuldir. Þetta fyrirkomulag hefur mistekist, segir Pútín.

Fleiri óvæntar fréttir hafa borist frá Rússlandi í vikunni, því Dmitri Medvedev, sem skipti við Pútín á embætti fyrir nokkrum árum og er nú forseti landsins, gagnrýndi á bloggsíðu sinni stjórnmálaflokk Pútíns, Sameinað Rússland, sem er stærsti og áhrifamesti flokkur landsins.

Stöðnun er farin að einkenna rússnesk stjórnmál vegna þess hve ráðandi flokkurinn er, segir Medvedev, og það er jafnslæmt fyrir ráðaflokkinn og fyrir stjórnarandstöðuna.

**- gb**

Fíkniefnamál í rannsókn:

# Fimm manns nú í farbanni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í farbann til jóla, að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Maðurinn, sem er erlendur ríkisborgari og sat í gæsluvarðhaldi í nokkrar vikur, er grunaður um aðild að framleiðslu fíkniefna, sölu og dreifingu. Fjórir aðrir karlar, einnig útlendingar, sátu um tíma í varðhaldi vegna rannsóknar sama máls og voru síðar úrskurðaðir í farbann til 8. desember. Þeir eru á þrítugs- og fertugsaldri.

**- jss**

Stúlka sem bar menn sökum:

# Sýknuð af röngum sakargiftum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað unga konu af ákæru um rangar sakargiftir.

Konan var ákærð fyrir að hafa reynt að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni, en hún neitaði sök í málinu. Mennirnir neituðu allir að hafa átt kynferðismök við konuna gegn vilja hennar, en hún bar því við að henni hafi verið þröngvað til kynferðismaka við mennina.

Konan var sautján ára þegar umræddur atburður átti sér stað. Mikið magn amfetamíns mældist í blóði hennar skömmu eftir atburðinn og var styrkurinn langt yfir eitrunarmörkum.

**- jss**

Kraftaverkadrengir á Kyrrahafi:

# Fundust eftir 50 daga á reki

**NÝJA-SJÁLAND, AP Þrír piltar frá Nýja-Sjálandi fundust á lífi eftir að hafa rekið um Kyrrahafið í fimmtíu daga. Tveir drengjanna eru fimmtán ára og sá þriðji fjórtán. Þeir hurfu snemma í október þegar þeir freistuðu þess að róa á litlum báti milli tveggja eyja. Piltarnir fundust ekki þrátt fyrir gífurlega leit og haldin var um þá minningarathöfn.**

**Á miðvikudag rak svo áhöfn túnfiskveiðibáts augun í drengina þar sem þeir veifuðu eins og óðir norðaustur af Fiji-eyjum og kom þeim til bjargar. Piltana hafði þá rekið 1.300 kílómetra. Þeir héldu í sér lífinu með kókoshnetum og regnvatni. Einnig átu þeir máv sem þeim tókst að fanga.**

**- gar**

# Fimm konur saka Gunnar í Krossinum um kynferðisbrot

**Forstöðumaður Krossins er borinn þungum sökum í bréfi til stjórnar trúfélagsins. Gunnar segir ásakanirnar uppspuna. Talskonur segja þetta aðeins vera toppinn á ísjakanum og búast við að fleiri stígi nú fram.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Fimm konur hafa stigið fram og sakað Gunnar Þorsteinsson, forstöðumann trúfélagsins Krossins, um að hafa brotið á þeim kynferðislega. Brotin eru samkvæmt lýsingum kvennanna fyrnd að lögum sökum þess hversu langt er liðið frá því að þau áttu sér stað.

Ásakanirnar koma fram í bréfi sem sent var öllum stjórnarmönnum í Krossinum í gær og birt á vefmiðlinum Pressunni í kjölfarið. Því fylgir vitnisburður fimm kvenna þar sem þær rekja á hvern hátt brotið hafi verið gegn þeim.

Tvær kvennanna eru systur fyrrverandi eiginkonu Gunnars, þær Sigríður og Sólveig Guðnadætur. Þá sakar Brynja Dröfn Ísfjörð Gunnar um að hafa brotið gegn henni, auk tveggja kvenna sem ekki eru nafngreindar í bréfinu.

Undir bréfið skrifa Ásta Knútsdóttir og Sesselja Engilráð Barðdal. Þær eru ekki í hópi þeirra kvenna sem saka Gunnar um að hafa brotið gegn þeim, en hafa tekið að sér að aðstoða konurnar.

Í bréfinu er tekið fram að meint brot séu öll fyrnd að lögum. „Það er hins vegar ljóst að afleiðingarnar sem konurnar, sem nokkrar voru unglingar undir lögaldri þegar á þeim var brotið, fyrnast ekki,“ segir í bréfinu.

„Reynsla þessi hefur valdið þeim ómældri sálarangist, kvöl og margvíslegum erfiðleikum. Má þar nefna skömm og sektarkennd, auk þess sem þær hafa upplifað blekkingu og svik, þöggun, vanmátt, niðurbrot og valdníðslu,“ segir þar enn fremur.

Ásta segir það stjórnar Krossins að ákveða til hvaða aðgerða verði gripið. Hún telur þó augljóst að Gunnar verði að víkja sem forstöðumaður Krossins í ljósi fjölda og alvarleika brotanna.

„Við erum að tala um kirkju, og fólk verður að vera öruggt í sinni kirkju, það er grundvallaratriði,“ segir Sesselja.

Þær Ásta og Sesselja segja tilgang kvennanna með því að stíga fram fyrst og fremst þann að koma í veg fyrir að fleiri stúlkur eða konur verði fyrir svipaðri reynslu af hendi Gunnars.

Ásta segir mál þessara fimm kvenna aðeins toppinn á ísjakanum, og er sannfærð um að fleiri konur muni stíga fram í kjölfarið. Í kjölfar umfjöllunar vefmiðilsins Pressunnar í gær hafi fleiri konur sett sig í samband við þær.

Hún segir Gunnar og hans nánustu fjölskyldu hafa reynt að þagga niður í konunum eftir að í ljós kom að þær ætluðu að stíga fram. Það hafi verið gert með ítrekuðum símtölum og heimsóknum.

Kynferðisbrotamál sem upp hafa komið innan þjóðkirkjunnar hafa hróflað mikið við konum sem brotið hefur verið á með sambærilegum hætti segir Sesselja.

„Sársaukinn hefur komið upp aftur þegar fjallað hefur verið um sambærileg mál, og þá var bara spurningin hvort þær ættu að liggja áfram í sinni skömm, eða hvort þær ættu að skila henni til baka.“

**brjann@frettabladid.is**

## Leitar leiða til að hreinsa mannorð sitt

„Ég er bugaður maður, þetta er mér afar þungbært, og það er mikil sorg í hjarta mínu,“ segir Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins. „Ég verð að leita allra úrræða til að hreinsa mannorð mitt, og það mun ég gera.“

Hann segir ekkert hæft í ásökunum kvennanna, hann hafi ekki brotið gegn þeim. Spurður hvort þær séu að segja ósatt segir hann: „Það er auðvitað eðlileg niðurstaða, að sjálfsögðu, þessar ásakanir eru tilhæfulausar.“

Hann hafnar því alfarið að hann hafi reynt að þagga málið niður, eins og fram kemur í bréfi kvennanna. Hann hafi þvert á móti viljað fá ásakanirnar upp á yfirborðið svo hann geti glímt við þær.

Gunnar segist ekki hafa tekið ákvörðun um hvort hann muni stíga til hliðar sem forstöðumaður Krossins í kjölfar ásakananna.

„Þetta mál hefur safnaðarpólitískan vinkil. Þetta er skipuleg aðför sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið,“ segir Gunnar. Hann segir að á bak við aðförina standi hópur manna sem komið hafi saman „undir einhverskonar formerkjum kristni“, en vill ekki segja hverjir séu í þeim hópi.

Spurður hvers vegna hópur manna ætti að standa að baki slíkum ásökunum segir hann markmiðið að nota ávirðingarnar til þess að berja á sér og „nota sem veiðistöng inn í okkar hóp“.



**ÁSAKAÐUR** Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, hafnar með öllu þeim ásökunum sem hann er borinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**FLOTT HELGI**
Veðurhorfur helgarinnar eru virkilega góðar um mest allt lands. Á morgun verða áfram stöku él norðan og austan til en á sunnudag verður veður yfirleitt stillt og bjart. Frost verður víðast á bilinu 2-10 stig um helgina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 2° |
| Berlín | 1° |
| Billund | -1° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | -2° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 3° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 10° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | -9° |
| París | 3° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# TAX FREE DAGAR

*Afnemum VSK af öllum barnafatnaði og barnaskóm!*

Dagana 25. - 28. nóvember afnemum við VSK af öllum BARNAFATNAÐI OG BARNASKÓM.

Þú færð allan Barna**fatnað**, Barna**náttföt**, Barna**undirföt**, Barna**sokka**, Barna**sokkabuxur** og Barna**skó** án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. nóvember 2010.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Finnur þú fyrir skertri þjónustu hjá þínu sveitarfélagi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 60% |
| NEI | 40% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að kjósa til stjórnlagaþings?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Þingmaður efast um stjórnsýslu sjávarútvegsráðherra við skipan í starfshóp:

# Hafnar gagnrýni á skipan sonar síns

**ALÞINGI** Jón Bjarnason, sjávar- og landbúnaðarráðherra var gagnrýndur á Alþingi í gær fyrir að skipa Bjarna son sinn í starfshóp um dragnótaveiðar í Skagafirði.

Efaðist Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, um hæfi Bjarna vegna fyrri aðkomu hans að málaflokknum sem sveitarstjórnarmaður og vildi að ráðherrann svaraði því hvort hann teldi skipan sonarins vera góða stjórnsýslu.



JÓN BJARNASON



ÁSBJÖRN ÓTTARSSON

Í yfirlýsingu sem Jón Bjarnason sendi frá sér í gær segir ráðherrann að það hafi ekki verið hann sem ákvað hverjir tóku sæti í starfshópnum heldur hafi viðkomandi verið tilnefndir af Hafrannsóknastofnun, sjávarlíftæknisetrinu BioPol og Veiðimálastofnun. Bjarni sem er fiskifræðingur var tilnefndur af Veiðimálastofnun.

„Þá er rétt að það komi fram að umræddur starfshópur er ekki launaður sérstaklega heldur er um að ræða fast starf viðkomandi fyrir ofantaldar stofnanir,“ segir í yfirlýsingu ráðherrans.

Til harðra orðaskipta kom um málið í gær sem náðu hámarki þegar Siv Friðleifsdóttir, varaforseti Alþingis, vék Jóni úr ræðustóli fyrir að virða ekki tímamörk. - gar

Ofbeldisdómur þyngdur:

# Réðst á mann og slasaði mikið

**DÓMSTÓLAR Hæstiréttur hefur dæmt rúmlega tvítugan mann í eins árs fangelsi fyrir að hafa ráðist á karlmann á veitingastaðnum Apótekinu við Austurstræti og sparkað oftar en einu sinni í höfuð hans. Níu mánuðir eru skilorðsbundnir.**

**Fórnarlambið hlaut mikla áverka, meðal annars brotnuðu bein og tennur. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt árásarmanninn í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundna. - jss**




Kjósum gegn kvóta

Valdimar H. Jóhannesson

**á stjórnlagaþing**

8276





# Jól og áramót á Spáni
## með Express ferðum

**Torrevieja**
*29. des.- 5. jan.*
Verð á mann, frá:
**89.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum og gisting á Marina Internacional.

**Torrevieja**
*16. des.- 5. jan.*
Verð á mann, frá:
**115.800 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum og gisting á Marina Internacional.

**Áramótagolf á Spáni**
*29. des.-5. jan.*
Fararstjóri: Björn Eysteinsson
Verð á mann, frá:
**159.700 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt fyrir golfsettið í flug, akstur, íslensk fararstjórn, ótakmarkað golf og gisting á Hotel Bonalba í 7 nætur með hálfu fæði.

Nánari upplýsingar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Fíton/SÍA


# Ótti um að harðari átök séu í uppsiglingu

**Norður-Kórea hótar fleiri árásum á Suður-Kóreu, en Suður-Kórea boðar hernaðaruppbyggingu á eyjunum og heræfingar í Gulahafi með Bandaríkjamönnum strax um næstu helgi. Varnarmálaráðherra Suður-Kóreu sagði af sér í gær.**

**SUÐUR-KÓREA, AP** Kim Tae-young, varnarmálaráðherra Suður-Kóreu, sagði af sér í gær, tveimur dögum eftir harkalega árás Norður-Kóreuhers á eyjuna Yeongpyeong sem kostaði fjóra menn lífið.

Lee Myung-pak forseti boðar aukna hernaðaruppbyggingu á eyjunni og sameiginlegar heræfingar með Bandaríkjunum um helgina, en Norður-Kóreumenn ítreka hótanir um fleiri árásir ef þeir telja sér ögrað.

Afsögn ráðherrans kom fáeinum klukkustundum eftir að þingmenn í Suður-Kóreu höfðu gagnrýnt stjórnvöld fyrir að hafa ekki verið nógu vel undir árásina búin, og herinn gagnrýndu þeir fyrir of hæg viðbrögð.

Átök milli landanna eru nokkuð algeng, en með árásinni á þriðjudag beindu Norður-Kóreumenn í fyrsta sinn vopnum sínum gegn almennum borgurum. Ótti hefur því vaknað um að harðari átök séu í uppsiglingu.

Stjórnvöld bæði Suður-Kóreu og Bandaríkjanna hafa skorað á Kínverja að beita áhrifum sínum til að halda aftur af Norður-Kóreu. Í gær ítrekuðu Kínverjar þau hvatningarorð sín til beggja Kóreuríkjanna, um að þau þurfi bæði að halda aftur af sér.

Íbúar eyjunnar vörðu deginum í gær til að kanna rústir þeirra húsa, sem eyðilögðust, og tóku með sér þær af eigum sínum sem enn reyndust í þokkalegu horfi.

„Þetta var sannkallað eldhaf,“ sagði Lee In-ku, 46 ára verslunareigandi á Yeongpyeong, um árásirnar á þriðjudag. „Mörg húsanna urðu eldi að bráð og margir íbúanna hlupu fram og til baka í algerri óvissu. Þetta var ringulreið.“



**EYÐILEGGING** Íbúar eyjunnar Yeongpyeong hafa reynt að bjarga því sem bjargað verður úr rústum húsa sinna. NORDICPHOTOS/AFP

Lee forseti segir að hermönnum á Yeongpyeong og fleiri eyjum við markalínuna í Gulahafi verði nú fjölgað, en ekki fækkað smám saman eins og ákvörðun var tekin um fyrir fjórum árum.

Hann vildi ekki fara nánar út í þau áform, en sagði að nú væru um fjögur þúsund hermenn á eyjunum.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur staðfest að bandarískt flugmóðurskip muni taka þátt í heræfingum á Gulahafi með her Suður-Kóreu, en þær heræfingar eiga að hefjast á sunnudaginn.

Norður-Kórea telur sig eiga tilkall til eyjanna og hafsvæðis á Gulahafi langt sunnan við markalínuna, sem Sameinuðu þjóðirnar tóku ákvörðun um árið 1953, segir til um. gudsteinn@frettabladid.is

Meirihluti menntaráðs hefur lagt fram umsögn um samstarf skóla og kirkju:

# Byggð á vilja skólasamfélagsins

**MENNTAMÁL** Meirihluti menntaráðs Reykjavíkur hefur lagt fram umsögn um tillögur mannréttindaráðs um breytingar á samstarfi leik- og grunnskóla í Reykjavík við trúar- og lífsskoðunarhópa.

Í umsögninni er sú breyting lögð til að þær stofnanir sem hafa starfandi áfallaráð tryggi að samráð verði haft við þá sem áfall snertir áður en kallað er til utanaðkomandi fagfólks, til dæmis presta, til stuðnings. Þó skulu helgistundir tengdar áfallahjálp fara fram utan skólatíma.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í menntaráði greiddu atkvæði gegn tillögunni á fundi á miðvikudag og fulltrúi Vinstri grænna sat hjá.

Í bókun Vinstri grænna segir meðal annars: „Viðbætur meirihlutans [um presta innan áfallaráða] eru aðfinnsluverðar og mikil afturför við nokkuð skýra tillögu mannréttindaráðs. [...] Sérfræðimenntun og kunnátta presta er fyrst og fremst á sviði guðlegra málefna og ætti því ekki að geta þeirra sérstaklega í lið [um presta innan áfallaráða]. Ekki þarf að hafa orð um það meir.“



**BÖRN Í GRAFARVOGSKIRKJU** Ekki ríkir eining í menntaráði um hvort taka eigi fyrir kirkjuheimsóknir barna á skólatíma. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í bókun Sjálfstæðisflokks segir meðal annars: „Tillögur að reglum mannréttindaráðs um samskipti skóla og trúfélaga eru í heild sinni hið furðulegasta mál og kemur öllum er fjallað hafa um á óvart. Í fyrsta lagi endurspeglar tillaga meirihluta mannréttindaráðs ekki umburðarlyndi eða jafnræði heldur einkennist hún af miðstýringu og boðvaldi [...].“

Stjórn SAMFOK, félags foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, hefur lýst yfir ánægju sinni með umsagnirnar, en leggur fram þá athugasemd að hún telji ekki að það stríði gegn mannréttindum eða flokkist undir trúboð að trúar- og lífsskoðunarfélög fái að kynna starfsemi sína á skólatíma.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, segir umsögnina byggja á athugasemdum og vilja skólasamfélagsins.

Tillagan liggur nú hjá Íþrótta- og tómstundaráði og velferðarráði. Umsögnum verður skilað til mannréttindaráðs í næstu viku sem síðan skilar af sér lokatillögum fyrir jól. - sv

Eitthvað fyrir alla

# Tónlist, þættir kvikmyndir

**Frábært úrval af íslenskri tónlist og myndefni!**






2.299,-

Verð: ~~2.899,-~~




1.759

Verð: ~~2199,-~~




2.379,-

Verð: ~~2.799,-~~




1.759,-

Verð: ~~2.199,-~~




2.299,-

Verð: ~~2.699,-~~




2.379,-

Verð: ~~2.799,-~~



2.159,-

Verð: ~~2.699,-~~




2.799,-

Verð: ~~3.499,-~~




2.199,-

Verð: ~~2.599,-~~




2.199,-

Verð: ~~2.499,-~~




10.999,-

Verð: ~~12.999,-~~




4.999,-

Verð: ~~5.999,-~~

*Verð gilda til og með 29. nóvember 2010*

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# FRÉTTASKÝRING: Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka og tengdum virkjanaframkvæmdum

## Áhrif á jarðhita og orkuforða

Skipulagsstofnun telur að að ekki sé mögulegt að leggja raunhæft mat á áhrif 150 MWe Kröfluvirkjunar og 200 MWe Þeistareykjavirkjunar á jarðhitann sem auðlind þar sem gert er ráð fyrir svo stórum virkjunum miðað við fyrirliggjandi þekkingu og þ.a.l. of mikilli áætlaðri raforkuframleiðslu. Stofnunin telur að það fái ekki staðist að áhrif á jarðhitaauðlindina verði óveruleg eins og fram kemur í matsskýrslum um Þeistareykjavirkjun allt að 200 MWe og Kröfluvirkjun II allt að 150 MWe. Skipulagsstofnun telur að veruleg óvissa sé um hver áhrif af fyrirhuguðum virkjunum verði á jarðhitaauðlindina og auknar líkur séu á að þegar um er að ræða virkjanir af þessari stærð, verði orkunýtingin ágeng í stað þess að vera sjálfbær líkt og framkvæmdaaðilar boða.

**Efnistökusvæði:** Alls **27** námur. Heildarstærð er um **230** hektarar.

■ Iðnaðarsvæði er samkvæmt tillögu að breyttu aðalskipulagi Húsavíkurbæjar um 188 hektarar.




### Þeistareykjavirkjun

**Borsvæði:** Gert er ráð fyrir samtals 15 borsvæðum. Áætlað rask um 40 hektarar.
**Lagnaleiðir:** Rask vegna lagna er um 16 kílómetrar langt og um 10 metra breitt belti eða um 16,6 ha.
Skiljustöðvar, lokahús, dæluhús: Flatarmál svæðis sem verður raskað er um 0,1 ha.
**Mannvirki á stöðvarhúsreit:** Byggingarreitur virkjunar er um 6,8 ha.
**Niðurrennslissvæði:** Um 7,4 ha niðurrennslissvæði.
**Vegir/slóðir á orkuvinnslusvæði:** Um 8,8 kílómetra langt og 4-6 metra breitt belti mun raskast vegna nýrra slóða á orkuvinnslusvæði, alls um 5 ha.
**Virkjunarvegur:** Um 31,5 kílómetra langt og 25 metra breitt belti mun raskast, alls um 79 ha.

### Kröfluvirkjun

**Borsvæði:** Þau eru mismunandi að umfangi og fer stærð þeirra eftir fjölda hola á hverju svæði. Áætlað rask vegna borteiga innan borsvæðanna 8 er um 12,9 ha.
**Lagnaleiðir og slóðir:** Rask vegna vega og slóða er um 1.225 metra langt og 8-18 metra breitt belti eða alls um 1,6 ha. Rask vegna lagna er um 17 kílómetra langt og um 10 metra breitt belti, eða um 17,5 ha.
**Mannvirki á stöðvarhúsreit:** Flatarmál stöðvarhúsreits er um 6,8 ha.

### Háspennulínur

- Gert er ráð fyrir 375 möstrum á línuleið. Um 100 fermetra plan þarf við hvert mastur og um 20 fermetra í undirstöður.
- Heildarlengd nýrra slóða er 95 kílómetrar sem eru að meðaltali 4,5 m breiðir. Rask alls um 50 ha.

## Vatn

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé fullt tillit til þeirra verndarákvæða sem taka til vatnsverndar á öllu framkvæmdasvæðinu.

## Loft

Skipulagsstofnun telur ljóst að álver á Bakka og virkjanir við Kröflu og Þeistareyki muni auka losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi verulega þar sem hlutdeild framkvæmdanna í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi nemi um 14% af heildarlosun CO2-ígilda á ári.

**Umhverfisáhrif:** Nokkuð neikvæð.

## Sjónræn áhrif

Framkvæmdirnar hafa í för með sér að breyting verður á ásýnd á stóru svæði. Skipulagsstofnun lítur svo á að þrátt fyrir að flest mannvirkjanna megi fjarlægja og að þau séu því afturkræf, þá verði að líta svo á að ekki sé raunhæft að leggja mat á áhrifin út frá því sjónarmiði.

Framkvæmdirnar munu leiða til skerðingar ósnortinna víðerna á um 17.000 hektara svæði.

Ósnortin víðerni eru skilgreind í lögum um náttúruvernd og þrátt fyrir að þau njóti ekki lögbundinnar verndar, er um að ræða svæði í umhverfinu sem hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Ósnortnum víðernum á Íslandi utan jökla fer fækkandi og á þau er gengið, sem gerir það að verkum að verðmæti þeirra fer vaxandi.

**Umhverfisáhrif:** Verulega neikvæð.

## Jarðmyndanir

Umfang röskunar sem verður á eldhraunum er um 130 ha. Um er að ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum auk þess sem í stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi kemur fram að það sé forgangsmál að vernda jarðmyndanir sem eru sjaldgæfar eða óvenjulegar á heimsmælikvarða, svo og landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, þ.m.t. hraun og hverasvæði. Auk þess er hér um að ræða áhrif á umhverfisþátt sem eru óafturkræf. Þá er óvissa um áhrif virkjananna á virkni hverasvæða.

**Umhverfisáhrif:** Verulega neikvæð.

## Útivist og ferðaþjónusta



Framkvæmdirnar koma til með að skerða víðerni, breyta ásýnd og valda neikvæðum áhrifum á landslag. Þetta gerir það að verkum að lítt eða ósnortin svæði sem eru eftirsóttir áfangastaðir fyrir ferðamenn munu skerðast og sömuleiðis möguleikar þeirra til útivistar á svæðinu. Þrátt fyrir bætt aðgengi um svæðið fyrir akandi umferð munu framkvæmdirnar draga úr fjölbreytileika svæðisins í heild og þar með möguleikum til útivistar og ferðaþjónustu.

**Umhverfisáhrif:** Verulega neikvæð.

## Menningarminjar

Hátt í 100 fornminjar eru í mikilli hættu vegna framkvæmdanna og mun stór hluti þeirra raskast varanlega og óafturkræft. Flestar fornminjarnar raskast vegna framkvæmda við álver á Bakka og þarf að ráðast í fornleifauppgröft á bæjarstæðinu, á hugsanlegurm kirkjugarði og á nokkrum dysjum áður en þar verður ráðist í framkvæmdir. Athygli er vakin á því að fornleifauppgröftur kann að vera tímafrekur og því þarf að hefjast handa tímanlega við þær rannsóknir sem Fornleifavernd ríksins gerir kröfur um.

**Umhverfisáhrif:** Verulega neikvæð.



## Gróður og dýr

Umfang þess gróðurlendis sem raskast að samanlögðu vegna framkvæmdanna verður um 370 hektarar í heild. Votlendi raskast um 38 hektara á álverslóðinni. Sérstök ástæða til að gæta ýtrustu varfærni við allt rask á gróðri og jarðvegi og vanda allan frágang eftir framkvæmdir eins og kostur er.

Umhverfisáhrif: Talsvert neikvæð/verulega neikvæð á votlendi.

Á framkvæmdasvæðinu eru búsvæði nokkurra fugla á válista, þar á meðal hrafns og fálka. Áhrifin verða víðtækust á framkvæmdatíma vegna truflunar, en ljóst að varanleg óafturkræf röskun mun hafa neikvæð áhrif á búsvæði margra mófuglategunda. Áhrif fyrirhugaðra háspennulína koma helst til með að verða neikvæð vegna áflugs.

**Umhverfisáhrif:** Talsvert neikvæð.

# Heimamenn ákveða næstu skref

**Niðurstaða sameiginlegs umhverfismats Skipulagsstofnunar er að heildaráhrif virkjanaframkvæmda við Kröflu og Þeistareykjum, byggingar álvers á Bakka og nýrra háspennulína muni hafa veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða spjöll á umhverfinu sem er ekki hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum. Heimamenn vilja hefja framkvæmdir.**

Eftir rúmlega tveggja ára vinnu liggur umhverfismat vegna álvers- og virkjanaframkvæmda á Norð-Austurlandi fyrir.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir að nú megi sjá gildi þess að allar framkvæmdirnar séu metnar sameiginlega. Markmiðið sé að tryggja framkvæmdaaðilum og leyfisveitendum grundvöll til að byggja á. „Ég tek undir það sjónarmið að nú megi menn ekki fara ofan í hefðbundnar skotgrafir með þetta mál, heldur virkilega nýta þetta til að taka skynsamlegar ákvarðanir til lengri framtíðar.“

Svandís vill ekkert tjá sig um það sjónarmið að skýrslan dragi upp svo dökka mynd að tilefni sé til að hætta við framkvæmdir. „Ég hef hins vegar alltaf verið þeirrar skoðunar að stórar verksmiðjur séu ekki lausnin í þeirri stöðu sem upp er komin. Við eigum ekki að setja fleiri egg í álkörfuna. Sú skoðun mín er óbreytt en þarna er líka verið að velta upp ýmsum spurningum um jarðvarmaauðlindina. Það er nýtt sjónarhorn og maður veltir fyrir sér þessu samspili orkufreks iðnaðar og þessari leið til að framleiða orku.“

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fagnar því að matið liggur fyrir. „Það hefur auðvitað margt breyst síðan matið fór af stað. Stjórnvöld hafa aldrei tekið það í mál að þarna verði byggt 340 þúsund tonna álver eins og forsendur matsins gera ráð fyrir. Landsvirkjun hefur heldur ekki treyst sér til að segja að á svæðinu sé nægileg orka fyrir svo stóru álveri.“

Katrín segir að stíga verði varlega til jarðar varðandi orkuöflun og atvinnuuppbygging verði að taka mið af því. „Út frá því hefur öll vinna síðasta ár gengið.“ Hún vill hins vegar ekki meina að forsendur umhverfismatsins hafi brostið á matstímanum. „Við tökum umhverfismatið alvarlega en miðað við þróun þessa máls síðastliðið ár þá er ekkert í því sem er áfall. Umhverfismatið setur þá vinnu alls ekki út af sporinu.“

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, fagnar því að langri bið eftir umhverfismatinu er lokið. „Við erum ákaflega sátt við að matið liggur loks fyrir. Þetta er allt þekkt og matið er í samræmi við þær væntingar sem við höfðum.“

Bergur er ósammála því að umhverfismatið sé „svört skýrsla“. Þeir sem séu þeirrar skoðunar verði einfaldlega að lesa umhverfismatið í annað sinn. „Öllum framkvæmdum fylgja umhverfisáhrif. Ég hafna því að þetta sé svört skýrsla og nú er tími til að hefjast handa og skapa störf.“

Hörður Arnarsson, forstjóri Landsvirkjunar, segir umhverfismatið ekki stangast á við stefnu fyrirtækisins um sjálfbærni, en í matinu kemur skýrt fram að 340 þúsund tonna álver sé of orkufrekt og framkvæmdirnar ekki sjálfbærar. „Þetta mat er í fullu samræmi við stefnu okkar um sjálfbæra nýtingu.“

Umhverfisráðherra hefur ekki nein úrslitaáhrif á þetta mál héðan í frá; hvorki á álit Skipulagsstofnunar né leyfisveitingar og framkvæmdir, ákveði menn að gefa út slík leyfi.

Þetta skýrist meðal annars af því að álit Skipulagsstofnunar er ekki kæranlegt til umhverfisráðherra. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir: „Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir er kæranleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.“ Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er sjálfstætt stjórnvald.

Samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er það Orkustofnun sem veitir leyfi til rannsóknar eða nýtingar á auðlindum. Áður en slík leyfi eru veitt skal Orkustofnun leita umsagnar umhverfisráðuneytisins en sú umsögn er ekki bindandi.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





markhonnun.is

# netto

*gleðjumst saman um jólin*



## KALKÚNN
TIL ÞAKKARGJÖRÐA

27% afsláttur

**1.098 kr/kg**
áður 1.498 kr/kg

# *Bráðum koma blessuð jólin*

### HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

30% afsláttur



**2.099 kr/kg**
áður 2.998 kr/kg

KJÖTSEL

### HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

30% afsláttur



**1.399 kr/kg**
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

### HAMBORGARHRYGGUR

31% afsláttur



**898 kr/kg**
áður 1.298 kr/kg

KJÖTSEL

### INNBAKAÐUR LAX
750 G

25% afsláttur



**1.349 kr/pk.**
áður 1.798 kr/pk.

### GRÍSAKÓTELETTUR
GRÍSASNITSEL
FERSKT




40% afsláttur

**1.229 kr/kg**
áður 2.049 kr/kg

### GRÍSAGÚLLAS
FERSKT




32% afsláttur

**1.399 kr/kg**
áður 2.049 kr/kg

### SVÍNAHRYGGUR
M/PURU



ÓDÝRT

**1.298 kr/kg**
áður 999 kr/kg

### SAFARÍK MANGÓ
Í LAUSU

50% afsláttur



**249 kr/kg**
áður 498 kr/kg

### LÝSISPERLUR ÓMEGA 3 + D
500 MG




NÝ VARA

### ARIEL SENSITIVE
800 G




**499 kr/pk.**
LÆKKAÐ VERÐ!

### SÚKKULAÐIDAGATÖL
ÝMSAR TEG.




**199 kr/stk.**
FRÁBÆRT VERÐ!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 25. - 28. nóvember**
eða meðan birgðir endast

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Á hvaða ávexti rann viðskiptavinur Hagkaups fyrir fimm árum og meiddist á hné?*

**2** *Hvaða íslensk söngkona gengur aldrei í buxum?*

**3** *Hvað heitir forsætisráðherra Írlands?*

**SVÖR**

**1.** *Döllu* **2.** *Regína Ósk.* **3.** *Brian Cowen.*

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hafnar því að hafa beitt Heiðar valdníðslu:

# Neitar að tjá sig um Sjóvá

**VIÐSKIPTI** Már Guðmundsson seðlabankastjóri hafnar því að hann hafi beitt valdníðslu og brotið reglur í söluferli Sjóvár. Heiðar Már Guðjónsson, sem fór fyrir hópi fjárfesta sem átti hæsta boð í Sjóvá, dró það óvænt til baka í síðustu viku. Hópurinn hafði lengi beðið undirskriftar Más sem innsigla átti kaupin.

Fjárfestahópur Heiðars ætlaði að kaupa um 82 prósenta hlut í Sjóvá og bjóða síðan í tæpan átján prósenta hlut skilanefndar Glitnis fyrir ellefu milljarða króna. Heiðar ætlaði að kaupa sjálfur þrjátíu prósenta hlut í eigin nafni. Hann ætlar að kvarta til umboðsmanns Alþingis vegna framferðis Seðlabankans.

Í Viðskiptablaðinu í gær kom fram að Már grunaði Heiðar um viðskipti með aflandskrónur. Þau viðskipti væru til rannsóknar hjá gjaldeyriseftirliti bankans og Már hefði sagt þeim hugsanlega verða vísað til lögreglu. Upp úr því hefði viðræðum um kaupin á Sjóvá verið slitið.

Már vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið á blaðamannafundi Seðlabankans í gær og vísaði til þagnarskyldu um einstök málefni tengd viðskiptavinum bankans.

Seðlabankinn vildi engin svör veita þegar Fréttablaðið leitaði eftir þeim í gær og vísaði til tilkynningar sem hann sendi frá sér í kjölfar þess að viðræðum um sölu á stórum hlut í Sjóvá var slitið í vikubyrjun. **- jab**



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri segist engar reglur hafa brotið í söluferli Sjóvár.

Bruni við Tungufljót:

# Bústaður brann til kaldra kola

**LÖGREGLA Sumarbústaður brann til kaldra kola í sumarbústaðalandi ofan við Reykholt við Tungufljót snemma í gærmorgun.**

**Slökkviliðið í Árborg fékk tilkynningu um brunann snemma í morgun og kom á vettvang klukkan hálf átta. Þá var bústaðurinn gjöreyðilagður og litlu hægt að bjarga.**

**Lögreglan á Selfossi segir eldsupptök ókunnug. Ekkert rafmagn var í bústaðinum. Málið er í rannsókn.**


**Jafnrétti kynjanna, aldrei meira en 40:60 munur á Alþingi eða öðrum stjórnum**



Stjórnlagaþings frambjóðandi
**Björn Einarsson**
læknir og heimspekinemi
**Nr. 6340**
Heimasíða með myndskeiði
www.bjorneinarsson.is


Hagfræðingar tókust á um ólík sjónarmið varðandi afnám gjaldeyrishafta á fundi Íslenskra verðbréfa í gær:

# Krónunni verður ekki kastað fyrir 2015

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska krónan fylgir þjóðinni næstu árin, burtséð frá því hvort landið gengur í Evrópusambandið eða ekki. Um þetta voru framsögumenn sammála í gær á morgunfundi Íslenskra verðbréfa í Reykjavík.

Á fundinum, sem bar yfirskriftina „Endurreisn Íslands“, tóku til máls Jón Daníelsson, dósent við London School of Economics, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, og Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi.



**FRANEK ROZWADOWSKI**

Jón benti á að jafnvel þótt samþykkt yrði aðild Íslands að Evrópusambandinu og Íslendingar vildu taka upp evru þá tæki við margra ára langt ferli aðlögunar. Í sama streng tók Franek Roswadowski sem taldi að krónan yrði hér í notkun í tíu ár hið minnsta. „Ef þið gangið í Evrópusambandið getið þið strax ákveðið að taka upp evru, en um leið er ekki hægt að taka hana upp strax,“ sagði hann og vísaði til þess að uppfylla þyrfti skilyrði Maastricht-sáttmálans til þess að fá að nota evru.

Í pallborðsumræðum að loknum framsögum lýstu bæði Jón og Hörður þeirri skoðun að mistök hefðu verið að setja hér gjaldeyrishöft. „Ég myndi vilja afnema þau jafnskjótt og auðið er,“ sagði Jón Daníelsson. „Og með því á ég við fyrir lok þessa árs.“

Jón sagði að best væri að aflétta höftunum í einni aðgerð, en ekki í nokkrum skrefum líkt og boðað hefur verið af hálfu Seðlabanka Íslands. „Því lengur sem beðið er með afnám hafta, þeim mun erfiðara verður að losna við þau,“ sagði Jón og taldi afar hættulegt ef hagkerfið næði að laga sig að viðvarandi gjaldeyrishöftum.

Franek Rozwadowski sagðist aftur á móti ósammála því að ekki væri hægt að afnema höftin í skrefum, en taldi ekki við hæfi að ræða nánar um þá framkvæmd þar sem í Seðlabankanum væri unnið að endurskoðun áætlunar um afnám haftanna. Um leið kvaðst hann talsmaður þess að höftin yrðu afnumin jafn skjótt og auðið væri, þótt hann teldi snöggt afnám óráðlegt. „Í þessu þarf að vanda til verka,“ sagði hann og kvað stórskaðlegt myndu verða fyrir trúverðugleika landsins ef setja þyrfti á höft á ný eftir afnám að hluta eða í heild. **- óká**



**PALLBORÐIÐ** Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, og Jón Daníelsson, dósent hjá LSE. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Kjötkompaní**

*Villibráðarhelgi*




**FORRÉTTIR / SMÁRÉTTIR**

Hreindýrapaté · Gæsapaté · Sveitapaté
Heitreykt andabringa · Heitreykt gæsabringa
Grafin gæsabringa · Grafið nautafile · Grafið lamb

**VILLIBRÁÐ**

Gæsabringur í ferskum villijurtum
Krónhjörtur · Dádýr · Antilópa
Hreindýr · **Athugið: takmarkað framboð**
Svartfugl
Villibráðarbollur steiktar í gráðostasósu

**MEÐLÆTI**

Villibráðarsósa · Rauðlaukssulta
Piparrótarsósa · Jarðarberjasósa
Bláberjavinaigrette · Koníaks rúsínusósa
Waldorf salat að hætti Páls Waldorfs
Rauðvínslegnar perur

**[ ÚRVAL AF EFTIRRÉTTUM ]**

**OPIÐ FÖS 10-19 LAU 10-16**

**VÍNRÁÐGJÖF**
Fagmenn aðstoða viðskiptavini við val á réttum vínum með hátíðarmatnum

Casillero del Diablo
JACOB'S CREEK

**DALSHRAUNI 13 · GRENSÁSVEGI 48**
**SÍMI 578 9700 · WWW.KJOTKOMPANI.IS**

www.godverk.is

# DOMTI®

## Smáratorgi

Með hugsjón snúum við bökum saman.

**Opið: 11-18 virka daga & 10-17 laugard. 13-17 Sunnud.**

# ALLT FYRIR HEIMILIÐ

## 20.000.- vörunúmer

# bara miklu ódýrara

...þín innkaup á einstöku verði

-Pamfill-

Sími: 510 4000 ...sendum í póstkröfu, www.domti.is

FRÉTTASKÝRING: Bætur til meðferðarheimilisins Árbótar

# Höfnuðu því að matsnefnd ákvæði bætur

**Árbótarhjón höfnuðu í desember í fyrra tillögu Barnaverndarstofu um að deilu þeirra yrði vísað til bindandi matsnefndar ef allt um þryti. Lögmaður þeirra segir að uppsögn þjónustusamningsins hafi verið ólögmæt, enda stjórni Barnaverndarstofa sjálf eftirspurninni að meðferðarheimilum.**

Barnaverndarstofa lagði til um miðjan desember í fyrra að gengið yrði til samninga um uppgjör við hjónin sem ráku meðferðarheimilið Árbót þar sem tekið yrði tillit til fjárhagslegra skuldbindinga þeirra vegna uppbyggingar heimilisins. Þetta kemur fram í drögum að samningi um lokun heimilisins sem Fréttablaðið hefur fengið í hendur frá lögmanni Árbótarhjóna, Björgvin Þorsteinssyni.

Barnaverndarstofa lagði jafnframt til í samningsdrögunum að ef samkomulag næðist ekki fyrir 1. júlí yrði skipuð þriggja manna matsnefnd sem hefði það hlutverk að ákveða endanlegt uppgjör vegna lokunarinnar og skyldi niðurstaða hennar vera bindandi. Nefndin átti að vera skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, félagsmálaráðuneytisins og Árbótar.

„Þessum samningsdrögum var að sjálfsögðu hafnað enda fráleitt að ríkið hefði tvo menn í matsnefndinni en Árbót einn,“ segir lögmaðurinn Björgvin Þorsteinsson í greinargerð sem hann hefur sent Fréttablaðinu um málið. Greinargerðin er birt í heild sinni á Vísi í dag.

> Hefur þess einhvern tímann verið krafist að kirkju sé lokað vegna meints kynferðisbrots prests? Ekki svo vitað sé til.



BJÖRGVIN ÞORSTEINSSON

### Uppsögnin ólögmæt

Björgvin segir að eftir að samningsdrögunum var hafnað hafi Árbótarhjónin mótmælt uppsögninni og sett fram tillögu að sátt sem kvað á um Barnaverndarstofa greiddi þeim sex mánaða uppsagnarfrestinn auk rekstrarframlags til þrettán mánaða, eða helming þess tíma sem þá stæði eftir af samningnum. Sex mánaða uppsagnarfresturinn nam um 44 milljónum og þrettán mánuðir til viðbótar hefðu verið um 95 milljónir.

„Grundvöllur kröfunnar var að uppsögn samnings aðila væri ólögmæt,“ segir Björgvin. „Á því var byggt, m.a. af hálfu Barnaverndarstofu að eftirspurn eftir vistmeðferð í Árbót hefði minnkað. Hið rétta er að Barnaverndarstofa sjálf ræður því á endanum hvar unglingar eru vistaðir og getur því alfarið stjórnað eftirspurninni.“ Hann segir þá skýringu að þörfin hafi minnkað koma illa heim og saman við þá yfirlýsingu Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, að byggja þyrfti nýtt heimili undir slíka starfsemi á Suðurlandi.

Þá gagnrýnir hann tal um að kynferðisbrotið sem upp kom geti réttlætt uppsögnina. „Meint kynferðisbrot starfsmanna heimilisins gat heldur ekki verið ástæða uppsagnar samningsins og lokunar vistheimilisins. Í slíkum tilvikum er viðkomandi starfsmanni sagt upp störfum en starfseminni ekki hætt. Hefur þess einhvern tímann verið krafist að kirkju sé lokað vegna meints kynferðisafbrots prests? Ekki svo vitað sé til.“



**ÁRBÓT Í AÐALDAL** Hjónin í Árbót fengu 30 milljóna greiðslu. Tólf hafa verið greiddar en átján eru á fjáraukalögum næsta árs. Bragi Guðbrandsson var andvígur samkomulaginu en félagsmálaráðherra lét hann skrifa undir það.

### Þrjátíu milljónir of lítið

Til stuðnings bótakröfunni vísar Björgvin til skuldastöðu Árbótarhjóna, sem lagt hafi út í mikinn kostnað við byggingarframkvæmdir á heimilinu að kröfu Barnaverndarstofu. Björgvin segir að skuldir í bókhaldi þeirra vegna þeirra framkvæmda hafi um síðustu áramót numið rúmum 48 milljónum króna. Barnaverndarstofa hefur hins vegar mótmælt þeirri fullyrðingu og sagt að ekki hafi verið sýnt fram á skuldastöðuna með fullnægjandi hætti. Nánar er fjallað um þá hlið málsins hér til hliðar.

Vegna alls þess sem að framan greinir taldi Björgvin Árbótarhjónin eiga rétt á að ríkið greiddi þeim vegna þess tjóns sem þau urðu fyrir við samningsrofin. Niðurstaðan hafi verið að þau fengju 30 milljónir. „Er það mín skoðun að sú fjárhæð hafi verið of lág en þau […] vildu ganga að þessu tilboði í stað þess að sækja rétt sinn fyrir dómstólum,“ segir Björgvin.

Segir Björgvin að allir sem um málið hafi fjallað hafi gert það af „yfirgripsmiklu þekkingarleysi á atvikum öllum“ án þess að leita sjónarmiða Árbótarhjóna og vill hann með greinargerð sinni koma þeim á framfæri.

**Trausti Hafliðason**
trausti@frettabladid.is



**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is



## Bragi varaði við fordæmisgildinu



BRAGI GUÐBRANDSSON

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að lögmaður Götusmiðjunnar teldi að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar hefði verið brotin þegar ráðherrar blönduðu sér í samningaviðræður um uppgjör við Árbótarhjónin, enda hefði Götusmiðjan fengið allt aðra meðferð í kerfinu þegar samningnum við hana var sagt upp. Sagðist hann ætla að kvarta yfir málinu til umboðsmanns Alþingis.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, lét í ljós áhyggjur af fordæmisgildi samninganna við Árbótarhjónin á fundi í félagsmálaráðuneytinu 8. apríl síðastliðinn.

Í minnisblaði Einars Njálssonar, skrifstofustjóra í ráðuneytinu, um fundinn segir: „Bragi mótmælti því að nokkurt tilefni eða rök væru fyrir því að greiða rekstraraðilum nokkuð umfram það sem þau samkvæmt samningi ættu rétt á, þ.e. greiðslur í 6 mánuði eftir uppsögn samnings. Varaði hann við því að í þessu gæti falist fordæmi sem gerði það að verkum að einkarekstur á meðferðarheimilum yrði alveg út úr myndinni í framtíðinni, þar sem það yrði alltaf dýrara en ríkisreksturinn, ef rekstraraðilar ættu alltaf rétt á að fá greiddar óskilgreindar háar fjárhæðir fram yfir samningsbundnar greiðslur við starfslok.“

## Rætt um Árbót í félagsmálanefnd

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis ætlar að funda um Árbótarmálið á mánudaginn. **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,** formaður nefndarinnar, kvaðst í samtali við Vísi í gær ekki vilja tjá sig um það þangað til. Það voru Unnur Brá Konráðsdóttir og Pétur H. Blöndal, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, sem fóru fram á fundinn til að fá upplýsingar um stjórnsýslu félagsmálaráðuneytis og Barnaverndarstofu vegna meðferðarheimila, einkum Árbótar og Götusmiðjunnar.



## Deilt um milljónaskuldir systurfélags meðferðarheimilisins

Í greinargerð sinni segir Björgvin að Árbótarhjónin hafi á árunum 2002 til 2004 lagt út í 43 milljóna kostnað við stækkun og breytingar á húsnæði að kröfu Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa hafi farið fram á viðbótarframlag á fjárlögum næstu tíu ára til að mæta þeim kostnaði og fengið þau. „Mér reiknast svo til að vegna þessara framkvæmda hafi þau fengið greiddar frá ríkinu alls kr. 23.150.000, þar af kr. 17.900.000 miðað við verðlag í desember 2004 og kr. 5.250.000 miðað við verðlag í mars 2008,“ segir Björgvin. Um síðustu áramót hafi eftirstandandi skuldir hjónanna vegna framkvæmdanna numið rúmum 48 milljónum, samkvæmt bókhaldi félagsins.

Þessu hefur Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, mótmælt. Í viðbrögðum hans við bréfi Steingríms J. Sigfússonar segir: „Samkvæmt ársreikningum meðferðarheimilisins sem skilað er reglulega til Barnaverndarstofu nema langtímaskuldir um 2,6 mkr. Fjárfestingar rekstraraðila vegna heimilisins (og hugsanlega annarrar starfsemi) eru hins vegar á vegum sérstaks einkahlutafélags, Bragabótar, en Barnaverndarstofu hefur ekki verið látin í té gögn um fjárhagsstöðu þess þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því í tengslum við hugsanlegt uppgjör.

Á hinn bóginn kemur fram í ársreikningum meðferðarheimilisins sem skilað hefur verið til Barnaverndarstofu að meðferðarheimilið Árbót hefur greitt verulegar fjárhæðir til Bragabótar ehf. undanfarin ár. Þannig nema t.d. greiðslur til Bragabótar fyrir aðeins þrjú ár 2006 til 2008 alls um 54 mkr. vegna afnota af eignum þess. Í ljósi þessara upplýsinga telur Barnaverndarstofa afar ólíklegt að skuldastaða vegna meðferðarstarfsins sé með þeim hætti sem fjármálaráðherra hefur fengið upplýsingar um.“

**Viltu færa bankaviðskiptin þín**

Ég aðstoða fólk og minni fyrirtæki við að opna reikninga og stunda bankaviðskipti við banka í Englandi. Ef þú vilt færa bankaviðskiptin þín og þitt úr landi hafðu þá samband við mig.

Ekki er um lánaviðskipti að ræða

bankavidskipti@gmail.com

5823

Lúðvík Emil Kaaber

Látum stjórnmálamenn stjórna, ekki sérhagsmunahópa!

Skópum heiðarlegum stjórnmálamönnum skilyrði til þess!




www.ludvik.is



www.ellingsen.is
Ullin hefur yljað Íslendingum í gegnum aldirnar og verið órjúfanlegur hluti af daglegu lífi til sjós og lands. Ullin er umhverfisvæn náttúruafurð og reynist vel við erfiðar aðstæður.
20% AFSLÁTTUR Lokadagur, laugard. 27. nóv.
VARMA
DAGAR
Í ELLINGSEN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
VARMA
The Warmth of Iceland
Ullarsokkar. Þykkir og góðir sokkar sem halda hita á smáum fótum.
Verð 840 kr. Verð áður 1.050
Angórusokkar. Hlýir, þjálir og endingargóðir.
Verð 1.640 kr. Verð áður 2.050
Fingravettlingar með áttablaða rós. Íslensk framleiðsla úr ull.
Verð 1.800 kr. Verð áður 2.250
Munstraðir belgvettlingar. Íslensk framleiðsla.
Verð 1.800 kr. Verð áður 2.250
Angóruullarhúfa. Hlý og mjúk. Íslensk framleiðsla.
Verð 1.592 kr. Verð áður 1.990
Eyrnaband með áttblaða rósarmynstri. Íslensk framleiðsla.
Verð 1.512 kr. Verð áður 1.890
Peysur, húfur og treflar í miklu úrvali.
Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16
Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
PIPAR\TBWA • SÍA

# FERSKT FYRIR ÞIG ALLA DAGA!

Jólaklementínurnar eru komnar!

Ný uppskera!



## JÓLA KLEMENTÍNUR

Innihalda:
- Mikið af C-vítamínum
- Önnur vítamín svo sem þíamín (b1), ríbóflavín (b2) og fólasín
- Steinefnin kalk, fosfór magnesíum og kalíum
- Járn sem er snefilsteinefni
- Einungis 45 hitaeiningar í 100gr af klementínum
- Eru tilvaldar á milli mála

## RAUÐ JÓLAEPLI

Innihalda:
- Trefjar
- Mikið magn af C-vítamíni
- Steinefnin kalíum, fosfór og kalk
- Einnig E-vítamín





Ný uppskera frá USA!

## ANANAS

Inniheldur:
- C vítamín og fólasín
- Steinefnin kalk, fosfór og magnesíum
- Snefisteinefnin járn og kopar
- 49 kcal í 100gr



ávöxtur mánaðarins



## ROBIN APPELSÍNUR

- Eru stútfullar af C-vítamínum
- Inniheldur einnig fólasín og E-vítamín
- Í appelsínum er einnig að finna steinefnin kalk, fosfór og magnesíum

## FERSKIR ÁVEXTIR

einfalt, þægilegt og hollt!



GUL MELÓNA

KANTALÓPA MANGÓ GUL MELÓNA

ANANAS

KANTALÓPA

349 kr/pk.

## FERSKT OG ÓMÓTSTÆÐILGT SUSHI



domo

Fáanlegt alla föstudaga frá kl. 11 í Kringlunni, Smáralind, Skeifunni og Garðabæ.



ÚRVAL AF SÚKKULAÐI DAGATÖLUM



HAMLET JÓLASTAFIR
299 kr/pk



GATORADE
99 kr/pk



NÝTT HAMLET KONFEKT



LAUFABRAUÐ ÓSTEIKT
1.199 kr/pk



QUALITY STREET 2 KG
2.799 kr/stk

Gildir til 28. nóvember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær




# KASHMÍR LAMBALÆRI

*fyrir 6 að hætti Rikku*

1 stk lambalæri ca. 21/2 kg
2 msk ferskur sítrónusafi
1 msk ferskt rifið engifer
4 stk hvítlauksrif, pressuð
1 tsk salt
1 tsk cuminkrydd
1 tsk turmeric
½ tsk kanill
½ tsk chili-flögur
¼ tsk negull
250 ml létt AB-mjólk
2 msk möndluflögur
1 msk pistasíuhnetur

Setjið sítrónusafa, engifer, hvítlauk, salt, cumin, turmeric, kanil, chili-flögur og negul saman í skál og hrærið. Skerið um 20 sentimetra langar raufar vítt og breitt í lærið. Nuddið kryddblöndunni á kjötið. Blandið AB-mjólk, möndlum og pistasíuhnetum saman í matvinnsluvél og grófblandið saman með púls-takkanum. Hellið yfir lambið, leggið plastfilmu yfir kjötið og geymið í kæli yfir nótt. Hitið ofninn í 230°C. Leggið álpappír létt yfir lærið og bakið í 30 mínútur. Lækkið hitann í 180°C og eldið áfram í 80 mínútur eða þar til kjarnhiti nær 62–63°. Takið álpappírinn af þegar um 20 mínútur eru eftir af eldunartímanum.

| | |
|---|---|
| Kcal: | 488 / 24% |
| Prótein: | 44,4 g / 89% |
| Fita: | 31 g / 48% |
| Kolvetni: | 5 g / 2% |
| Trefjar: | 1 g / 3% |
| Sínk: | 8,3 mg / 56% |
| Níasín: | 9,3 mg / 46% |

*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 Kcal orkuþörf.




**Grísahnakkasneiðar**




**Grísakótilettur**




**Kalkúnabringur**
ferskar




**Lambafile**
grand orange

*Tilvalinn á ostana og með villibráðinni!*




## SULTAÐUR RAUÐLAUKUR

Sultaður rauðlaukur hentar einstaklega vel með ostum, brauði, kexi, paté, villibráð og öllu öðru kjötmeti.






















HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FRÉTTAVIÐTAL:** Þórunn Sveinbjarnardóttir þingflokksformaður Samfylkingarinnar

# Höfum tækifæri til að endurskoða allt

**Þórunn Sveinbjarnardóttir vill breytingar innan þings sem utan. Björn Þór Sigbjörnsson settist niður með henni og spurði hana út í nokkur mál.**



**REYND** Þórunn hefur setið á þingi frá 1999. Hún var umhverfisráðherra 2007 til 2009. Áður en hún var kjörin á þing vann hún meðal annars fyrir Rauða krossinn á Íslandi, í Tansaníu og Aserbaídsjan og var blaðamaður á Morgunblaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég skal viðurkenna sem formaður þingflokks Samfylkingarinnar að það er ekki létt verk að vera í samstarfi þegar maður veit ekki alltaf að morgni dags hvort meirihlutastuðningur er við þau verkefni sem eru á borðinu.

*Byrjum á orðum þínum í þinginu í vikunni í tilefni af Árbótarmálinu sem verið hefur til umfjöllunar. Þú sagðir að til að bæta vinnubrögð Alþingis þyrfti að hætta úthlutunum á safnliðum og kjördæmapoti við fjárlagavinnuna. Slík vinnubrögð eru sem sagt enn viðhöfð í þinginu?*

„Já, því miður þá örlar á því og það er aðallega vegna þess að undirbúningur og framsetning fjárlaga hefur lítið breyst í gegnum árin. Í þessu og stjórnkerfinu öllu erum við enn þá föst í gömlum vinnubrögðum. Um safnliðina er það að segja að þingmenn leggja mat á umsóknir sem berast þinginu. Þetta eru oft góð málefni, góðgerðarmál, menningarstarfsemi og annað slíkt en það segir sig sjálft að þetta býður upp á handahófskennt mat á því hvert peningarnir eiga að fara. Það er freistandi að leggjast á sveif með verkefnum í eigin kjördæmi.

Kjördæmapotið sem sumum þingmönnum finnst eðlilegt en öðrum óeðlilegt lifir enn góðu lífi í þinginu og í öllum flokkum. Það er enginn verri en annar í því. En það sem gerist er að menn sjást ekki alltaf fyrir. Þingmenn verða að meta mál burtséð frá kjördæmaskipan, við eigum að starfa fyrir alla þjóðina og allt landið.“

### Þrýstingur í Árbótarmálinu

„Árbótarmálið er dæmi þar sem augljóst er að tilteknir þingmenn hafa lagst á sveif og beitt þrýstingi til að fá niðurstöðu. Ég hef ekki öll gögn um það mál og því ekki forsendur til að meta hvað er réttlát og skynsöm niðurstaða en þetta býður upp á efasemdir og að aðrir spyrji hvers vegna þeir hafi ekki fengið sömu kjör.“

*Verður þessu útrýmt með viðhorfsbreytingu eða tæknilegum aðgerðum?*

„Hvoru tveggja. Stjórnarflokkarnir hafa heitið því að fjárlagagerðin fyrir 2012 verði unnin með öðrum hætti en verið hefur. Það eru eðlilegar skýringar á því hvers vegna við höfum ekki haft tíma til að gera þá kerfisbreytingu en nú verður ekki lengur beðið. Það þarf að endurskoða fjárlagaramma ráðuneytanna því þeir endurspegla ekki rétta skiptingu verkefna, mikilvægi þeirra og forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum.

Svo eru það vinnubrögðin. Það er rætt um að Alþingi standi sig ekki þessa dagana en ég finn mikinn vilja meðal þingmanna úr öllum flokkum til að breyta vinnubrögðunum. Fyrir liggja tillögur að byltingarkenndum breytingum sem ég vona að verði samþykktar.“

*Í hverju felast þær?*

„Til dæmis í breyttri nefndaskipan sem mun leiða til grundvallarbreytinga í þingstörfunum. Að auki liggja fyrir tillögur um umræðulengd, að ráðherrar sitji ekki á þingi og fleiri sem skipta miklu máli og eru hluti af tímabærri endurskoðun á starfsháttum Alþingis.“

### Þá var meirihlutaofbeldi

*Þú hefur verið í öllum stöðum; í stjórnarandstöðu, ráðherra og þingmaður stjórnarflokks. Er staða þingsins gagnvart ríkisstjórninni mjög veik eins og sumir halda fram?*

„Nei, hún er það ekki. Stundum er talað eins og allt hafi verið í lukkunnar velstandi hér áður fyrr. Ég sat lengi í stjórnarandstöðu þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru í meirihluta og stjórnarandstaðan hafði lítil sem engin völd þá. Það var vont fyrirkomulag og ólýðræðislegt. Kannski voru eitt eða tvö mál samþykkt frá stjórnarandstöðuþingmönnum og valið á þeim fór ekki eftir efni máls heldur hvernig tilteknum ráðherrum líkaði við tiltekna einstaklinga í stjórnarandstöðu. Þá var miklu meirihlutaofbeldi beitt en þannig er það ekki nú.“

*Ég hugsa að einhverjir stjórnarandstöðuþingmenn núna geti auðveldlega talað um meirihlutaofbeldi.*

„Já, örugglega en þetta snýst um hvort hlustað sé á stjórnarandstöðuna og tekið tillit til tillagna hennar í þingnefndum. Í þeim nefndum sem ég starfa í er það gert, þar er góð samvinna. Á endanum er það svo þannig að ef menn deila þá ræður meirihlutinn niðurstöðunni. En ég fullyrði að það er miklu meira jafnræði á milli mála og umfjöllunar og eðlilegra flæði á milli stjórnar og stjórnarandstöðu en verið hefur.“

*Við þjóðinni blasir mikið sundurlyndi í þinginu og margir eru gapandi yfir því. Fólk hélt að þið mynduð snúa bökum saman við að koma þjóðarskútunni á réttan kjöl. Af hverju hefur það ekki gerst?*

„Ætli sé ekki nær að spyrja formenn stjórnarandstöðuflokkanna að því. Ef menn vilja vinna saman þá gera þeir það. Forsætisráðherra hefur í haust boðið upp á samráð um allt sem er efst á baugi, til dæmis um skuldamálin. Lögð hefur verið mikil vinna í þau og skýrsla sérfræðinganna sýnir hvað hægt er að gera og hvað ekki. Þeir sem ekki hafa horfst í augu við að almenn skuldaniðurfelling er óhagkvæm, óréttlát og óskynsamleg þurfa að gera það. Hún bjargar ekki þeim sem verst eru staddir og fer illa með fjármuni almennings.“

### Hagsmunir ráða för

„Í þessari vinnu náðist gott samtal, til dæmis á milli stjórnvalda og bankanna og stjórnarandstaðan hefur verið með í því og haft sama aðgang og aðrir. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa setið við sama borð og ríkisstjórnin í þessu máli og það sama á við um Icesave. Ef menn vilja vinna saman þá eru allar aðstæður til þess. Það kann hins vegar að vera pólitískt mat manna að það sé ekki heppilegt að starfa með ríkisstjórninni vegna stöðu flokka eða annars. Þetta er eins og með annað í lífinu ef við ætlum að breyta einhverju þá byrjum við á sjálfum okkur.“

*Hvernig meturðu stöðu ríkisstjórnarinnar, sem býr við harða stjórnarandstöðu úr eigin röðum?*

„Það er rétt. Ríkisstjórnin býr við það að hópur stjórnarliða er á stundum gagnrýnni á hana heldur en stjórnarandstæðingar og það er viðvarandi ástand.

Ég skal viðurkenna, sem formaður þingflokks Samfylkingarinnar, að það er ekki létt verk að vera í samstarfi þegar maður veit ekki alltaf að morgni dags hvort meirihlutastuðningur er við þau verkefni sem eru á borðinu. Það er hins vegar frekar fyrirsjáanlegt hvernig þetta liggur og þrátt fyrir allt var flokksráðsfundur Vinstri grænna um síðustu helgi sammála um að styðja ríkisstjórnina og að hún skuli halda áfram sínum störfum. Ég met það því svo að Vinstrihreyfingin grænt framboð sé heil í þessu stjórnarsamstarfi þó ég geri mér mjög vel grein fyrir því að þar eru innanbúðardeilur og valdabarátta sem dregur úr krafti VG sem stjórnarflokks.“

*Eruð þið í Samfylkingunni alltaf sem einn maður?*

„Já, okkur tekst það oftast nær. Þetta er góður og samstæður hópur þingmanna. Það er samt ekki þannig að við séum sammála um allt milli himins og jarðar en við afgreiðum deilumálin inni í þingflokknum og styðjum ríkisstjórnina heils hugar. Við erum hryggsúlan í stjórnarsamstarfinu. Það er ábyrgðarhluti og það reynir oft á. Það hefur til dæmis reynt á okkur í haust vegna niðurskurðarins í heilbrigðiskerfinu og það er ekki nema eðlilegt.“

### Hvar er velferðin?

*Þar er harkalega skorið niður og stjórnvöld hafa verið ansi sein að greiða úr skuldavanda heimilanna. Af þeim tilefnum tveimur, og þó ekki væri vegna annarra, spyrja margir hvar velferðin sé sem ríkisstjórnin kennir sig við. Hvar er hún?*

„Hún sést í mörgu en fyrst og fremst þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skattkerfinu. Þær hafa leitt til meiri jöfnuðar en hér hefur verið árum saman. Allar breytingar á skattkerfinu hafa miðað að því að tryggja kjör þeirra lægst launuðu og þar hefur verið miðað við að halda óskertum kjörum þeirra sem hafa minna en 400 þúsund krónur á mánuði eða þar um bil. Það hefur tekist og það er mikill árangur í einhverri dýpstu kreppu sem þessi þjóð hefur gengið í gegnum.

Hins vegar göngum við þess ekki dulin að þessu verkefni er ólokið og við þurfum að búa til nýtt skattkerfi sem tryggir enn betri jöfnuð. Þegar við gerum það endurskoðum við líka bótakerfið því bætur og skattar eru tvær hliðar á sama peningi. Það má ekki gleymast að við erum að vinna í kröppu umhverfi. Hrunið kallaði yfir þjóðina gríðarlega lífskjaraskerðingu. Það að fimmtán prósent af tekjum ríkisins fari í að borga vexti segir allt sem segja þarf um þá skerðingu. Við höfum ekki úr miklu að spila og þá skiptir enn meira máli en áður að við nýtum tækifærið og tryggjum jöfnuð í samfélaginu. Það gerir engin önnur ríkisstjórn en þessi sem nú situr.“

*Víkjum að atvinnumálunum sem eru eitt af stóru málunum í samfélaginu. Við höfum ekki séð jafn mikið atvinnuleysi og nú og á sama tíma er ríkisstjórnin sökuð um að standa í veginum fyrir atvinnuuppbyggingu. Frá henni gætir líka andúðar í garð erlendrar fjárfestingar. Af hverju eruð þið núllpunkti í þessum málum?*

„Nokkur atriði skipta mestu máli fyrir uppbyggingu atvinnulífsins. Í fyrsta lagi að vinna traust lánardrottna en til þess að svo verði þurfum við að ná stöðugleika í efnahagslífinu. Það er að takast. Við þurfum að klára Icesave, annað er ekki boði. Við þurfum líka nothæfan gjaldmiðil. Krónan er föst í gjaldeyrishöftum sem stuðlar því miður ekki að trausti. Skammtímaverkefnið er að styrkja hana en til lengri tíma þurfum við að koma okkur upp nothæfum gjaldmiðli.

### Vill erlenda fjárfestingu

Einnig teljum við í Samfylkingunni mjög mikilvægt að opna fyrir erlenda fjárfestingu. Við getum ekki byggt upp nýtt, þróttmikið og fjölbreytt atvinnulíf nema með erlendum fjárfestingum. Og þegar ég segi það þá á ég við fjárfestingar í alls konar fyrirtækjum, ekki bara í stórfyrirtækjunum sem oftast er talað um.

Ég veit til þess að erlendir fjárfestar bíða eftir að við leysum Icesave. Þeir vilja fjárfesta í og vinna með íslenskum fyrirtækjum í nýsköpun og hugverkaiðnaði, til dæmis. Þar eru miklir vaxtarmöguleikar. Frumvinnslan og gömlu undirstöðuatvinnugreinarnar eins og sjávarútvegurinn eru góðar og gildar og færa okkur miklar tekjur en við verðum að byggja atvinnu og velferð á fleiru.“

*Þú nefnir erlenda fjárfestingu. VG vill rifta kaupum Magma á HS orku. Hver er þín afstaða til þess máls?*

„Ég er ósammála því. Ég skil vel ótta við erlenda fjárfestingu ef fólk heldur að einkaaðilar séu að eignast auðlindirnar. En það skiptir engu máli hvort einkaaðilarnir eru erlendir eða íslenskir. Aðalmálið er að tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindunum og það gerum við vonandi í stjórnaskránni og með viðeigandi lagasetningu. Hvernig eignarhaldi á fyrirtækjum og rekstri þeirra, hvort heldur er í orkugeiranum eða sjávarútvegi, er háttað er annað mál. Auðlindirnar eru eitt og fyrirtækin annað og erlendir aðilar hljóta að geta fjárfest í fyrirtækjunum rétt eins og við Íslendingar fjárfestum í fyrirtækjum í öðrum löndum og finnst ekkert óeðlilegt við það.“

*Þú hefur lýst yfir að þú teljir betur fara á að ríkisstjórn Íslands sé fjölskipað stjórnvald. Trúirðu að það muni verða?*

„Já, ég þreytist ekki á að segja að ríkisstjórnin eigi að vera fjölskipað stjórnvald sem þýðir einfaldlega að þar eru teknar sameiginlegar ákvarðanir og allir hafa sömu upplýsingar undir höndum. Þannig tryggjum við betra og upplýstara stjórnvald og að skýrt sé hvar ábyrgð liggur.

Það góða við samfélagsástandið sem við búum við er að við höfum tækifæri til að endurskoða allt; stjórnkerfið, lögin, pólitíkina og samfélagið allt ef út í það er farið.“

### Ráðherrar og völd

„Það eru ekki allir sammála um að fjölskipað stjórnvald sé rétt leið og margir vilja að ráðherra hafi endanlegt vald yfir sínum málaflokki. Við höfum hins vegar dæmi sem sýna hvert það getur leitt okkur og hvers konar hörmungar geta leitt af því fyrir land og þjóð. Ég vona að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði fjallað um þetta.“

*Að lokum, finnst þér ekki að þú ættir að vera ráðherra í þessari ríkisstjórn?*

„Ég er formaður í stærsta þingflokki á Alþingi og það er mjög mikilvægt starf. Félagar mínir hafa falið mér mikla ábyrgð sem ég reyni að standa undir enda skiptir miklu máli fyrir Samfylkinguna að við stöndum okkur á Alþingi og í stjórnarsamstarfinu.

Mér var sagt um daginn frá grein í bresku blaði þar var lítil saga sem ég ætla að endurtaka hér og hún er svona: Konur sem eru ráðherrar eru alla daga að velta því fyrir sér hvort þær séu örugglega að standa sig og hvort þær séu ekki að fara vel með valdið sem þeim hefur verið falið, af því að konur fá vald að láni. Karlar sem sitja í ríkisstjórn eru alla daga að velta því fyrir sér hvers vegna þeir séu ekki formenn flokkanna sinna.

Þetta er mitt svar við spurningunni en ég tek við öllum verkefnum sem ég er beðin um að taka að mér og hef alltaf gert.“



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola 69

## Jólavara á lægra verði



**-20%**

20% afsláttur af
**öllum kertum**
frá föstudegi til sunnudags




**-20%**

20% afsláttur af
**raftækjum í eldhús**
frá föstudegi til sunnudags

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri



# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

## EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!



30% afsláttur
3.970KR.
5.680*KR.



25% afsláttur
7.350KR.
9.800*KR.



25% afsláttur
3.740KR.
4.990*KR.



31% afsláttur
3.890KR.
5.690*KR.



30% afsláttur
2.580KR.
3.690*KR.



25% afsláttur
2.590KR.
3.490*KR.



30% afsláttur
3.480KR.
4.990*KR.



30% afsláttur
9.790KR.
13.990*KR.



25% afsláttur
1.940KR.
2.590*KR.



25% afsláttur
3.370KR.
4.490*KR.

Íslenska kokkalandsliðið vann til gullverðlauna í vikunni á heimsmeistaramótinu í Lúxemborg



30% afsláttur
3.490KR.
4.990*KR.



30% afsláttur
4.190KR.
5.990*KR.



30% afsláttur
3.840KR.
5.490*KR.

*Upprunalegt verð

Gildir til 29. nóvember á meðan birgðir endast.


24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær


ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR
Á BETRA VERÐI
Gunnar Thoroddsen
Ævisaga
Guðni Th. Jóhannesson
30% afsláttur
4.890KR.
6.990*KR.
ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR
KRISTJÁN JÓHANNSSON
Á valdi örlaganna
33% afsláttur
3.990KR.
5.990*KR.
ALVARA LEIKSINS
ÆVISAGA GUNNARS EYJÓLFSSONAR
ÁRNI BERGMANN
30% afsláttur
4.190KR.
5.990*KR.
ÁRNI MATT
Frá bankahruni til byltingar
ÞÓRHALLUR JÓSEPSSON OG ÁRNI M. MATHIESEN
30% afsláttur
4.490KR.
6.490*KR.
Það reddast
35% afsláttur
3.890KR.
5.980*KR.
ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR
Með létt skap og léttan talanda
LÍFSSAGA MARGRÉTAR Í DALAMYNNI
30% afsláttur
3.830KR.
5.480*KR.
ÖFEIGUR SIGURÐSSON
JÓN
30% afsláttur
3.490KR.
4.990*KR.
Guðrún Ögmundsdóttir
30% afsláttur
4.490KR.
6.490*KR.
ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
32% afsláttur
3.980KR.
5.890*KR.
sofi oksanen
HREINSUN
30% afsláttur
3.840KR.
5.490*KR.
Henry Birgir Gunnarsson
10.10.10
30% afsláttur
3.980KR.
5.690*KR.
Mörg eru ljónsins eyru
32% afsláttur
3.890KR.
5.690*KR.
MARTRÖÐ MILLANNA
Óskar Hrafn
37% afsláttur
3.590KR.
5.690*KR.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kosning til stjórnlagaþings er kærkomið tækifæri til að horfa til framtíðar.

## Allir á kjörstað á morgun

Eftir nokkra deyfð í aðdraganda stjórnlagaþingskosninga hefur áhuginn góðu heilli tekið verulega við sér, þannig að búast má við góðri þátttöku í kosningunum á morgun.

Verkefni kjósenda er auðvitað allt öðruvísi við kosningar til stjórnlagaþingsins en þeir eiga að venjast við aðrar kosningar. Ekki er verið að velja pólitíska fulltrúa sem eiga að fara með völd næstu árin heldur einstaklinga sem eiga að koma saman til að vinna afmarkað verkefni. Fjöldi frambjóðenda er einnig óvenjulegur og svo sem ekki furða að mörgum hrjósi hugur við því verkefni að kynna sér áherslumál 523 frambjóðenda.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Verkefni stjórnlagaþings er samkvæmt 1. grein laga um þingið að vera ráðgefandi við endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins. Þingið mun starfa innan afar formlegs ramma sem líkist mjög starfsháttum Alþingis. Starfað verður í nefndum sem leggja tillögur sínar fyrir þingið til umræðu og samþykktar. Loks er forsætisnefnd þingsins falið að undirbúa frumvarp til stjórnskipunarlaga. Slíkt frumvarp er stjórnlagaþingi ætlað að samþykkja og senda Alþingi til meðferðar.

Stjórnlagaþingið mun hafa skrifstofu meðan þing stendur og heimilt er einnig að ráða sérfræðinga til starfa með nefndum þingsins. Þingfulltrúar eiga því að hafa tök á að sækja sér sérfræðiþjónustu á þeim sviðum sem til umfjöllunar eru.

Stjórnlagaþingi er meðal annars ætlað að taka til umfjöllunar efni eins og skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra, hlutverk og stöðu forseta Íslands, sjálfstæði dómstóla, kjördæmaskipan, lýðræðislega þátttöku almennings meðal annars hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðslur, meðferð utanríkismála og umhverfismál. Þetta eru grundvallarspurningar, þannig að verkefni þingfulltrúanna er í senn áhugavert og vandasamt.

Fagna ber því að slíkur fjöldi fólks gefi kost á sér til setu á stjórnlagaþingi. Fjöldinn ber vott um ríkan áhuga á því ábyrgðarmikla verkefni að móta það grundvallarplagg sem stjórnarskrá er.

Þingið sjálft er tilhlökkunarefni, ekki bara fyrir þá sem hljóta kosningu til setu á því heldur fyrir allt samfélagið vegna þeirrar umræðu sem allt bendir til að muni skapast í tengslum við þingið.

Á óvissutímum er mikilvægt að hefja sig um stund upp fyrir daglegt amstur og áhyggjur og horfa fram á veginn, jafnvel langt fram á veginn, og velta því fyrir sér hvers konar samfélag við viljum sjá á Íslandi eftir 10, 50 eða 100 ár. Þegar samin er stjórnarskrá er ekki tjaldað til einnar nætur. Mótun hennar gefur því tilefni til slíkrar umræðu og í raun er tækifærið sem nú gefst einstakt því það gefst kannski ekki nema einu sinni á öld.

Styrkur þingsins er að miklu leyti undir því kominn hversu stóran hluta þjóðarinnar það hefur á bak við sig. Með því að fjölmenna á kjörstað gefur þjóðin tóninn fyrir öflugt þing breiðs hóps Íslendinga, þing sem á þess kost að hafa áhrif á það hvers konar samfélag börn okkar og barnabörn munu byggja. Kosningarnar á morgun eru þannig mikilvægari en þær kunna að virðast.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Árni í banastuði

Árni Johnsen var í stuði á Alþingi í gær. Hann er á leið í leyfi og ákvað af því tilefni að leggja fram litlar tólf þingsályktunartillögur og tvö lagafrumvörp. Þingsályktunartillögurnar snúa meðal annars að aukinni fræðslu um skaðsemi áfengis, Íslandssögu, ljóðagerð, og kristna arfleifð í skólum, úttekt á öryggi Herjólfs, að gerðar verði fornleifarannsóknir í Árnesi og á Búðum, göng fyrir gangandi undir þjóðveginn við Geysi, að íslensk handverksdeild verði sett á laggirnar í Listaháskólanum, fuglaskoðunarstöð í Garði og skipasafn í Reykjanesbæ, og að guðsþjónustu verði haldið úti allt árið á Þingvöllum.

### Stórt og smátt

Svo eru sumar sem skera sig úr sökum umfangs. Árni vill til dæmis að ríkið höfði mál á hendur Bretum vegna hryðjuverkalaganna og krefjist ellefu þúsund milljarða í bætur – hvorki meira né minna. Svo vill hann láta gera ítarlega úttekt á áhrifum Schengen-samstarfsins á íslenskt þjóðfélag. Hún gæti eflaust fyllt heilan bókaskáp.



### …og höggmyndum

Sú besta er samt þessi: „Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að hafa frumkvæði að því, í samstarfi við umhverfisráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, að láta gera, í samráði þar um við áhugasöm sveitarfélög, lista- og náttúrugarð fyrir blinda, Blindragarð, sem jafnframt væri spennandi fyrir alsjáandi og þá sem búa við hefta skynjun. Slíkur garður yrði einsdæmi í heiminum, en í honum yrði lögð áhersla á óendanlega útfærslu hugmynda sem byggðust meðal annars á orku, vatni, gróðri, vindi og höggmyndum."

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hvítnar ekki þótt annan sverti

Árbótarmálið



Kristinn H. Gunnarsson

fyrrv. alþingismaður

Norður í Eyjafirði er stundum haft að orði að það hvítni enginn þótt annan sverti. Ritstjóri Fréttablaðsins hefur líklega ekki heyrt það. Hann svertir fjármálaráðherra landsins og þingmenn landsbyggðarkjördæmanna í skoðun miðvikudagsblaðsins fyrir Árbótarmálið. Ritstjórinn nýtur stuðnings viðskiptaráðherra í greiningu sinni, sem telur að gera þurfi landið að einu kjördæmi og losna við kjördæmapot. Hér er mikil hafvilla uppi.

En fyrst um Árbótarmálið, þar er Fréttablaðið full fljótt að fella dóm. Ekki eru öll gögn komin fram og óvarlegt er að ætla að embættismaður hafi einn rétt fyrir sér. Sanngjörn blaðamennska felst í því að skoða með gagnrýnum augum báða málsaðila, líka þann sem veitir blaðinu upplýsingarnar. Fréttablaðið ætti að afla frekari gagna og skýra sjónarmið ráðuneytanna og rekstraraðila Árbótar og upplýsa hvers vegna samið var frekar en að deilan færi fyrir dómstóla. Samningaleiðin virðist ekki vera óskynsamleg miðað við framkomnar upplýsingar. Fréttablaðið mætti líka upplýsa lesendur sína um það hvers vegna varð að færa starfsemina nær höfuðborgarsvæðinu. Er Norðurlandið ekki hluti af Íslandi?

En þá að kjördæmapotinu. Slíkur talsmáti felur í sér aðdróttun um yfirmáta ósanngjarna hegðun þingmanna vegna þess eins að þeir eru kosnir í kjördæmum. Vissulega geta störf þeirra stundum orkað tvímælis, en það á við um þingmenn allra kjördæma. Þingmenn kjördæmanna á höfuðborgarsvæðinu hvítna ekki við það að sverta landsbyggðarþingmennina.

Áfram munu hagsmunir toga í ráðamenn þótt landið verði eitt kjördæmi. Það verða fleiri þingmenn af höfuðborgarsvæðinu og þar með ráða hagsmunirnir þar enn meira en nú er. Þessu vilja ritstjórinn og viðskiptaráðherrann ná fram, minni áhrifum landsbyggðarinnar. Þess vegna er verið að sverta kjördæmafyrirkomulagið og fjármálaráðherrann. Samfylkingarráðherrann ætti að spyrja félaga sína í jafnaðarmannaflokkum Evrópu hvers vegna þeir styðja alls staðar kjördæmafyrirkomulag, svo sem í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi, með mismunandi mikið vægi atkvæða eftir kjördæmum. Hann mun fá þau svör að það sé eðlilegt og skynsamlegt fyrirkomulag sem veiti öllum íbúum hvers lands nauðsynleg áhrif. Ætlar hann að mótmæla því?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# AGS og hagvöxtur



Efnahagsmál
Magnús Orri Schram
alþingismaður

Það er auðvelt að kenna AGS um stöðu íslenskra heimila og fyrirtækja nú um stundir. Slíkur málflutningur er hins vegar ósanngjarn, enda þurfum við ekki sjóðinn til að segja okkur að jafnvægi milli tekna og gjalda ríkissjóðs er forsenda endurreisnar íslenska hagkerfisins. Samvinna við AGS er raunar forsenda viðspyrnu, enda myndum við búa við enn veikari krónu og ekkert aðgengi að erlendu lánsfjármagni fyrir ríkissjóð án erlends stuðnings. Þannig væri staðan mun verri ef ekki nyti AGS við. Það er nóg að spyrja Íra sem leita nú á náðir sjóðsins.

Að mörgu leyti gengur endurreisn hagkerfisins vel. Vextir er í sögulegu lágmarki, verðbólga lítil, hreinar skuldir þjóðarbúsins á svipuðum stað og 2003 og atvinnuleysi minna en spáð var. Hagvöxtur mun hefjast á næsta ári. En engu að síður gengur hægar en við vonuðumst eftir, eins og nýjar hagvaxtartölur bera með sér. Meginástæða þess er skortur á fjárfestingu atvinnulífsins og fyrir því eru tvær ástæður helstar.

Annars vegar gengur hægt að endurreisa fyrirtækin vegna óvissu um uppgjör gengislána en „Hraðbraut“ – samvinnuverkefni banka og stjórnvalda í vetur – mun vonandi breyta stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja svo þúsundum skiptir. Á hinn bóginn hefur okkur ekki tekist að laða til landsins erlenda fjárfestingu.

Þar vegur þungt andstaða sumra stjórnmálamanna við einstaka fjárfestingarverkefni og andstaða við uppgjör vegna Icesave. Lausn Icesave opnar á möguleika til erlendrar lánsfjármögnunar og deilan verður ekki leyst öðruvísi en með samningum.

Stjórnmálamenn eiga ekki að standa í vegi fyrir endurreisn atvinnulífs í skiptum fyrir vinsældir til skemmri tíma. Afleiðingar ósamlyndis innan sumra stjórnmálaflokka eru þannig betur og betur að koma í ljós, enda beint samband á milli óleysts Icesave, skorts á erlendri fjárfestingu og hagvexti næsta árs.

> Stjórnmálamenn eiga ekki að standa í vegi fyrir endurreisn atvinnulífs í skiptum fyrir vinsældir til skemmri tíma. Afleiðingar ósamlyndis innan sumra stjórnmálaflokka eru þannig betur og betur að koma í ljós.

# Ráðist að konum



Heilbrigðismál
Vigdís Hauksdóttir
lögfræðingur og alþingismaður

Ísland er aðili að alþjóðasáttmálum er varða heilbrigði og lögbundinn rétt til heilbrigðisþjónustu. Að auki er þessi réttur tryggður í 76. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika.“ Þann 21. okt. sl. hélt dr. Brigit Toebes, lagaprófessor og virtur fræðimaður á sviði heilbrigðisréttar og alþjóðlegrar mannréttindaverndar, fyrirlestur í HR. Taldi hún að fyrirhugaður niðurskurður í heilbrigðiskerfinu yrði að taka mið af mannréttindum. Á dögunum var dreift á Alþingi svari frá heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum í niðurskurði fjárlaga 2011. Í svarinu kemur fram í töflu 1 að áætluð fækkun starfsmanna á landinu öllu verði 635 í 445 stöðugildum. Hlutfall kvenna af fjölda starfsmanna á heilbrigðisstofnunum er að meðaltali 82%. Því er augljóst að þessi tiltekna aðgerð ríkisstjórnarinnar í fjárlagagerðinni er bein árás á konur og atvinnutækifæri þeirra á landinu öllu. Hver hefði trúað því á heilaga Jóhönnu.

Alvarlegi hluti niðurskurðarins sem snýr að konum er þó þessi. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að fækka um 96 starfsmenn sem nemur 69 starfsmönnum á St. Jósefsspítala. Það er bein árás að konum, því spítalinn hefur sérhæft sig í grindarbotnsaðgerðum kvenna. Eru þær margvíslegar og misalvarlegar – allt frá þvagleka, hægðaleka og upp í flóknar tæknilegar aðgerðir sem gera þarf á konum eftir erfiðar fæðingar. Fjöldi þessara aðgerða á þessari sjúkrastofnun einni er um 1.200 aðgerðir á ári. Biðtími kvenna í aðgerðirnar er á bilinu 9–12 mánuðir eftir alvarleika. Ekki er fyrirséð að hægt sé að koma þessum aðgerðum fyrir á öðrum heilbrigðisstofnunum, því er ekki hægt að lesa annað út en að ætlunin sé að fresta þessum aðgerðunum um langa hríð. Þetta verður eftirskrift norrænu velferðarríkisstjórnarinnar. Í 12. gr. kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að aðildarríki samningsins skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum á sviði heilsugæslu til þess að tryggja á grundvelli jafnréttis karla og kvenna aðgang að heilsugæsluþjónustu, og sérstaklega skulu aðildarríkin tryggja konum viðeigandi þjónustu í sambandi við þungun, barnsburð og tímabilið eftir fæðingu með því að veita ókeypis þjónustu þegar það er nauðsynlegt.

Konur eru vanar að bera harm sinn í hljóði og grindarbotnsvandamál eru nú svo sem ekki mál málanna í almennri umræðu. Nú verðum við þingmenn að standa saman um endurskoðun á heilbrigðismálum kvenna í fjárlagagerðinni. Sú aðför sem ríkisstjórnin fer fram með í fjárlagafrumvarpinu að heilsu og atvinnu kvenna er okkur Íslendingum ekki samboðin.

> Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að fækka um 96 starfsmenn sem nemur 69 starfsmönnum á St. Jósepsspítala.

Örn Bárður Jónsson



Snúum stafrófinu við og setjum Örn Bárð í 1. sæti í kosningunni til Stjórnlagaþings.
Stjórnarskráin er gamalt tré. Rífum það hvorki upp með rótum né höggvum niður. Sníðum heldur greinarnar af sem ekki bera ávöxt og græðum á stofninn nýjar og ferskar.
8 3 5 3
ornbardur.annall.is
dv.is • svipan.is

STINGUM SAMAN NEFJUM!
Söfnunar- og skemmtiþáttur 3. desember á Stöð 2
DAGUR RAUÐA NEFSINS 3. DES '10
unicef



www.rauttnef.is

Konur athugið!
Notið jólaaðventuna í djúpslökun og sjálfsstyrkingu.

Námskeið í djúpslökun og sjálfsstyrkingu. Engin heimalærdómur né lestur. Einungis kyrrð og friður í tímum þar sem við leitumst við að ná sem dýpstri slökun og í því ástandi byggjum við upp aukið sjálfsmat og aukna sjálfsmeðvitund.

**Námskeið A:** Er á mánudögum og fimmtudögum frá klukkan 12.00 til 13.30.

**Námskeið B:** Er á mándögum og fimmtudögum frá klukkan 14.15 til kl. 15.45.

**Námskeið C:** Er á þriðjudögum og föstudögum frá klukkan 12.00 til 13.30.

**Námskeið D:** Er á þriðjudögum og föstudögum frá klukkan 14.15 til kl. 15.45.

Námskeiðin hefjast fimmtudaginn 2. desember og standa til þriðjudagsins 20. Desember.

**HÁMARKSFJÖLDI Í TÍMA ERU FIMM KONUR**

Upplýsingar um námskeið og skráningu er í síma 5641064 – 8211413 og á netinu Ernajoh@simnet.is

Með kveðju Erna Sigríður Jóhannsdóttir sálfræðingur.



JÓLIN KOMA TIL ÞÍN

Í hjarta miðborgarinnar býður veitingastaðurinn 1919 upp á girnilega þriggja og fimm rétta jólamatseðla og jólahlaðborð fyrir hópa. Flauelsmjúkir forréttir, safaríkar jólasteikur og gómsætir eftirréttir koma þér í sannkallað jólaskap. Pantaðu borð núna og njóttu þess að taka forskot á jólasæluna.

FRÁBÆR VÍN Í ÚRVALI

1919 RESTAURANT AND LOUNGE

Radisson Blu 1919 Hótel Pósthússtræti 2 102 Reykjavík **Sími: 599 1000**

# Áhrif ofþyngdar á meðgöngu, fæðingu og sængurlegu

Heilbrigðismál

Elín Arna Gunnarsdóttir



Guðrún I. Gunnlaugsdóttir

ljósmæður og hjúkrunarfræðingar



Íslendingar eru á meðal feitustu þjóða í heimi. Þessar fréttir hafa borist okkur í gegnum fjölmiðla upp á síðkastið. Þetta er staðreynd og það er ástæða til að hafa af þessu miklar áhyggjur. Þegar talað er um offitu er gjarnan miðað við að svokallaður líkamsþyngdarstuðull (LÞS) sé kominn yfir 30. LÞS er mælikvarði á þyngd miðað við hæð (kg/m$^2$) og er einn af leiðbeinandi þáttum þegar metið er hvort einstaklingur sé í yfirþyngd.

Rannsóknir Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) benda til að þeir sem eru með LÞS yfir 25 hafi að öllu jöfnu hærri dánartíðni og séu líklegri til að þjást af ýmsum sjúkdómum. Samfara þessari þróun hefur ofþyngd og offita meðal kvenna á barneignaraldri aukist og er orðin slík að mun fleiri konur í dag hefja meðgöngu of þungar. Niðurstöður rannsókna sýna að ofþyngd og offita móður í upphafi meðgöngu hefur neikvæð áhrif á meðgöngu, fæðingu og sængurlegu, bæði móður og barn. Einnig ef þyngdaraukning á meðgöngu er umfram það sem mælt er með miðað við LÞS.

Flestum konum er gleðiefni að verða barnshafandi og fara margar þeirra í ómskoðun á 12. og 20. viku meðgöngu. Mikil fitusöfnun á kvið getur gert ómskoðun erfiðari og þar af leiðandi getur verið vandkvæðum bundið að greina fósturgalla. Með aukinni þyngd aukast líkur á ýmsum fæðingargöllum og þessum hópi kvenna er hættara við fósturláti. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum offitu á meðgöngu. Niðurstöður sýna að konum með LÞS>30 er hættara við að fá meðgöngusykursýki, of háan blóðþrýsting, meðgöngueitrun, þvagfærasýkingar og blóðtappa í fætur.

### Áhrif á fæðingu

Offita getur haft mikil áhrif á fæðinguna. Hreyfanleiki kvenna með LÞS>30 er minni í fæðingu en þeirra sem eru í kjörþyngd, en sá þáttur er mikilvægur í fæðingu og getur haft áhrif á gang fæðingar. Erfiðara er að hlusta á hjartslátt barns með utanáliggjandi hjartsláttarnema ef mikil fitusöfnun er á kvið. Líkur á að kona þurfi fæðingu af stað nær tvöfaldast hjá konum í ofþyngd, m.a. vegna aukinnar tíðni á háþrýstingi og meðgöngusykursýki. Konur með LÞS>30 eru líklegri til að fæða barn með keisaraskurði en konur í kjörþyngd. Í nýjasta tölublaði Læknablaðsins birtist niðurstaða rannsóknar sem þrír læknar á Landspítala unnu hér á landi til að kanna tíðni fylgikvilla á meðgöngu, í fæðingu og hjá nýburum kvenna í kjörþyngd, of þungra og of feitra við upphaf meðgöngu. Helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar sýna að konur með LÞS>30 eru líklegri til að hafa langvinnan háþrýsting fyrir þungun, fá meðgönguháþrýsting, meðgöngueitrun, meðgöngusykursýki og einkenni frá stoðkerfi. Enn fremur aukast líkur á að framkalla þurfi fæðingu og að fæða með keisaraskurði, bæði bráða- og valkeisaraskurði, samanborið við mæður í kjörþyngd og ofþyngd. Niðurstöður sýna einnig að nýburar kvenna með LÞS>30 eru þyngri og með stærra höfuð. Fæðing þungbura hefur í för með sér aukna hættu á skaða hjá barni í fæðingu, sem eykur líkur á dvöl á vökudeild eftir fæðingu.

**Líkamsþyngdarstuðull (LÞS)**

**Helstu viðmið LÞS eru eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| LÞS < 18,5 | undir kjörþyngd |
| LÞS = 18,5-24,9 | kjörþyngd |
| LÞS = 25,0-29,9 | ofþyngd |
| LÞS = 30,0 | offita |

Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt að konur með LÞS>30 eru lengur í fæðingu, sem getur leitt til tíðari innri skoðana og þar með aukið líkur á sýkingum. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að sýkingar eru algengari meðal kvenna með LÞS>30 s.s. þvagfærasýkingar, sýkingar í skurðsári eftir keisaraskurð, móðurlífsbólgur og sýkingar í rifum í fæðingarvegi.

Ofþyngd og offita móður getur haft neikvæð áhrif á sængurleguna. Konur í yfirþyngd eiga frekar í erfiðleikum með brjóstagjöf en konur í kjörþyngd. Þær eru líklegri til að eiga í erfiðleikum með að leggja barnið á brjóst og rannsóknir sýna að mjólkin er lengur að koma í brjóst þeirra en kvenna í kjörþyngd. Þessar konur þurfa því almennt meiri stuðning og fræðslu í gegnum brjóstagjafarferlið, því yfirþyngd getur haft neikvæð áhrif á lengd brjóstagjafar. Þessar konur er einnig líklegri til að finna fyrir einkennum þunglyndis eftir barnsburð en konur sem eru í kjörþyngd.

### Hvað er til ráða?

Meginreglan er sú að því þyngri sem kona er við upphaf meðgöngu, þeim mun minna ætti hún að þyngjast á meðgöngunni. Samkvæmt viðmiðunarmörkum IOM (Institute of Medicine) um þyngdaraukningu á meðgöngu er mælt með að konur með LÞS 18,5-24,9 þyngist um 11,5-16 kg, konur með LÞS 25-29,9 ekki um meira en 7-11,5 kg og að konur með LÞS>30 þyngist ekki meira en 6 kg. Ekkert segir að konur í ofþyngd þurfi að þyngjast á meðgöngu, svo framarlega sem þær borða rétt samsetta og næringarríka fæðu.

Meðganga er ekki rétti tíminn til að fara í megrun því það getur skaðað vöxt og þroska barnsins en konur ættu t.d. að sneiða alveg hjá sælgæti, sætabrauði og gosdrykkjum.

Reglubundin hreyfing er mikilvægur þáttur í heilsusamlegu lífERni, líka á meðgöngu. Mælt er með að minnsta kosti 30 mínútna hreyfingu á dag. Ljósmæður í meðgönguvernd ættu að hvetja konur á meðgöngu og styðja þær í að halda sig innan þeirra viðmiðunarmarka sem mælt er með um þyngdaraukningu á meðgöngu. Þær þurfa að styðja konur í að taka upp heilbrigðari lífsstíl til að fyrirbyggja of mikla þyngdaraukningu. Samkvæmt klínískum leiðbeiningum Landlæknis um meðgönguvernd er ráðlagt að fylgjast með þyngd reglubundið ef LÞS gefur tilefni til.

Við teljum að þessi hópur kvenna þurfi þéttara eftirlit og meiri stuðning en almennt er veittur í meðgönguvernd. Á meðgöngunni gefst gott tækifæri til að endurskoða matarvenjur og lífshætti.

Hornsteinn meðferðarinnar er hvatningarviðtal snemma á meðgöngu, þar sem leitast er við að hafa áhrif á áhuga og vilja konunnar til að breyta heilsutengdri hegðun, taka upp hollari lífsstíl og sækja sér upplýsingar eftir þörfum. Mikilvægt er að konur á barneignaraldri leggi sig fram við að stunda heilbrigt líferni og reglulega hreyfingu. Þær ættu að vera í kjörþyngd eða sem næst henni þegar þær hefja meðgöngu. Með því aukast líkur á góðri heilsu móður og barns.

Það er mikilvægt að heilbrigðisvöld grípi inn í hér og nú til að sporna við þeim vágesti sem offitan er með aukinni fræðslu, forvörnum og stuðningi.

STJÓRNLAGAÞING 2011

Kjósum á morgun

Alþingi hefur falið þjóðinni að endurskoða stjórnarskrána. Nú gefst okkur einstakt tækifæri til að horfa fram á veginn. Mætum á kjörstað á morgun og veljum fulltrúa okkar til stjórnlagaþings.

Þessi auglýsing er á vegum hvatningarhóps frambjóðenda til stjórnlagaþings. Auglýsingin er ekki í þágu einstakra frambjóðenda og ekki á vegum opinberra aðila. Tilgangur birtingarinnar er að hvetja landsmenn til að nýta lýðræðislegan rétt sinn og kjósa.

Hvatningarhópur frambjóðenda til stjórnlagaþings

Stjórnlagaþing 2011

# Stjórnlagaþing eða sjónarspil?

Stjórnlagaþing

Sveinn Valfells

hagfræðingur og eðlisfræðingur



Stjórnlagaþing á Íslandi er löngu tímabært. Stjórnarskráin er leifar frá dönsku nýlendustjórninni sem velkst hefur í höndum hins spillta flokkakerfis um áratuga skeið án nauðsynlegra endurbóta.

Stjórnlagaþing sem nú fer í hönd er hins vegar um margt meingallað.

Boðað er til þess með allt of stuttum fyrirvara fyrir kjósendur að kynna sér málefni. Frambjóðendur fengu mjög stuttan frest til að bjóða sig fram, einnig er mjög skammur tími til kynna sér þau fjölmörgu framboð sem komu fram.

Nýja stjórnarskrá á að leggja beint fyrir þjóðina. Alþingi á ekki að fjalla um niðurstöðuna eins og lögin um stjórnlagaþing kveða á um.

Alþingi er ekki lýðræðislega kosið, kjósendum er mismunað eftir búsetu og atkvæði þeirra bundin við flokkslista.

Kosningakerfið býður einnig upp á mismunun. Það er flókið í útreikningum og hefur ekki verið notað á Íslandi áður. Í þessu kerfi geta þekktir og vel skipulagðir frambjóðendur sem benda á meðframbjóðendur ýtt til hliðar öðrum og náð hópi fólks inn á þingið og verulegum ítökum á þinginu. Dæmi sem stillt er upp á vefnum kosning.is sýnir þetta ágætlega. Kosningakerfið verður þá ekki persónukosning heldur dulbúin listakosning.

Slík dulbúin listakosning með stuttum fyrirvara hentar best þeim hagsmunasamtökum sem þegar hafa mikil ítök í íslensku þjóðfélagi, ekki síst stjórnmálaflokkum sem kunna að smala bæði frambjóðendum og kjósendum með stuttum fyrirvara.

Reynir Axelsson stærðfræðingur hefur áður bent á að það veki „ugg og tortryggni“ hve skammur frestur er gefinn til framboðs til stjórnlagaþings og til undirbúnings þjóðfundar. Það dulbúna listakerfi sem valið hefur verið til kosninganna hentar núverandi flokksmaskínum og vekur enn frekari efasemdir um undirbúning og umgjörð þingsins. Lög um stjórnlagaþing voru frumvarp forsætisráðherra, er tilviljun ein að svona var að málum staðið?

Eina leið þeirra sem vilja ná fram umbótum á stjórnkerfi landsins og koma í veg fyrir að hin spilltu, gömlu öfl sem nú ráða nái verulegum ítökum á þinginu er fylkja sér á bak við þá frambjóðendur sem eru þekktastir og virtastir af þeim sem hafa gagnrýnt gamla kerfið og kjósa þá í efstu sæti. Í næstu sæti á eftir er best að kjósa þá sem þeir þekktustu í hópi gagnrýnenda benda á.

> Kjósendur sem vilja Nýtt Ísland mega alls ekki kjósa frambjóðendur sem hafa mikil og náin tengsl við núverandi flokka

Kjósendur sem vilja Nýtt Ísland mega alls ekki kjósa neina frambjóðendur sem hafa mikil og náin tengsl við núverandi flokka, til dæmis fólk sem tekið hefur þátt í prófkjörum flokkanna undanfarin ár eða gegnt mikilvægum trúnaðarstörfum fyrir núverandi eða síðustu ríksstjórn.

Frambjóðendur sem eru innmúraðir og innvígðir í gamla flokkakerfið eru ekkert annað en Trójuhestar, þeir munu engu breyta sem máli skiptir. Ef gamlir flokksjálkar ná undirtökum á þinginu breytist ekkert, þá verður áfram óstjórn og spilling, sukkað verður með lífeyri landsmanna og náttúran lögð undir orkuver sem framleiða niðurgreidda raforku handa stórfyrirtækjum með skattaívilnanir.

Vonandi verður þetta stjórnlagaþing eitthvað meira en sjónarspil, eitthvað meira en tugga gömlu, spilltu flokkanna sem hent er upp í þjóðina til að hafa hana góða. Vonandi leggur það drög að betra þjóðfélagi. Vonandi munu sem flestir Íslendingar kjósa.

SONY
make.believe

# Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum

5 ára ábyrgð á Sony BRAVIA sjónvörpum án nokkurs aukakostnaðar!

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★



5 ÁRA ÁBYRGÐ

189.990,-

**Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp**
KDL-40EX500 40" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
„TV Product of the Year 2010" í What HiFi

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- Bravia Internet Video
- USB media player
- Picture Frame mode



5 ÁRA ÁBYRGÐ

149.990,-

**Sony BRAVIA 32" LCD sjónvarp**
KDL-32EX500
32" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi



5 ÁRA ÁBYRGÐ

249.990,-

**Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp**
KDL-40EX710
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 95,2 x 61,3 x 7,4cm

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi



5 ÁRA ÁBYRGÐ

279.990,-

**Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp**
KDL-40NX700
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 99,4 x 63,5 x 6,4cm 19,2kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Deep Black panel
- Wi-Fi innbyggt þráðlaust net



18.990,-

**Sony DVD spilari**
DVP-S600H
Spilar DVD og CD.
HDMI stafræn tenging við sjónvarp.

- Vandaður DVD spilari og region free
- Upscaling úr DVD í háskerpu
- HDMI útgangur
- MP3, JPEG and DivX afspilun



39.990,-

**Sony Vídeótökuvél**
DCR-SX33
Lítil og meðfærileg vídeótökuvél.
Tekur á minniskort.

- 60x aðdráttur (optical)
- Face detection
- SteadyShot hristivörn
- Snertiskjár



24.990,-

**Sony iPod vekjaraklukkuvagga**
ICF-DS11iP
Vaknaðu við tónlistina úr iPodinum þínum.

- FM/AM útvarp / A og B vekjari
- iPod vagga að framan
- Fjarstýring sem stýrir líka iPodinum
- Stórt letur á klukku

Heill heimur upplifunar í Sony Center - og heitt kaffi á könnunni yfir jólin!

# Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI
**479** KR.kg
REYKTUR GRÍSABÓGUR
MERKT VERÐ: 598 KR.KG *20% AFSLÁTTUR*

KJARNAFÆÐI
**1498** KR.kg
LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
MERKT VERÐ: 1998 KR.KG *25% AFSLÁTTUR*

**898** KR.kg
BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR

**998** KR. kg
ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

**Robin klementínur 2,3 kg**
***Toppurinn í klementínunum***
**698** KR. 2.3 kg

**898** KR. kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

## ÍSLANDSNAUT Fyrsta flokks íslenskt ungnautakjöt

**1259** KR. kg
FERSKT *100%* HREINT UNGNAUTAHAKK

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

**798** KR. kg
ÍSLANDSNAUT ***CLUB*** STEIKARSAMLOKA 2 stk

**1998** KR. kg
ÍSLANDSNAUT FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK

100% NAUTAKJÖT
**598** KR. kg
FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI

**598** KR. kg
FERSKIR ***RISA*** UNGNAUTAHAMBORGARAR
2 x 120g MEÐ BRAUÐI OG SÓSU

**198** KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK

**129** KR. 385g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g

Jóla SMJÖR

O.S. JÓLASMJÖR
500g
**215 kr.**

BÓNUS GJAFAKORT

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**498** KR. 540g
KÚTTER JÓLASÍLD 540g

**1159** KR. 2.5 kg
KJARNA STEIKINGARFEITI 2,5 KG

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 25% AFSLÁTTUR TIL SUNNUDAGS




## DURACEL

Allar gerðir af Duracel rafhlöðum: **25% afsláttur til sunnudags**

DURACEL Ultra 4 stk AA & AAA **nú 598 kr.** / 200 kr. lækkun *Verð áður 798 kr.* DURACEL 9 volt í reykskynjara **nú 359 kr.** / 120 kr lækkun *Verð áður 479 kr.*

## 25% AFSLÁTTUR

ENERGY DRINK ORKUDRYKKUR




**25% AFSLÁTTUR TIL SUNNUDAGS**

**ORKUDRYKKUR: 250ml 74 kr.** *VERÐ ÁÐUR 98 kr.*
**ORKUDRYKKUR 500ml 127 kr.** *VERÐ ÁÐUR 169 KR.*

## ELLEFU LÍTRAR

# 998 kr.




VÍKING JÓLABLANDA Malt og appelsín Fjórar dósir 500ml = **2 ltr.**
COCA COLA KIPPA Coke eða Coke Light Sex 1.5 ltr. flöskur = **9 ltr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Mansal – Kosóvó árið 2003

Mansal

Andri Ottesen
framkvæmdastjóri og með doktorsgráðu í rekstrarhagfræði



Í ljósi aukinnar umræðu um mansal fór ég að velta því fyrir mér hvort Íslendingar væru almennt meðvitaðir um mansal og útbreiðslu þess. Hér er greint frá umfangi mansals út frá reynslu minni sem friðargæsluliði í Kosóvó 2003 í verkefni með leyniþjónustu NATO-herliðsins og öryggislögreglu Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið var að meta umfang og eðli mansals og vændis í Kosóvó, sem þá var verndarsvæði Sameinuðu þjóðanna og undir hervernd NATO. Var ég sendur af utanríkisráðuneytinu til að starfa með NATO-herliðinu sem svo kallaður Liaison Officer (milligöngumaður) milli NATO og Sameinuðu þjóðanna. Mitt starf í þessum hópi var aðallega að meta fjárhagslegar stærðir varðandi umfang starfseminnar. Kosóvó er á stærð við Reykjanesskagann og þar búa um tvær milljónir íbúa.

Talið var að um 300 vændishús væru starfandi í Kosóvó á þessum tíma. Þessi vændishús litu reyndar alveg út eins og kaffihús og þjónuðu einnig þeim tilgangi. Hins vegar voru yfirleitt 2 herbergi á bak við eða uppi á lofti þar sem verknaðurinn var framinn. Um 10 stúlkur störfuðu á hverjum stað eða hátt í 3.000 stúlkur á svæðinu. Stúlkurnar voru flestar frá Moldóvu, Rúmeníu eða öðrum fátækari löndum þar í kring og komu úr minnihlutahópum eða voru einstæðar mæður sem boðið hafði verið starf sem barnfóstrur eða sem húshjálp utan heimalandsins og þá yfirleitt á Ítalíu.

Flestar áttu þessar stúlkur erfitt uppdráttar í heimalandi sínu og gripu því fegins hendi þessi „gylliboð“ um starf erlendis. Oftast voru stúlkurnar seldar fyrir um 200 evrur (kr. 31.000) í hendur glæpaklíkna sem tóku af þeim vegabréfin, byrluðu þeim eiturlyf, beittu þær ofbeldi og nauðguðu þeim í þeim tilgangi að brjóta þær niður og gera þær „tilbúnar“ fyrir nýjan starfsvettvang. Stúlkurnar tvöfölduðust í verðmæti fyrir hvert land sem þær komu vestar í Evrópu og voru almennt greiddar um 2.000 evrur (kr. 310.000) þegar þær komu til Kosóvó og meira ef þær komust lengra, svo sem til Ítalíu.

Ástæðan fyrir því að Kosóvó varð oft fyrir valinu var sú að þar sem þetta var verndarsvæði Sameinuðu þjóðanna var ekki gerð krafa um vegabréfsáritun. Áætlað var að allt að 1.000 stelpur á ári hefðu farið til og í gegnum Kosóvó á ári. Mjög misjafnt var hvort eða hvað stúlkurnar sjálfar fengu í sinn hlut. Það var allt frá engu og upp undir 30% af tekjum. Það sem var yfirleitt greitt fyrir þessa þjónustu á þessum tíma var um 30 evrur (kr. 4.650) fyrir innfædda Kosóvóbúa og 70 evrur (kr. 10.850) fyrir útlendinga. Fjöldinn sem stúlkurnar áttu að þjóna á dag var á bilinu 6-8 karlmenn. Áætlað var að árstekjur fyrir þessa starfsemi hefðu verið eitthvað um 50 milljónir evra eða um 8 milljarðar íslenskra króna, sem er umtalsvert í landi sem er talið með fátækari löndum álfunnar. Um 70% af viðskiptavinum vændishúsanna voru innfæddir og um 30% voru erlendir hjálparstarfsmenn, sem unnu annað hvort hjá Sameinuðu þjóðunum eða öðrum hjálparstofnunum.

Þar sem bæði NATO og Sameinuðu þjóðirnar vissu af þessari starfsemi hafa margir án efa spurt sig þeirrar spurningar hvort þessar stofnanir hafi gert sitt til að koma stúlkunum til bjargar. Því er til að svara að það var reynt mörgum sinnum. Oft frelsaði öryggislögreglan stúlkurnar en fæstar fóru þó til síns heima þótt það væri í boði. Flestar enduðu þær aftur í vændi þar sem þær gátu ekki hugsað sér að snúa til síns heima vegna þeirrar reynslu sem þær höfðu orðið fyrir eða koma heim aftur peningalausar.

Einnig hurfu stúlkurnar sporlaust ef minnsti grunur var á að þær færu til yfirvalda. Sama gilti þegar átti að vitna gegn tilræðismönnum en dómskerfið var í uppbyggingu og þótti frekar svifaseint. Vitnavernd var lítil sem engin og í flestum tilfellum skiluðu vitnin sér ekki þegar kom að fyrirtöku dómsmálsins. Ljóst var að yfirvöld í Kosóvó þyrftu að breyta um aðferðir og beina sjónum sínum að eftirspurninni frekar en framboðinu.

Í kjölfarið hrintu Sameinuðu þjóðirnar í framkvæmd upplýsingaátaki um skaðsemi vændis og mansals, en því miður var greinarhöfundur ekki nógu lengi í Kosóvó til að sjá hvaða árangur það átak bar. Hafa ber í huga að það ástand sem fjallað er um í þessari grein var til staðar í landi þar sem tímabundið upplausnarástand ríkti vegna stríðsins sem staðið hafði yfir. Vonandi er búið að koma lögum og reglum yfir sem mest af þessari starfsemi í dag en með hliðsjón af því hversu mikill ábatinn er af starfseminni og glæpastarfsemin svo umfangsmikil og skipulögð er án efa margt óunnið í þessum efnum í Kosóvó.

Eins og fram kom á ráðstefnunni í Háskólabíói þann 24. október síðastliðinn eru ungir karlmenn í meiri mæli markhópur í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að fræða og virkja unga karlmenn til að breyta hugsunarhætti og afstöðu þeirra til kvenna. Ekki er hægt að útiloka vændi og mansal nema eftirspurnin eftir slíkri þjónustu hverfi. Hér þarf því hugarfarsbreytingu.

> Þar sem bæði NATO og Sameinuðu þjóðirnar vissu af þessari starfsemi hafa margir án efa spurt sig þeirrar spurningar hvort þessar stofnanir hafi gert sitt til að koma stúlkunum til bjargar.




# Davíð og DeCode

DeCode

Árni Alfreðsson
líffræðingur



Þjóðin er nú í naflaskoðun vegna hruns bankanna og hvað gerðist í aðdraganda þess. Í þessu samhengi er fróðlegt að rifja upp sögu Íslenskrar erfðagreiningar. Það leikrit er um margt líkt sjálfu hruninu og aðdraganda þess enda persónur og leikendur hinir sömu. Þeir sem fóru með helstu hlutverk hafa ýmist verið ákærðir eða eru stimplaðir sem siðlausir og/eða glæpamenn. En hvers vegna lærðu menn ekkert af ótrúlegum uppgangi og hruni fyrirtækis sem byggt var á sandi?

Árið 1996 er DeCode Genetics stofnað og dótturfélag þess Íslensk erfðagreining (ÍE) hefur starfsemi. Þarna skýtur stofnendum og hugmyndasmiðum fyrirtækisins, þeim Kára Stefánssyni og Hannesi Smárasyni, fyrst upp á stjörnuhimininn. Fljótlega byrja yfirlýsingar að streyma frá fyrirtækinu um ótrúlegar uppgötvanir og eigið ágæti. Fjölmiðlar spila með alveg frá byrjun.

Davíð Oddson forsætisráðherra veitir ÍE pólitíska fyrirgreiðslu frá fyrsta degi sem varla á sér hliðstæðu. Meðal þess sem byrjað er á er frumvarp til laga um „gagnagrunn á heilbrigðissviði“. Höfundur laganna er Baldur Guðlaugsson lögfræðingur sem þessa dagana dvelur í dómsal ákærður fyrir innherjasvik. Margir töldu lagafrumvarp þetta siðlaust með öllu og mikil umræða verður um það. Þrátt fyrir það leggur Alþingi blessun sína yfir þetta (des. 1998).

Fyrirtækið er duglegt að safna þjóðþekktu fólki í kringum sig. Vigdís Finnbogadóttir sest í stjórn og Ólafur Ragnar Grímsson gerist fljótlega sérstök klappstýra. Þannig er forstjóra NASDAQ boðið til kvöldverðar á Bessastöðum til að liðka fyrir skráningu fyrirtækisins á almennan markað. Páll Magnússon, þekktur fjölmiðlamaður og núverandi útvarpstjóri, er gerður að fjölmiðlafulltrúa og svona mætti lengi telja.

Ráðamenn og ríkisstjórn eru tíðir gestir á samkomum þar sem greint er frá stórkostlegum uppfinningum, forskoti fyrirtækisins eða þá að undirritaðir eru tímamótasamningar. Þetta líkist trúarsamkomum eða peppfundum píramídafyrirtækja. Frægasta dæmið er þegar Davíð situr í hásæti við undirritun samnings við þekkt lyfjafyrirtæki 1998. Í kjölfarið hefjast æðisgengin viðskipti með óskráð hlutabréf fyrirtækisins og atburðarás sem er alveg sambærileg við aðdraganda bankahrunsins áratug síðar.

Fyrirtækið bólgnar út með leifturhraða sem og kostnaður og tap við rekstur þess meðan hlutabréfin stefna í óþekktar hæðir. Sumarið 1999 þá kaupa ríkisbankarnir þrír, Landsbanki, Búnaðarbanki og Íslandsbanki hlutabréf í ÍE fyrir 6 milljarða króna til að forða félaginu frá gjaldþroti. Margeir Pétursson viðskiptasnillingur kallar þetta hins vegar traustsyfirlýsingu og „magnaðasta viðskiptatækifæri sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir“.

Bankarnir reyna auðvitað að losa sig við þessi bréf á sem hæsta verði. Til að tryggja áframhaldandi uppsveiflu hlutabréfanna þá er áróður fjölmiðla hertur enn frekar. Hver uppfinningin rekur aðra og yfirburðir, sérstaða og snilld eru „orð“ sem æ oftar eru notuð. Engu líkara en þarna sé komið uppkastið að frægri ræðu forsetans um íslenska efnahagsundrið.

Ef einhver gagnrýni heyrist þá er reynt að kæfa hana í hvelli. Oftar en ekki er það einhver ráðherra eða þingmaður sem stígur fram og talar um ómaklegar árásir og öfund. Viðbrögð sem allir kannast við frá því rétt fyrir hrun.

Allir sem vilja vita sjá að þetta er ein stór leiksýning. Forstjórinn heldur til á Alþingi og þingmenn eru inn á gafli hjá ÍE. Ríkisstjórnin virðist bókstaflega vera í vinnu hjá fyrirtækinu. Tengsl stjórnmálamanna og fyrirtækis hafa aldrei verið sýnilegri. Afrek á vísindasviðinu eru stórlega ýkt ef ekki hrein lygi. Ítök fyrirtækisins í fjölmiðlum, sem fjalla ekkert um þennan vef lyga, spillingar og siðleysis, eru augljós.

Það er svo í júlí 2000 sem fyrirtækið er loks skráð á NASDAQ-markaðinn. Við þetta hrapa hlutabréfin í verði. Fyrirtækið þolir bersýnilega illa smá birtu. Hannes Smárason yfirgefur sökkvandi skipið sama ár með fullar hendur fjár og heldur áfram farsælum ferli sem flestir þekkja.

Þrátt fyrir bakslag er hvergi slegið af í áróðrinum. Dansinn kringum gullkálfinn má ekki stöðva. Samt er svo illa komið 2002 að Alþingi neyðist til að samþykkja 20 milljarða ríkisábyrgð á láni til handa ÍE. Málið er að mestu í höndum Geirs Haarde fjármálaráðherra sem nú er á leið í dómsal. Þrátt fyrir þennan greiða og að þingheimur sé allur af vilja gerður þá liggur leiðin bara niður á við. Fyrirtækið skrimtir samt furðu lengi en er að lokum lýst gjaldþrota 2009.

Örfáum dögum fyrir fyrirséð gjaldþrot fær ÍE 1,5 milljarða lán frá ríkisbankanum Landsbankanum (jan. 2009) að því er virðist að tileggjan kúlulánadrottningarinnar Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Fyrirtækið virðist enn hafa fullkomna stjórn á ráðherrum og ríkisstjórn. Ríkisbanki er nú enn á ný farinn að styðja við bakið á fyrirtækinu eins og tíu árum fyrr. Hvað liggur að baki þessari fyrirgreiðslu?

Þrátt fyrir risa gjaldþrot og að um bandarískt fyrirtæki sé að ræða þá eru Kári og co. enn í brúnni á Íslenskri erfðagreiningu. Það hvílir þykk þoka yfir höllinni í Vatnsmýrinni þar sem hirðin heldur til eins og ekkert hafi í skorist. Þessu svipar til íslensku bankanna.

Segja má að tjöldin fari að falla upp úr 2002. Flestir búnir að afskrifa ævintýrið sem gjaldþrota loftbólu. Menn virðast hins vegar engan lærdóm draga af falli fyrirtækisins enda uppteknir við að einkavæða bankana svo ballið geti haldið áfram. Ekkert af þeim stórkostlegu sigrum á vísindasviðinu, lækningum og lyfjum sem fyrirtækið lofaði landsmönnum hafa orðið að veruleika.

Það umhverfi og andrúmsloft, siðleysi og sukk, sem búið var til á kerfisbundinn hátt undir stjórn útrásarvíkinga og stjórnmálamanna kringum Íslenska erfðagreiningu er rannsóknarefni. Þetta var uppskriftin að hruninu. Múgsefjun þjóðarinnar á þessum tíma var um margt merkileg en um leið hlýtur að þurfa að fletta ofan af leikritinu, höfundum þess og leikendum. Gestir, sem klöppuðu í leikhúsi fáránleikans, fá aldrei endurgreitt enda eiga það varla skilið.

> Ríkisstjórnin virðist bókstaflega vera í vinnu hjá fyrirtækinu. Tengsl stjórnmálamanna og fyrirtækis hafa aldrei verið sýnilegri. Afrek á vísindasviðinu eru stórlega ýkt ef ekki hrein lygi



**Ljósin** verða tendruð á Óslóartrénu á Austurvelli á sunnudag klukkan 16. Tæp sextíu ár eru síðan Norðmenn færðu Íslendingum í fyrsta sinn grenitré að gjöf til að skreyta Reykjavík. Tréð í ár var höggvið við hátíðlega athöfn í Aurtjørn í Nordmarka að viðstöddum sendiherra Íslands og borgarstjóra Óslóar.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






# Jólahlaðborð

*18. nóvember - 30. desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar er hafið. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 8.290 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*7.290 kr.*

Skötu- og jólahlaðborð Perlunnar
*Þorláksmessa, í hádeginu*

Nýárskvöldverður
*1. janúar 2010*

Það borgar sig að panta skötuna snemma!

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.
vísir.is


**Í matreiðslubók Úlfars Eysteinssonar er að finna þrjátíu uppskriftir fyrir fjóra sem allar kosta undir 1000.**



Úlfar segir mikilvægt að bera virðingu fyrir matnum og leggur til að fólk nýti afganga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Matur á þúsund krónur

Úlfar Eysteinsson matreiðslumaður á Þremur frökkum bregst við hærra matarverði með nýrri matreiðslubók þar sem allar máltíðir miðast við fjóra og kosta undir þúsund krónum. Í bókinni, sem heitir Úlfar eldar, er að finna þrjátíu uppskriftir að hefðbundnum réttum en tilurð bókarinnar lýsir Úlfar á þennan veg:

„Það skiptir máli að bera virðingu fyrir matnum, en það var eitthvað sem gleymdist árið 2007. Ég hafði verið að sýna starfsfólkinu og nemunum á Þremur frökkum hvað væri hægt að gera fyrir lítinn pening en þegar Lárus Karl Ingason ljósmyndari fór að ræða möguleikann á að gefa út bók um hagkvæma en góða eldamennsku fór ég að kafa aðeins dýpra.“ Saman ákváðu Úlfar og Lárus Karl að gefa út matreiðslubók sem auðveldar fólki að gefa fjölskyldunni góðan mat fyrir lítinn pening.

„Flestar uppskriftirnar eru grunnuppskriftir en fólk þarf ekki að vera hrætt við að skipta út hráefnum eftir hentugleika auk þess sem ég mæli sérstaklega með því að notaðir séu afgangar þegar þeir eru fyrir hendi. Á árum áður var matur af skornum skammti og fólk nýtti matinn betur. Með því að nýta afganga er hægt að spara heilmikið og eru nokkrar slíkar hugmyndir í bókinni.“

*vera@gmail.com*

## STEIKT KARFAFLÖK

800 g karfaflök með roði
hveiti
salt
sítróna
smjörlíki



*Flökin eru beinhreinsuð en látin halda roðinu. Skerið í fiskinn langsum og þversum að roðinu þannig að fiskurinn í roðinu myndi teninga á stærð við sykurmola. Flökunum er síðan velt upp úr hveiti og þau djúpsteikt í 180 gráðu heitri olíu í 2-3 mínútur. Stráið salti og kreistið sítrónu yfir. Borið fram með hrísgrjónum og súrsætri sósu, sojasósu eða majones-wasabi sósu. Tilvalið að snæða þennan rétt með prjónum.*




**Grýlugleði** verður haldin á Skriðuklaustri sunnudaginn 27. nóvember klukkan 14. Von er á sagnaálfum og gaulálfum sem munu segja frá og syngja um Grýlu og hyski hennar sem hefur búið um aldir í Bandsöxlinni ofan við Víðivelli í Fljótsdal. Ef að líkum lætur munu hin hræðilegu hjón renna á lyktina og reyna að finna sér eitthvað í svanginn.




Engiferdrykkurinn aada frá My Secret



50% magn engifers, kælivara

Á tilboði fram að jólum í næstu verslun

My Secret Digranesvegi 10, 200 Kópavogi
S. 527 2777 www.mysecret.is


# Teflt á torginu

**TORG–skákmót Fjölnis verður haldið í verslunarmiðstöðinni Torginu, Hverafold 5 í Grafarvogi á morgun. Mótið hefst klukkan 11 og því lýkur með glæsilegri verðlaunaafhendingu og happdrætti klukkan 13.**

Þetta er í fimmta sinn sem mótið er haldið og að sögn Helga Árnasonar, formanns skákdeildar Fjölnis, hefur fjöldi þátttakenda aukist ár frá ári. „Við hreiðrum um okkur á göngum verslunarmiðstöðvarinnar,“ segir Helgi. „Þátttakendur eru krakkar á grunnskólaaldri og við eigum von á fimmtíu til sextíu þátttakendum, að minnsta kosti. Í fyrra voru keppendur 64.“

Helgi er jafnframt skólastjóri Rimaskóla, en skákmennt stendur þar með miklum blóma. „Rimaskóli er í fararbroddi íslenskra grunnskóla í skákinni,“ segir hann. „Við eigum bæði núverandi Norðurlandameistara og Íslandsmeistara og það eru um 30 krakkar sem mæta hér á skákæfingar á hverjum laugardegi.“ Mótið á morgun er hraðskákmót, tefldar verða sex umferðir og umhugsunartíminn er sjö mínútur. Skráning fer fram á staðnum.

Skákdeild Fjölnis heldur mótið en fyrirtækin í Hverafold gefa vinninga og veitingar. NETTÓ Hverafold býður öllum þátttakendum upp á ókeypis veitingar auk þess sem verslunin gefur vinninga og þrjá eignarbikara. Önnur fyrirtæki sem gefa vinninga eru Pizzan, Foldaskálinn, Arion banki, Runni–Stúdíóblóm, Hárgreiðslustofan Höfuðlausnir, Bókabúðin Grafarvogi og Smíðabær.



Hin stórefnilega átta ára gamla skákkona Nansý Davíðsdóttir úr Fjölni verður meðal þátttakenda og kemur án efa til með að blanda sér í hóp verðlaunahafa.



Á Torg-skákmótinu 2009 var sett þátttökumet og fjölmargir gestir fylgdust með skemmtilegu móti.

## Handverkssala Ljóssins

LJÓSIÐ VERÐUR MEÐ HANDVERKSSÖLU Í NEÐRI SAL ÁSKIRKJU Á SUNNUDAG MILLI KLUKKAN 12 OG 17.

Leirlistaverk, gler, ullarvörur, þæfðar og prjónaðar; dúkkuföt og útskurður. Allt þetta og margt fleira verður til sölu á handverksmarkaði í Áskirkju á sunnudaginn milli klukkan 12 og 17. Kaffi og vöfflur verða líka seldar á góðu verði. Allur ágóði rennur til Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

„Hér eru um 30 manns að vinna hvern dag að handverkinu og aðstandendur hafa líka verið duglegir að gefa okkur hluti,“ segir Erna Magnúsdóttir forstöðukona og fullyrðir að aldrei hafi úrvalið verið flottara. „Húsnæðið okkar er orðið of lítið fyrir svona viðburð og því leituðum við á náðir kirkjunnar sem aðeins er í fimm mínútna akstursfjarlægð frá Ljósinu og þar eru næg bílastæði.“

*- gun*






# Hjólað inn í aðventuna

**Það spáir köldu og stilltu veðri um helgina, þegar aðventan kemur í hjörtun og landið klæðist sínu fínasta vetrarskarti. Þá er upplagt ævintýri að hjóla með Íslenska fjallahjólaklúbbnum til Álftavatns.**

„Að hjóla um landið að vetri til er allt öðruvísi upplifun en að sumri og hjartað fyllist fögnuði yfir fegurðinni sem við blasir þegar frost er í stráum og vötn ísi lögð, en við búumst við veislu fyrir augað alla leið,“ segir Hrönn Harðardóttir, kerfisfræðingur og fararstjóri Íslenska fjallahjólaklúbbsins sem í fyrramálið leggur upp í einstaka hjólaferð að Álftavatni.

„Álftavatn er í 65 til 75 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík, eftir því hvort hjóluð er Nesjavallaleið eða farið yfir Mosfellsheiði og meðfram Þingvallavatni, en leið ræðst af veðri, færð og óskum þátttakenda,“ segir Hrönn, sem gekk til liðs við klúbbinn fyrir ári.

„Margir halda að Íslenski fjallahjólaklúbburinn sé fyrst og fremst harðjaxlaklúbbur en þar er fólk af öllum stærðum og gerðum, bæði harðjaxlar, venjulegt hjólafólk og miðaldra húsmæður eins og ég,“ segir Hrönn hláturmild og full tilhlökkunar yfir ferð helgarinnar.

„Hjólreiðar á vetrum krefjast nagladekkja því þá finnur maður ekki fyrir hálku og er sem negldur á veginum. Því er ekki óttalegt að hjóla á hálum vegi sé maður vanur vetrarhjólamennsku, en við gerum kröfu um að fólk sé vant hjólreiðum að vetri, og allir sem eru vanir að hjóla til vinnu og annað í tvo tíma án þess að lenda í vandræðum eru færir í svona ferð, þótt vissulega þurfi að vera í góðu formi þar sem hjólað er í sex til átta tíma,“ segir Hrönn.

Á áfangastað verður gist í góðum bústað og trússbíll tekur farangur og fylgir ferðalöngunum eftir.

„Við hjólum inn í aðventuna og kveikjum auðvitað á kertum og upp í grillinu annað kvöld til að njóta góðs matar og slaka á í heita pottinum. Það er ekki ósennilegt að einhverjir verði með smákökur í farteskinu þessa fyrstu helgi aðventunnar og til margs að hlakka, en fyrst og fremst er það endorfínvíman sem fólk sækir í og kemur við sögu við svona átök. Hjólreiðum fylgir mikil vellíðan, góður félagsskapur og mikið grínast og hlegið í svona ferðum, enda allir með sama áhugamál og þá nær fólk strax saman. Við æjum svo reglulega og stingum okkur örugglega inn í heitt súkkulaði á Hótel Hengli til að hlýja okkur á leiðinni.“

Nánari upplýsingar og skráning hjá Hrönn í síma 823 9780 eða hjolahronn@gmail.



Hér er Hrönn í fallegum hjólatúr í miðborginni, en lagt verður af stað frá klúbbhúsi Íslenska fjallahjólaklúbbsins á Brekkustíg 2 klukkan 10 í fyrramálið. Allir eru velkomnir, burtséð frá aðild að klúbbnum, meðan pláss leyfir í húsinu við Álftavatn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Engiferdrykkurinn aada frá My Secret



75% magn engifers, kælivara.

Á tilboði fram að jólum í næstu verslun

My Secret Digranesvegi 10, 200 Kópavogi
S. 527 2777 www.mysecret.is

Kæru viðskiptavinir

Þar sem okkur er óheimilt að vera með fullyrðingar sem eru ekki vísindalega rannsakaðar, höfum við breitt því og sett nýjar merkingar á **aada** drykkinn. Ýmsar heimildir frá virtum háskólum víðsvegar um heiminn ásamt rannsóknum og sögum sýna að engifer er talinn vera mjög virk jurt við ýmsum kvillum.

Í **aada** frá My Secret er einungis notaður 100% ferskt engifer.
**aada** er íslenskt vörumerki og íslensk framleiðsla.

**Þórarinn - 56 ára**
„Ég hef verið að drekka **aada** drykkinn og er virkilega sáttur. Helsti munurinn sem ég finn á mér er að ég bý yfir miklu meiri orku en áður. Ég finn mikinn mun á liðleika, en fram til þessa hef ég verið mjög stífur í öllum liðum. Þetta leiðir til þess að ég á auðveldara með að hreyfa mig en áður. Blóðþrýstingurinn hefur haldist í góðu jafnvægi en hann var það ekki áður.“

**Kolbrún Una – 61 árs**
„Ég hef verið með of háan blóðþrýsting í nokkuð mörg ár ásamt nokkrum kvillum sem því fylgir, t.d. vökvasöfnun í líkamanum. Eftir að hafa drukkið **aada** í nokkrar vikur fann ég mun á líkama mínum, ég var bæði léttari og mér leið mun betur.“

**Fleiri reynslusögur viðskiptavina okkar er að finna á www.mysecret.is**

My Secret
aada

DIGRANESVEGUR 10 // 200 KÓPAVOGUR // SÍMI 527 2777 // INFO@MYSECRET.IS // WWW.MYSECRET.IS



**Kærleikskúlan 2010**, sem hefur fengið nafnið fjarlægð, verður afhent fimmtudaginn 2. desember og býður Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra til athafnar í Listasafni Reykjavíkur klukkan 11 af því tilefni. Markmiðið með sölu kúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í Reykjadal.

OLANG
Þeir eru komnir

NÝ SENDING AF KULDASKÓM MEÐ MANNBRODDUM
FYRIR DÖMU OG HERRA Í JÓLAPAKKANN ÞINN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



Hægt er að útbúa alls kyns útfærslur af jólakransinum og í þeim efnum er internetið gullkista þar sem skoða má alls kyns útgáfur af hurðakransinum klassíska.

**Heimild: www. amazing-christmas-ideas.com**

LAGERSALA
KRISTALL - GLER - POSTULÍN
NÚPALIND 1 - HVERAFOLD 1-3
HAFNARGATA 50
KEFLAVÍK



Jólatréssala Skógræktar Hafnarfjarðar byrjar á morgun. Þar fást líka þessar fallegu jólaskreytingar sem Steinar Björgvinsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í blómaskreytingum, útbýr. FRÉTTABLAÐIÐ STEFÁN

# Jólatréssala í Selinu

Jólatréssala Skógræktarfélags Hafnarfjarðar fer í gang í fyrramálið klukkan 10 og verður opin til klukkan 16 á morgun og á sama tíma á sunnudaginn. Salan fer að venju fram í Selinu við Kaldárselsveg og verður opin frá 10 til 18 á laugardögum og sunnudögum allar helgar fram að jólum. Auk íslenskra furu- og grenitrjáa býður félagið upp á greinar, köngla, mosa, leiðisgreinar, hurðarkransa og jólaskreytingar úr íslensku efni, en Steinar Björgvinsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í blómaskreytingum, sér um skreytingarnar.

Gestum er boðið upp á heitt súkkulaði og kökur í notalegu umhverfi skógarins þar sem oft má sjá sjaldgæfar fuglategundir eins og hettusöngvara og glóbrysting.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma félagsins: 555-6455. *- fsb*



Ef plássið eða fjárráðin leyfa ekki kaup á jólatré er gott að kaupa skreytingu sem minnir á tréð.



Jólasveinarnir koma til byggða 12. desember.

# Hjálpa jólasveinunum

**Barnabros eru hjálparsamtök sem gleðja börn á Íslandi. Starfsfólk þeirra hyggst létta undir með jólasveinunum í ár.**

Hjálparsamtökin Barnabros, sem hafa það að markmiði að gleðja börn á Íslandi sem sérstaklega þurfa á því að halda, bjóða öllum sem vilja að gerast aðstoðarmenn jólasveinanna sem eru væntanlegir til byggða 12. desember.

Tekið er við gjöfum í skóinn á öllum sölustöðum Olís frá 22. nóvember til 6. desember og sjá Barnabros um að koma þeim í hendur jólasveinanna. Einnig er hægt að leggja inn á Barnabros og munu starfsmenn sjá um innkaup fyrir þá jólasveina sem þess þarfnast. Nánari upplýsingar er að finna á www.barnabros.is.



Gjafir gleðja.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

15% afsláttur af öllum vörum
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is


KÆLISKÁPA TILBOÐ
Aðeins í örfáa daga, meðan birgðir endast
26-48% afsláttur
Örfá stykki af hverri gerð
Fyrstur kemur - fyrstur fær

| Gerð | Ytri mál HxBxD cm | Rými ltr. kæl. + fr. | Litur | Verð áður | Verð nú aðeins: |
|---|---|---|---|---|---|
| SKS-260 | 144x55x57 | 239 | hvítur | 92.900 | 49.900 |
| SKS-365 | 175x60x57 | 328 | hvítur | 116.200 | 69.900 |
| SKF-295 | 175x57x60 | 237 + 45 | hvítur | 129.900 | 74.900 |
| SKF-285 | 175x54x54 | 200 + 60 | innb. | 192.100 | 99.900 |
| C-140 | 85x56x60 | 127 | hvítur | 80.540 | 49.900 |
| R-130 | 85x56x60 | 97 + 17 | hvítur | 88.760 | 54.900 |
| F-100 | 85x56x60 | 129 | hvítur | 94.830 | 59.900 |
| C-290 | 145x60x60 | 275 | hvítur | 102.860 | 69.900 |
| F-245 | 145x60x60 | 205 | hvítur | 123.400 | 79.900 |
| RF-27 | 150x60x60 | 173 + 54 | hvítur | 136.360 | 89.900 |
| RF-32 | 176x60x60 | 233 + 54 | hvítur | 149.970 | 109.900 |
| RF-32 | 176x60x60 | 233 + 54 | stál | 188.670 | 139.900 |
| RF-36 | 195x60x60 | 233 + 88 | hvítur | 157.440 | 114.900 |
| RF-36 | 195x60x60 | 233 + 88 | stál | 198.070 | 146.900 |

Vönduð vara - fullkomin þjónusta ( eigið verkstæði )
Mán-fös kl. 09-18
Laugard. kl. 11-15
SNAIGE
Fríform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

26. nóvember 2010



EDDA HERMANNSDÓTTIR ER MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Tíska • Helgarráðin • Ný tískuverslun• Tulipop • Lanvin og H&M• Á rúmstokknum





Acer eMachine

350-21G16ikk

- 1.66GHz Intel Atom N450 örgjörvi
- 1GB DDR2 minni
- 160GB diskur
- 10,1" TFT WSVGA skjár
- Vefmyndavél
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Þráðlaust netkort
- Windows XP Home - SP3

intel Atom

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 57.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✱ Ekki missa af

**NOTALEG HELGI** Bókin Einmana prímtölur er fullkomin í bústaðinn yfir helgina. Sagan er grípandi og það er auðvelt að gleyma sér yfir henni. Tala nú ekki um ef maður situr í heitum potti á meðan.



## blogg vikunnar

### Coco Rosa



Á tískublogginu www.mypreciousconfessions.blogspot.com má finna margar fallega ljósmyndir sem stúlkan Coco Rosa tekur af sjálfri sér og fötum sínum. Myndirnar sjálfar gegna engu minna hlutverki en fatnaðurinn á þessu bloggi sem er skemmtilegt að skoða.

### Innblástur úr norðri

Síðan www.dagensoutfit.feber.se veitir tískuspekúlöntum innblástur þegar kemur að því að velja fötin þann daginn. Á síðunni er búið að safna saman myndum úr öllum áttum af fólki sem klæðist skemmtilegum fatasamsetningum. Góð síða fyrir þá sem vakna hvern morgun og hugsa: „Ég á ekkert til að fara í."

### Tveir heimar mætast



Bloggsíðunni www.stylescrapbook.com er haldið úti af suðuramerískri stúlku sem er nú búsett í Amsterdam. Á síðunni birtir hún myndir af sjálfri sér auk mynda af nýjustu þráhyggjunni og öðru tískutengdu efni.

SIGNÝ OG HELGA REKA SAMAN HÖNNUNARFYRIRTÆKIÐ TULIPOP:

# NAFNIÐ BARA PASSAÐI

Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir reka saman hönnunarfyrirtækið Tulipop. Signý sér um að hanna vörurnar en Helga sér um viðskiptahlið fyrirtækisins.

Þær stöllur kynntust þegar þær stunduðu nám við Menntaskólann í Reykjavík og hafa verið vinkonur allar götur síðan. Að sögn Signýjar hafði hugmyndin að fyrirtækinu verið lengi til þar til þær loks stofnuðu Tulipop í janúar á þessu ári. „Sagan í kringum nafnið er löng og flókin en okkur fannst nafnið Tulipop eiginlega bara smellpassa við teikningarnar mínar," útskýrir Signý.

Tulipop hefur hingað til aðallega framleitt falleg kort og skissubækur en mun bæta við vörulínu sína innan skamms. „Við ákváðum að byrja smátt og fara svo út í stærri hluti. Við erum byrjaðar að selja vörur okkur erlendis og þær fást núna víða í Svíþjóð og einnig í Kisunni í New York þannig að það eru spennandi tímar fram undan," segir Signý glaðlega. Hér heima fást vörur Tulipop meðal annars í verslununum Mýrinni, Aurum, Epal og Kisunni.

Stúlkurnar hafa einnig tekið að sér nokkur hliðarverkefni og hönnuðu meðal annars páskaegg fyrir UNICEF um síðustu páska og nú síðast sparibauk fyrir MP banka sem Signý segist hlakka til að sjá verða að veruleika.

Þegar hún er að lokum spurð hvaðan hún fái hugmyndirnar að fígúrum sínum segir Signý þær koma til hennar í hollum. „Eins og núna, á meðan ég tala í símann er ég að krassa á blað. Stundum er hægt að nota eitthvað sem kemur úr því krassi," segir hún og hlær. *- sm*



**TULIPOP** Signý Kolbeinsdóttir rekur fyrirtækið Tulipop ásamt vinkonu sinni, Hildi Árnadóttur. Tulipop framleiðir meðal annars falleg kort og skissubækur. FRÉTTABLAÐIÐ/


# JÓLAHANDBÓKIN KEMUR ÚT 30. NÓVEMBER

**Meðal efnis í blaðinu:**

Allt um jólamatinn; forréttir, aðalréttir, eftirréttir og borðskreytingar.

Fjölbreytt jólaskraut og jólaföndur.

Ólíkir jólasiðir.

Íslenskar og alþjóðlegar uppskriftir að jólakökum og jólasælgæti.




**Nánari upplýsingar veitir:**
Ruth Bergsdóttir
512 5469/ 694 4103
ruth@365.is




**... allt sem þú þarft**


Verður Alexander Wang næstur fyrir H&M?:

# Orðið á götunni



**Næstur til að hanna fatnað fyrir almúgann?**

Nú þegar fatalína Lanvin fyrir H&M er komin í búðir eru tískuspekingar strax byrjaðir að velta fyrir sér hvaða hönnuður verður næst fyrir valinu.

Sá sem oftast er nefndur er hinn ungi og efnilegi Alexander Wang en þær raddir urðu bara hærri eftir að hann sást sitja á fremsta bekk á Tískusýningu Lanvins fyrir H&M í New York síðustu helgi. Wang er þekktur fyrir vandaðan bómullarfatnað, flottar leðurvörur og töskurnar frá hönnuðinum hafa svo sannarlega slegið í gegn. Það yrði því mjög spennandi ef vörur Alexanders Wang myndu rata í hillur Hennes&Mauritz á næstunni. *- áp*

## ✱ augnablikið



**SKRAUTLEG** Söngkonan Kesha mætti í þessari múnderingu í veislu sem tímaritið Rolling Stone hélt eftir bandarísku tónlistarverðlaunahátíðina sem haldin var á sunnudaginn.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** **Valgarður Gíslason** **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


jólagjafaverð
the PIER
Kerti 3 fyrir 2
Kerti 3 fyrir 2
Armbönd silfur frá 590.- settið
Trédýr frá 490.-
Armbönd gyllt og svört 1.390.-
Hálsmen 3.590.-
30% afsláttur
Jóladiskar og skálar frá 413.-
Hringar bláir 790.-
Hringar svartir og rauðir 890.-
Kökur frá 690 settið
Armbönd marglit 790.-
30% afsláttur
Rammar frá 592.-
the PIER
The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880



Afrakstur samvinnu Lanvin og H&M loksins sýndur:

# FRÍKAÐ OG FLOTT FRÁ LANVIN

Afrakstur samvinnu sænska fatamerkisins H&M og tískuhússins Lanvin var frumsýndur í New York í síðustu viku. Tískusýningin var litrík, tryllt og vægast sagt skrautleg og minnti einna helst á ávöxt ástarævintýris milli pönksins og níunda áratugarins. - *sm*

**Herrar mínir og frúr** Flottur blazer-jakki og yndisleg svört slaufa um hálsinn.



**Flott!** Æðislegur svartur kjóll við hlébarðasokkabuxur.



**Mynstur á mynstur ofan** Hönnuður Lanvin hefur verið óhræddur við að leika sér með ýmis dýramynstur í línunni fyrir H&M.



**Prinsessukjóll** Þessi kjóll var sá sem flestar stúlkur þráðu að eignast úr Lanvin-línunni fyrir H&M.



**Rauðklædd díva** Einstaklega fallegur rauður kjóll sem væri fullkominn í áramótateitið.


JÓLAGJÖFIN Í ÁR

FRAMKOMU-& FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 25. OG 27. JANÚAR

SJÁLFSTYRKING • FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR
INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF • FÖRÐUN • UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS
MYNDATAKA • TÍSKUSÝNINGARGANGA • FYRIRSÆTA KEMUR Í HEIMSÓKN
FÍKNIEFNAFRÆÐSLA • LEIKRÆN TJÁNING

Umsjónarkennari námskeiðsins er Edda Björk Pétursdóttir fyrirsæta hjá Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu og mascara frá Maybelline, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.

SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 533-4646
EÐA ESKIMO@ESKIMO.IS
VERÐ 17.900



GJAFABRÉF Á NÁMSKEIÐ HJÁ ESKIMO

eskimo MAYBELLINE NEW YORK




## Á RÚMSTOKKNUM
*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Barbie-sambönd

Eitt sinn las ég bók um opin sambönd. Þegar ég var tæplega hálfnuð með lesturinn þá var ég sannfærð um að það væri fáránlegt að skuldbinda sig einum aðila. Betra væri að velja sér einn „uppáhalds" og vera með honum bróðurpart úr degi en eyða líka innilegum tíma með öðru fólki. Rétt eins og í Bachelorette-þáttunum. Einhleyp kona hittir nokkra karlmenn á sama tíma og á í innilegu ástarævintýri við þá en velur svo þann besta úr hópnum til að vera með í sambandi.

Hvert par sér um að semja sínar reglur um hvað má og hvað ekki og allir eru glaðir, frjálsir og fullnægðir. Ég á það til að vera hugmyndafræðilega hrifnæm og ætli þetta hafi ekki verið dæmi um slíkt. Nýverið datt ég inn í umræður um stúlku sem var boðið á stefnumót. Maðurinn var hinn fullkomni karlmaður, en daginn eftir, þegar hún gúgglaði hann, sér hún að hann er skráður í hjónaband. Honum hafði láðst að segja henni frá sambandsstöðu sinni í kossaflensinu kvöldinu áður. Maðurinn ítrekaði boðið um stefnumót en þegar hún neitaði sagðist hann vera í opnu hjónabandi. Hann hvatti hana eindregið til að hitta sig enda höfðu þau náð vel saman.

> **Maðurinn var hinn fullkomni karlmaður, en daginn eftir, þegar hún googlaði hann, sér hún að hann er skráður í hjónaband.**

Við skeggræddum hvernig slíkt gengi fyrir sig og ef stúlkan myndi þiggja boðið hvort hún væri þá „hin konan" og þá þátttakandi í opinberu framhjáhaldi. Auk þess yrði tími þeirra takmarkaður við samverustundir utan hans heimilis og fjölskyldulífs. Einstaklingar í opnu sambandi hljóta einnig að reyna að aðgreina persónulega hluti eftir því með hverjum þeir eru hverju sinni. Rétt eins og Barbie. Það fer kannski eftir því hvaða Barbie þú lendir á – gallabuxna-Barbie eða prinsessu-Barbie – hvaða persónu viðkomandi sýnir?

Fólk talar oft um að það sé nánast ógjörningur að finna maka en þegar hann er fundinn þá taki við mikil og stöðug vinna. Ef umrædd stúlka þiggur stefnumótið verður þetta samband sem er fast á stefnumótastiginu. Reglurnar um opið samband eru frekar ópraktískar fyrir þá sem eru einhleypir og í leit að alvarlegu sambandi. Í hugum sumra kann það að vera eftirsóknarvert að vera á sífelldum stefnumótum en þó er mannveran þannig gerð að slíkt nægir fæstum og að endingu þróast ástin í traust og skuldbindingu (svo ekki sé minnst á afbrýðisemi og eigingirni). Svo er það stóra spurningin, hefði stúlkan bara átt að fara á stefnumótið og láta örlögin ráða rest?

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***





# Engin transfita í yfir 20 ár!

*Transfitusýrur heyra sögunni til hjá framsýnum fyrirtækjum.*
*Nú eru liðin meira en 20 ár síðan þær hurfu úr vörunum frá okkur!*
*Allar okkar vörur eru íslensk gæða framleiðsla úr bestu fáanlegu hráefnum.*

Þykkvabæjar

*– íslensk gæði eftir þínum smekk!*

Edda Hermannsdóttir er nýr spyrill spuringaþáttarins Gettu betur. Hún segist lengi hafa haft áhuga á því að starfa við fjölmiðla og því sé þetta kærkomið tækifæri.



*„Mér finnst mjög gott að vera í námi með barn og það eru ýmis þægindi sem fylgja því.“*




# NÝTUR ÞESS EKK
# DREKKA BJÓR OG K

**Edda Hermannsdóttir er gift æskuástinni, stundar háskólanám í hagfræði, á von á sínu öðru barni skömmu fyrir jól og er nýr spyrill spurningaþáttarins Gettu betur. Þrátt fyrir að hafa í nægu að snúast segist Edda reyna að taka lífinu með ró.**

*Blaðamaður:* **Sara McMahon**
*Ljósmyndir:* **Valgarður Gíslason**
*Fatnaður:* **Andersen & Lauth**

Edda er uppalin á Akureyri en flutti suður árið 2007 þegar hún hóf nám við Háskóla Íslands. Hún heimsækir þó æskustöðvarnar eins oft og hún getur enda er hún mikill Akureyringur í sér. Edda á eina litla dóttur með eiginmanni sínum, Halldóri Svavari Sigurðssyni, og á von á sínu öðru barni stuttu fyrir jól. Innt eftir því hvort það taki ekki á að vera í námi með barn svarar hún því neitandi. „Mér finnst mjög gott að vera í námi með barn og það eru ýmis þægindi sem fylgja því. Sjálfri finnst mér ég hafa meiri tíma til að sinna dóttur minni enda hæfilega kærulaus námsmaður,“ segir hún hlæjandi.

## STAL BESTA VININUM

Edda og Halldór Svavar hafa verið saman frá því hún var sextán ára gömul og var hann besti vinur stóra bróður hennar. „Bróðir minn var fyrst ekkert voðalega hrifinn af því að litla systir hans hefði stolið besta vininum, en við erum mjög góður vinahópur í dag. Hann fékk svo að halda bitra ræðu í brúðkaupinu okkar síðasta sumar,“ segir hún brosandi.

Parið hélt óhefðbundið sveitabrúðkaup fyrir norðan síðasta sumar og gifti sig undir berum himni í viðurvist fjölskyldu og vina. „Ég er svolítið stressuð týpa þannig að við ákváðum að gera þetta á þann hátt að við gætum bæði notið dagsins. Ef við hefðum haldið hið fullkomna hvíta brúðkaup hefði ég bara stressast yfir smámunum og ekki getað slappað af. Við giftum okkur í sveitinni hjá honum og gestirnir sátu bara í þúfunum fyrir neðan pallinn sem Halldór Svavar hafði smíðað fyrir þetta tilefni. Athöfnin fór fram undir berum himni og ég hafði verið mjög stressuð í marga mánuði um að það mundi rigna, sem það gerði að sjálfsögðu, en það entist bara stutt og svo kom sólin. Þannig þetta var bara dásamlegur dagur í alla staði,“ segir Edda brosandi. Hún segir lítið hafa breyst eftir að hún gifti sig, skrítnast finnst henni að geta nú kallað sig eiginkonu einhvers. „Ég var bara mjög heppin að finna manninn minn í fyrstu tilraun,“ bætir hún glaðlega við.

Edda lýsir móðurhlutverkinu sem dásamlegu og segir dóttur sína vera fjöruga og ákveðna litla dömu. Innt eftir því hvort það að vera foreldri sé eins og hún hafði ímyndað sér brosir hún og svarar neitandi. „Þetta er ekkert eins og ég bjóst við að það yrði. Þetta er auðvitað mjög erfitt á köflum en á móti er þetta svo dásamlegt að maður er fljótur að gleyma þessu erfiða og leiðinlega. Við erum líka heppin með það hvað við erum samhent og samtaka í uppeldinu og Halldór Svavar er mjög mikill pabbi.“

## MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Edda starfar sem leikfimikennari hjá World Class og að hennar sögn hefur hún alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum. Eftir að hún átti dóttur sína fór hún að stunda hlaup og hefur tvisvar hlaupið 10 kílómetrana í Reykjavíkurmaraþoninu. „Ég fór að æfa með vinkonu minni sem er mikil íþróttamanneskja og það var mér mikil hvatning. Ég er með mikið keppnisskap og markmið mitt var alltaf að koma á undan henni í mark og það tókst, ég náði að lauma mér fram hjá henni á síðustu metrunum.“

Edda er einnig meðlimur í Röskvu, hefur setið í Stúdentaráði Háskóla Íslands í eitt ár og er einnig formaður Fjölskyldunefndar. Hún segir félagsskapinn í Röskvu skemmtilegan en hefur þurft að draga sig í hlé undanfarna mánuði vegna óléttunnar. „Það hefur verið mjög skemmtilegt að taka þátt í þessu starfi og kynnast fólkinu sem er í Röskvu, en þetta er tímafrekt starf og þess vegna hef ég þurft að draga mig svolítið í hlé núna á meðan ég er að sinna öllu hinu.“

Það ríkir mikið og öflugt félagslíf í kringum stúdentapólitíkina og viðurkennir Edda að hún hafi ekki verið sú öflugasta í félagslífinu hingað til. „Nei, ég hef ekki verið sú öflugasta á bjórkvöldunum,“ segir hún og hlær. Á vefsíðu Röskvu stendur að Edda sé jafnframt eini meðlimur félagsins sem drekkur ekki bjór, er það rétt? „Já. Ég segist aðeins drekka léttvín, en ég er bara ekki orðin nógu þroskuð til að njóta þess að drekka bjór og kaffi og skar mig mjög úr í Háskólanum vegna þessa,“ segir hún glaðlega.

## FJÖLMIÐLAÁHUGINN Í ARF

Edda segist lengi hafa haft áhuga á að vinna við fjölmiðla og tók meðal annars einn valáfanga í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Í áfanganum áttu nemendur að búa til útvarpsþátt sem fluttur var á Rás 1 og vakti Edda sérstaka athygli Sigrúnar Stefánsdóttur, dagsskrárstjóra RÚV. Eddu var í kjölfarið boðið að koma í prufu sem spyrill spurningaþáttarins Gettu betur. Hún sló að sjálfsögðu til, enda ekki hægt að hafna svo góðu boði. „Það hefur alltaf blundað í mér einhver áhugi fyrir því að starfa innan fjölmiðla, en ég bjóst alls ekki við því að þetta mundi gerast svona hratt. Þetta er sannarlega stórt tækifæri sem mér bauðst og ég er þakklát fyrir það,“ segir hún.

Edda er dóttir Hemma Gunn sem stýrði af sinni alkunnu snilld sjónvarpsþættinum Á tali hjá Hemma Gunn og hefur því ekki langt að sækja hæfileikana. „Ég ólst reyndar ekki upp hjá honum en við höfum alltaf verið fínir vinir. Það



# I AÐ
# KAFFI

kemur í ljós núna að við eigum meira sameiginlegt en ég hélt, ég hef þennan fjölmiðlaáhuga í það minnsta ekki frá mömmu því hún er dauðstressuð yfir þessu.“

### KREFJANDI STARF

Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem Edda kemur fram í Gettu betur því hún var formaður nemendafélags Menntaskólans á Akureyri þegar skólinn vann Gettu betur fyrir nokkrum árum og fór þá fyrir klappliði skólans. Innt eftir því hvort það verði erfitt að gæta hlutleysis ef gamli menntaskólinn kemst í úrslit segir hún: „Ég er búin að kúpla mig út úr menntaskólagírnum og ætti því að fara nokkuð létt með að halda í hlutleysið.“

Það er krefjandi starf að stýra spurningaþætti í beinni útsendingu og hefur Edda verið dugleg að undirbúa sig fyrir þáttinn. „Ég hef reynt að undirbúa mig eins og ég mögulega get og æft mig á eiginmanninum og vinunum sem eru eiginlega búnir að fá nóg af spurningum mínum. Allt starfsfólkið á RÚV hefur líka verið mjög hjálpsamt og gefið mér ýmis góð ráð.“

Edda hlakkar til að hefja störf en segist þó helst vera að einbeita sér að prófum og barneignum að svo stöddu, en þau hjónin eiga von á sínu öðru barni nokkrum dögum fyrir jól. „Ég er að reyna að hugsa bara um eitt í einu. Núna er ég að leggja lokahönd á allan jólaundirbúning svo allt verði tilbúið áður en barnið kemur. Ég vona bara að það komi fyrr en síðar,“ segir þessi atorkusama stúlka að lokum.



Fjölskyldumynd tekin stuttu eftir að við fjölskyldan fluttum til Íslands frá Danmörku. Við bjuggum þar í rúm fimm ár á meðan pabbi var í námi. Eftir þessa dvöl urðum við forfallnir Kim Larsen aðdáendur og vitum fátt betra en að heimsækja Danmörku.



Brúðkaupsdagurinn okkar í sveitinni hjá tengdaforeldrum mínum í Öxarfirði. Erfitt að finna fallegra umhverfi til að ganga í það heilaga.



Ég og Sigga Ásta æskuvinkona mín á útskriftardaginn okkar. Við eigum venjulega mjög erfitt með að haga okkur vel og vera prúðar á myndum en þetta var ein af fáum sem ég fann.

Signatures Of Nature
-náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur



Jólin eru komin til okkar, tökum vel á móti þér. Erum komin með mikið úrval af gjafakössum bæði fyrir andlit og líkama.

Kolbrún Björnsdóttir útvarpskona

„Náttúrulegar vörur sem henta mér frábærlega og á verði sem mætti sjást oftar í verslunum. Ég myndi samt kaupa þær þótt þær væru tvöfalt dýrari.“

Gefðu unaðslegt dekur í jólagjöf
Gjafakassar frá – 1.990 kr.
Jólakertin fást hjá okkur íslensk framleiðsla
Hugaðu að líkama og sál
Verlsanir okkar eru í Smáralind 2. hæð við D-inngang | sími 511-10-09
www.signaturesofnature.is

# tíðin

✻ Kveikið kerti



**EVAN OPNUÐ Á NÝJUM STAÐ** Verslunin Eva opnaði á nýjum stað á dögunum eða nánar tiltekið í gamla Skífuhúsnæðinu á Laugavegi 44. Það er því tilvalið að kíkja á herlegheitin um helgina enda á verslunin að vera hin glæsilegasta. Kannski jólafötin leynist þar?

## mælistikan

### Á uppleið:

**Dökkar varir** hafa verið á hraðri uppleið undanfarna mánuði enda fara dökkir varalitir og -gloss vel við föla húð í vetur.



**Jólaglögg.** Hvort sem það er áfengt eða óáfengt þá er heitt jólaglögg nauðsynlegt til að koma manni í jólaskap. Berið fram á köldu vetrarkvöldi með nýbökuðum piparkökum í góðra vina hópi.

**Útvarpsstöðvar.** Stundum er gott að sleppa sjónvarpsglápi eitt og eitt kvöld í mánuði og í staðinn safnast saman við útvarpið. Það er eitthvað svo notalegt að einbeita sér aðeins að því að hlusta.



### Á niðurleið:



**Alltof dýr jól.** Það er ekki í takt við jólaandann að ætla sér að safna skuldum svo hægt sé að halda lúxusjól. Dýrustu gjafirnar eru ekki endilega þær bestu því skemmtilegar heimagerðar gjafir hitta alveg eins í mark.

**Ökuníðingar.** Fólk sem keyrir of greitt, virðir ekki stöðvunarskyldu, gefa ekki stefnuljós og stoppar ekki fyrir gangandi vegfarendum er á hraðri niðurleið. Það kostar ekkert að sýna smá tillitssemi í umferðinni – auk þess er það mun öruggara.



**Blikkandi jólaseríur.** Ekki nóg með að það er áreiti fyrir heimilisfólkið heldur veldur þetta nágrönnum og gangandi vegfarendum óþægindum. Jólakósíheit eiga ekkert sameiginlegt með teknótónleikum.







Plötusnúður í verslunarrekstri

# MARKMIÐIÐ AÐ VERA Í MIÐJUNNI

„Okkur langaði að opna búð með venjulegum fötum á góðu verði," segir Natalie Gunnarsdóttir, en hún opnaði nýverið fataverslun ásamt vinkonu sinni, Maríu Birtu, á Laugavegi 51 sem nefnist Altari. Natalie, sem flestir þekkja betur sem Dj. Yamaho, ætlaði ekkert að fara í verslunarrekstur en lét til leiðast eftir að María, sem rekur verslunina Maníu, talaði hana til í að gera þetta með sér „Ég byrjaði náttúrulega 18 ára að vinna í Smash og svo fór ég yfir í Spúútnik en þar var ég í mörg ár, svo ég veit alveg hvað ég er að fara út í," segir Natalie en hún hefur gaman af því að hafa stjórn á vöruúrvalinu. Altari einbeitir sér að undirstöðuflíkum eins og góðum bolum og peysum sem allir verða að eiga í fataskápnum að hennar sögn.



**Kósý** Stórar ljósakrónur og viður einkenna útlit verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er persónulega mjög hrifin af merkinu American Apparel en þeir vilja ekki senda til Íslands svo við fundum annað merki sem heitir Alternative Apparel sem býður góða vöru á góðu verði og einbeitir sér að „fair trade" verslunarháttum," segir Natalie en ásamt einföldum bómullarfatnaði frá þessu merki eru stöllurnar með gallabuxnamerkið Trip ásamt skarti, skóm og eru jafnvel að fá ilmandi líkamsolíur í næstu viku.



**Ný verslun í miðbænum** Natalie er ánægð yfir að vera komin í verslunarrekstur en búðin Altari sérhæfir sig í gæðalegum bómullarfatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við tökum gjarna við ábendingum frá fólki um góð merki sem vert er að skoða. Altari á að vera búð sem allir geta komið í og við ætlum okkar að vera í miðjunni á markaðnum," segir Natalie að lokum en búðina er að finna á Laugavegi 51.

*- áp*

Linda Björk Sumarliðadóttir:

# Brimbretti engu líkt

**ALDUR:** 30 ára.

**STARF:** Ég starfa við áhafnarskipulagningu hjá Flugfélaginu Primera Air og er formaður Brettafélags Íslands.

**HVAÐ ERTU BÚIN AÐ STUNDA BRIMBRETTI LENGI?** Af og til síðan 2002.

**AF HVERJU BYRJAÐIRÐU?** Ég kynntist þessu í gegnum snjóbrettafélaga mína, fékk að prufa og keypti mér bretti fljótlega eftir það. Frá því að ég steig fyrst á snjóbretti hef ég verið forfallin brettasportari hvort sem það er snjóbretti, hjólabretti eða brimbretti. Ég vissi strax að þetta væri eitthvað fyrir mig.

**HVAÐ ER ÞAÐ BESTA VIÐ BRIMBRETTAIÐKUN?** Það er bara ekkert þessu líkt. Þetta er ótrúlega skemmtilegt en líka mjög krefjandi. Það er enginn tími til að hugsa um neitt annað á meðan maður er að reyna við öldurnar og svo er fátt betra en að ná góðri öldu.

**ER ÞETTA DÝRT ÁHUGAMÁL?:** Start kostnaðurinn er nokkuð mikill og svo þarf að sjálfsögðu að endurnýja græjurnar með reglulegu millibili, en sem betur fer ekki allt í einu. Maður verður að eiga góðan galla, skó, hanska, surf-vax og að sjálfsögðu gott bretti sem hentar getustigi. En þetta er vel þess virði.

DELLU kerling



**Linda Sumarliðadóttir er hrifin af hvers kyns brettaíþróttum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jólin koma, jólin koma…



## MOMO
Laugavegi 42, 101 Reykjavík
S: 552-18181
www.momo.is

Verð: 7.990
Stærð: 36 – 41



Samfestingur
Verð: 8.990
Stærð: ein stærð
Leðurjakki:
Verð: 11.990 kr.
Stærð: S - XL
Belti: 3.990 kr.
Hálsfesti: 2.990 kr.

## BATA skóverslun
Smáralind.
S. 511-2020



Verð: 21.490 kr
Stærð: 36 – 41



Verð: 32.790 kr.
Stærð: 36 – 41

## SOHO Market
Grensásvegi 16, í porti.
S. 553-7300



Verð: 8.990 kr.
Stærð: ML – L – XL
Bolur:
Verð: 2.990 kr.
Stærð: 8 - 14
Hálsfesti m/eyrnalokkum: 4.990 kr.



Verð: 12.990 kr.
Stærð: ein stærð
Hálsmen: 3,990 kr.



Verð: 7.990
Stærð: S – M – L
Hálsmen: 2.990 kr

## KELLO
Kringlunni
S. 568-4900



Verð: 34.990 kr.
Stærð: 36 – 48



Verð: 14.995 kr.
Stærð: S - XXL
Hálsmen: 5.995 kr.



Verð: 54.990 kr.
Stærð: 36 - 46
Litur: Svartur og brúnn



Verð: 29.990 kr.
Stærð: 36 - 46
Hálsmen m/silfri: 7.990 kr.

## Hagkaup



Verð: 3.999 kr.
Litir: Blátt, grátt og beinhvítt



Verð: 4.990 kr. til í
Litir: Svartur og rauður



Verð: 5.990 kr
Litir: Silfur



Húfa úr kanínuskinni
Verð: 2.989 kr.



Verð: 8.990 kr.
Litir: Svartur og brúnn

EIN VINSÆLASTA FYRIRSÆTAN Í DAG

# HIN MÖRGU **ANDLIT FREJU**

Danska fyrirsæta Freja Beha Erichsen trónir á toppnum yfir vinsælustu fyrirsætur í heimi. Hún er kamelljón þegar kemur að fyrirsætustörfunum og allt fer henni bókstaflega vel. Í hinu daglega lífi einkennist hins vegar stíll hennar af leðurjökkum og buxum og daman státar sig af 16 húðflúrum víðs vegar um líkamann.

Freja er upprunalega frá Hróarskeldu og var uppgötvuð á strætum Kaupmannahafnar af umboðsmanni sem ók framhjá henni í leigubíl.

Hönnuðir hafa heillast af útliti stúlkunnar og hún hefur verið það mikill innblástur fyrir fatahönnuði að tískuhúsin Chloé og Jill Stuart hafa nefnt tösku í höfuðið á henni og ungstirnið Alexander Wang nefndi eina af sínum vinsælustu skóm í höfuðið á Freju síðasta sumar. Freja er súpermódel okkar tíma.



**DIESEL** Gengur niður tískupallinn með blásið hár í stuttu gallapilsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**STÍFUR TOPPUR** Hér sést glitta í eitt af 16 húðflúrum dömunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**TAGL** Næsta sumar verður gegnsætt gegnumgangandi og hér sést Freja skarta einu slíku pilsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**SVART OG SEIÐANDI** Freja gengur hér eftir pallinum með mikið máluð augu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**ROKKARI** Í doppóttri skyrtu í stuði rétt áður en hún gengur inn á tískupallinn fyrir Erin Wasson RVCA. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Litríkt** Flottar litasamsetningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






**Tískufrömuður** Karl Berndsen hefur gefið út sína fyrstu bók, Vaxi-n. Bókin er leiðarvísir fyrir konur um frumskóg tískunnar.

Karl Berndsen gefur út sína fyrstu bók:

# Gefur góð ráð

Tískufrömuðurinn Karl Berndsen hefur sent frá sér sína fyrstu bók. Bókin nefnist Vaxi-n og er eins konar leiðarvísir fyrir konur um þann frumskóg sem tískan getur verið.

Karl sló eftirminnilega í gegn með sjónvarpsþáttinn Nýtt útlit sem sýndur var á Skjá einum og segir hann hugmyndina að bókinni hafa fæðst þegar hann vann að undirbúningi þeirra þátta. „Ég þurfti að sanka að mér meiri vitneskju um klæðnað og tísku fyrir þáttinn. Mig langaði vita allt og ákvað svo að safna þessu efni saman í eina bók. Ég er ekki að gefa nein fyrirmæli í bókinni heldur eingöngu að sýna fram á grundvallarhlutföll sem konur geta miðað við í fatavali og benda á eitt og annað sem ég hef lært í gegnum tíðina í starfi mínu,“ útskýrir Karl.

Hann segist ekki hafa kunnað við að kalla konur perur og banana eftir vaxtalagi þeirra og fann í staðinn orðið VAXI, þaðan sem bókin dregur titil sinn. Karl nefnir sem dæmi að V-konur séu breiðari yfir axlir en yfir mittið á meðan A-konur eru breiðari yfir mjaðmir.

Aðspurður segir Karl það hafa komið sér á óvart hvað konur eru haldnar miklum ranghugmyndum um líkama sinn og einblíni gjarnan á galla sína frekar en kosti. „Flestar konur rífa sig niður í stað þess að einbeita sér að kostum sínum og draga þá fram,“ segir Karl og útilokar ekki að svipuð bók ætluð karlmönnum muni líta dagsins ljós í framtíðinni. - sm


Gullverðlaun
Starfsmenn Holtakjúklinga mega vera stoltir, því á dögunum hlaut léttreykta kjúklingabringuáleggið frá Holtakjúklingum gullverðlaun í fagkeppni kjötiðnaðarmeistara. Þeir eru vel að þessum gullverðlaunum komnir enda er áleggið framleitt af mikilli fagmennsku úr besta hráefni sem völ er á.
2010
Holta
KJÚKLINGABRINGUÁLEGG léttreykt
Grunnur að góðri máltíð
www.holta.is
Holta
KJÚKLINGUR
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



# HELGARRÁÐIN

**Helgi Freyr Helgason, bakari hjá Sandholt Bakaríi**




1 Notið íslenskt smjör í jólabaksturinn í stað smjörlíkis. Það gefur mýkri áferð á kökurnar og meira bragð. Smjör er hollara en smjörlíki því það er hrein fita. Smjörlíki er hert jurtaolía og tekur það langan tíma fyrir líkamann að brjóta hana niður. Notið eins mikið af íslensku hráefni og mögulegt er.



2 Ekki baka í vondu skapi, það er leiðinlegt. Afraksturinn verður miklu betri ef maður er í stuði á meðan bakað er. Tilvalið að spila til dæmis jólaplötu Björgvins Halldórssonar.

3 Gefa sér góðan tíma og skipuleggja sig vel. Ekki reyna að gera of mikið í einu og leyfið endilega öðrum fjölskyldumeðlimum að vera með. Börnum finnst mjög gaman að baka og þetta er einmitt tíminn sem fjölskyldan á að koma saman og hjálpast að. Leyfið öllum að smakka meðan á bakstrinum stendur í stað þess að geyma í dollum inni í skáp og henda um páskana.

4 Reynið að grafa upp gamlar uppskriftir frá forfeðrum til að endurvekja og viðhalda gömlum hefðum.

5 Fyrir þá sem vilja er ágætt að hafa sérríglas við hendina. Hér áður fyrr var enginn maður með mönnum eða kona með konum nema baka yfir nítján sortir fyrir jólin, þá er sérrí nauðsynlegt.


SJÓNVÖRP MEÐ DVD




UNITED

United 19DD92HD
19" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1440x900p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 59.990




UNITED

United 22DD92HD
22" FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990




UNITED

United 26DD92HD
26" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, Nicam Stereó, 3x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 89.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

Fylgstu með



**Hnetur** eru mikilvæg uppistaða í mörgum jólasmákökum. Þær þykja hollar enda auðugar af prótíni, E-vítamíni, fólínsýru, magnesíum, kopar og trefjum. Hnetur eru hins vegar fituríkar og í 24 möndlum eru 160 kaloríur.



# Ítölsk jól með Panettone

**Panettone er jólalegt, sætt brauð, sem á rætur að rekja til Mílanó á Ítalíu en Ítalir gæða sér á brauðinu á jólum og áramótum. Brauðið nýtur einnig vinsælda í Suður-Ameríku, Sviss og á Möltu um jólaleytið.**

Panettone er sætt og létt brauð sem nýtur mikilla vinsælda á Ítalíu um jólin enda upp runnið í Mílanó. Brauðið er svolítið flókið í gerð enda leggja fæstir Ítalir í að búa það til sjálfir, heldur panta það oft með fyrirvara hjá bakaríum og sækja stuttu fyrir jól.

Nokkrar þjóðsögur eru til um uppruna Panettone-brauðsins, en pane þýðir í raun bara brauð á ítölsku. Ein sagan segir að aðalsmaðurinn Ughetto Atellani, sem uppi var á fimmtándu öld, hafi orðið ástfanginn af Adalgisu, dóttur fátæks bakara að nafni Toni. Til að vinna hjarta hennar dulbjó aðalsmaðurinn sig sem bakara, gerðist lærlingur hjá föður hennar og bjó til brauð sem hann bragðbætti með eggjum, þurrkuðum rúsínum, sykruðum sítrónu- og appelsínuberki. Brauðið vakti mikla lukku og var kallað Pan de Toni, eða brauð Tonis.

Önnur saga segir að brauðið hafi orðið til í mikilli veislu við hirð ítalskrar aðalsfjölskyldu. Þegar jólaveislan stóð sem hæst kom í ljós að eftirrétturinn var ónýtur. Þá voru góð ráð dýr og ungur drengur sem vann í eldhúsinu bauð fram brauð sem hann hafði bakað handa fjölskyldu sinni og bragðbætt með rúsínum og öðru góðgæti. Þetta sæta brauð vakti svo mikla lukku að kokkurinn ákvað að nefna brauðið eftir drengnum sem hét Toni.

Panettone er venjulega formað eins og kúpull og er yfirleitt um 12-15 cm á hæð og vegur um eitt kíló. Sumir leika sér með að móta brauðið í átthyrning eða stjörnu.



Nokkrar þjóðsögur eru til um uppruna Panettone. NORDICPHOTOS/GETTY

## JÓLABRAUÐIÐ PANETTONE

ættað frá Mílanó

1 tsk. sykur
1 msk. þurrger
4 msk. mjólk
100 g smjör
50 g sykur
1 tsk. vanilludropar
3 egg, hrærð
fínlega raspaður börkur af hálfri sítrónu og hálfri appelsínu
400 hveiti, sigtað
1 tsk. salt
100 g rúsínur eða hvítar rúsínur.
75 g saxaðir þurrkaðir kokteilávextir.

*1. Hitið ofninn í 200 c. Smyrjið kökuform sem er 20 cm í þvermál.*

*2. Hellið mjólk í skál, stráið 1 tsk. sykri og þurrgeri yfir og látið standa í 10 mínútur.*

*3. Þeytið saman smjöri og sykri í skál þar til blandan er létt. Hrærið eggjunum við einu í einu. Þá er bætt við berki af sítrónu og appelsínu og að lokum vanilludropum. Þó má sleppa dropunum ef vill.*

*4. Setjið hveiti og salt í stóra skál. Blandið varlega mjólkurblöndunni saman við og þá smjörblöndunni. Blandið öllu saman þar til deigið er mjúkt.*

*5. Setjið deigið á flöt sem stráð hefur verið á hveiti og hnoðið í fimm mínútur.*

*6. Setjið deigið nú í olíuborinn plastpoka eða breiðið yfir brauðið og geymið á hlýjum stað. Látið hefast í klukkutíma.*

*7. Stráið rúsínum og þurrkuðum ávöxtum yfir deigið og hnoðið saman. Setjið nú deigið í formið og látið hefast á ný í um 45 mínútur.*

*8. Bakið í 10 mín. Minnkið hitann í 180 c. og bakið í 30 mín. Kælið og skreytið með flórsykri.*















# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Við elskum að selja bíla

diesel.is
Klettháls 15 • Sími 578 5252



VW Golf Trenline 8/2004 Ek. 120 þkm. Álfelgur, CD, smurbók. Verð aðeins 1.290.- skoðar skipti á ód.

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

STÓRA BÍLASALAN



KIA Sportage V6 Árgerð 05/2008, ekinn 17þ.km, ssk, krókur, vel búinn bíll-eins og nýr! Verð 3.190.000kr. Raðnúmer 151185. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.



Ford Escape Limited Árgerð 07/2008, ekinn 117þ.km, ssk, leður, fallegt eintak sem er á staðnum. Flott verð aðeins 2.990.000kr. Raðnúmer 151202. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.



Skoda Fabia NÝR Árgerð 2010, 1.2L vél, beinskiptur. Nokkur eintök til staðar. Tilboðsverð aðeins 1.990.000kr. Ásett verð 2.390.000kr! Raðnúmer 150829. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



SUZUKI BALENO WAGON 4WD GLX. Árgerð 1997, ekinn 210 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 350.000. Rnr.152564 Er á staðnum.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

INTERPORT



**Mercedes-Benz E 200 Avantgarde**
Árgerð 2010, ekinn 28 þkm. Silfurgrár, Xenon, nálægðarskynjarar, hiti í sætum, 17" álfelgur ofl. Verð kr. 8.680.000,-



**Mercedes-Benz E 200 METAN**
Árgerð 2009, ekinn 15 þkm. Silfurgrár, Xenon, nálægðarskynjarar, hiti í sætum, fjarstýrð bensínmiðstöð ofl. Kr. 163.000 sparast á ári, ef heimilisbílnum er ekið 18.000 km. á METANI. Atvinnubílstjóri getur sparað uþb kr. 907.000 á ári, ef hann ekur 100.000 km á METANI Verð kr. 6.680.000,-

**Interport ehf**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 569 3300 / 897 1928**
**www.interport.is**

Bílalíf



TOYOTA LAND CRUISER 90 VX. Árgerð 1998, ekinn aðeins 159.þ km, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR. Verð 1.890.000. Rnr.243500.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Klettháls 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og laugardögum 12-16**
**www.bilalif.is**

TOYOTA Akureyri



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX. Árgerð 5/2007, ekinn 68 þ.km, dísel, Sjálfskiptur,krókur,vindskeið. Ásett verð 5.750.000 / TILBOÐ 5.350.000. Rnr.120866



TOYOTA YARIS TERRA 1.0. Árgerð 5/2008, ekinn 53 þ.km,5 gírar. Ásett verð 1.790.000 / TILBOÐ 1.450.000. Rnr.120954



TOYOTA YARIS TERRA 1.0. Árgerð 5/2007, ekinn 47 þ.km, 5 gírar. Ásett verð 1.570.000 / TILBOÐ 1.290.000. Rnr.120908



TOYOTA AURIS TERRA 1.4. Árgerð 5/2008, ekinn 75 þ.km, 5 gírar. Ásett verð 1.980.000 / TILBOÐ 1.690.000. Rnr.121072



RENAULT MEGANE II SPORT 1.6. Árgerð 2006, ekinn 22 þ.km, Sjálfskiptur. Ásett verð 1.890.000 / TILBOÐ 1.400.000 Rnr.161874

**Toyota Akureyri**
**Baldursnesi 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18,**

100 bílar.is bílasala




VW Touareg 2 V6, árg 2/2008, ek 34þús.km, 281hö, sjálfsk, leður, lúga, rafmagn í afturhlera, omfl, Mjög flottur og vel búinn bíll, Ásett verð 6890þús.kr, bíllinn er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

TOYOTA SELFOSSI



VW GOLF VARIANT DÍSEL,raðnr 273067,ek 31.000, Nýskr 10/2007, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR, ný dekk Ásett Verð kr. 2.890.000. A.T.H bíll á staðnum



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL TURBO DIESEL, raðnr 138969, ek 175.000, nýskr 5/2004, DISEL, beinsk, ásett verð 1.590.000. A.T.H bíll á staðnum



HYUNDAI SANTA FE CRDI, raðnr 138959, ek 91.000, nýskr 6/2008, sjálfsk, ásett verð 3.890.000. A.T.H möguleiki á 90% fjármögnun. Bíll á staðnum



OPEL ASTRA STATION DISEL, raðnr 138966, ek 74.000, nýskr 4/2008, sjálfsk, ásett verð 2.190.000. A.T.H möguleiki á 90% fjámögnun. Bíll á staðnum



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX, raðnr 138092, ek 110.000, nýskr 11/2004, sjálfsk, ásett verð 3.990.000, A.T.H bíllinn er á staðnum



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX 35", raðnr 114469, ek 119.000, nýskr 3/2005, sjálfsk, ásett verð 7.990.000, A.T.H bíll á staðnum. Var breyttur á 35" þann 10.2009.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

TOYOTA SELFOSSI



TOYOTA LAND CRUISER 200 VX NAVI & LÚGA 35", raðnr 138606, ek 40.000, nýskr 04/2008, ásett verð 13.890.000. A.T.H bíllinn er á staðnum. Einn eigandi.



TOYOTA LAND CRUISER 90 VX, raðnr 114659, ek 330.000, nýskr 10/1999, model ár 2000, sjálfsk, ásett verð 1.190.000. A.T.H bíllinn er á staðnum. Góður bíll

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

## Bílar til sölu



Skoda Octavia árg. ,03 ,ek. 120 þús. Ssk, sumar og nýleg vetradekk. Sk ,11. Ný tímareim. Ásett verð 990 þús. Uppl. í s. 821 6553 Sindri.



**100% VISA LÁN Í BOÐI**
TOYOTA COROLLA S/D TERRA. Árgerð 2000, ekinn 151 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 590.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



TOYOTA COROLLA 1,6 VVTI. Árgerð 2003, ekinn 58 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.229.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Bíllinn er á staðnum, lítur mjög vel út



**Land Rover Range Rover Vogue Diesel, 2926 cc,**
5 dyra sjálfskiptur 5/2006 Ekinn 100.000. 9/13 lítrar á 100 km. Verð 7.950.000 Staðgreiðsluverð 7.000.000 Sími 893 5500 Einn með öllu!

Bílabúð Benna Notaðir bílar

**Bílabúð Benna í 35 ár**



**LAND ROVER FREELANDER II HSE 2,2 DIESEL, 04/2007, ek. 61 þús. 5 dyra, ssk. dráttarbeisli, leður, topplúga, nálægðarskynjarar og fl. Verð 4.290 þús.**



**CHEVROLET KALOS 1,4 SE, 06/2007, ek. 71 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, c dog fl.**
**Tilboð 990 þús. stgr.**



**FORD FOCUS 1,6 TREND WAGON 07/2008, ek. 41 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf,og fl. Ath. skipti á ódýrari.**
**Verð 2.450 þús.**
**Tilboð 2.190 þús. stgr.**



**HONDA CIVIC 1600 LS V-TEC S/D, 12/2005, ek. 108 þús. 4 dyra, ssk. álf. abs, cd og fl. Nýleg tímareim. Verð 1.490 þús.**



**CHEVROLET LACETTI CDX 1,8 WAGON, 06/2008, ek. 66 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, cd magasín og fl.**
**Verð 1.790 þús.**
**Tilboð 1.490 þús. stgr.**



**FORD FOCUS 1,6 TREND, 11/2004, ek 96 þús. 5 dyra, ssk. abs, dráttarbeisli, kastarar og fl. Verð 1.330 þús.**



**OPEL ZAFIRA 1,9 ENJOY DIESEL 7 MANNA, 07/2006, ek. 162 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. 16", Nýleg tímareim og fl Verð 2.670 þús.**



**PEUGEOT 206 1,4 S-LINE 06/2006, ek. 92 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, fjarstýrðar samlsæsingar, cd. Tímareim í 71 þús.**
**Verð 1.250 þús.**
**Tilboð 990 þús. stgr.**

**Bílabúð Benna - notaðir bílar**
**Bíldshöfða 10 S: 587- 1000**
**notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**



**Skrifstofuhúsnæði Tangarhöfða 7250 fermetrar**

Mjög glæsilegt skrifstofuhúsnæði á góðum stað. Efri hæð 250 m2 og möguleiki á 100-200 m2 lagerhúsnæði á neðri hæð. Næg bílastæði. 750 kr per m2. Fyrstu 6 mánuðir leigulausir. sími 893 5500

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**

Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 861 2229.

Room for rent in 105 Reykjavik 1 per 25.000. 2 30.000. Access internet, bath, kitchen, washing machine. Info dalfoss@dalfoss.is

Stór 4 herb. íb. í mosó, á annari hæð laus til langtíma leigu v.150þ.á mán uppl: 862 9670.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 200 fm iðnaðarhús í Garðabæ með skrifst.og stórri innkeyrsluhurð. s. 6601704.

Til leigu 153,5 fermetra iðnaðar/lager húsnæði í Súðavogi, háar innkeyrslu dyr, millil. 62,5 ferm af h. ferm. Laus nú þegar.

70fm húsnæði á Ártúnshöfða. ásamt 12fm millilofti. Stórar innkeyrsludyr, útiaðstaða. S. 568 1075 899 1075. eftir kl.18:00.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Hjólhýsi,tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, ofl Uppl. í s. 8243171 og 8986469

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymsluhús.is**

Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH! Upphitað, gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is

Meiri Vísir.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**

**Óskar eftir starfsmönnum í verslun nú þegar. 2 störf í boði vinnutími 06-13 og 12-19. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur.**

**Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is**

Alþjóðlegt fyrirtæki óskar eftir fólki.. Starfið felst í markaðssetningu og kynninu á vörum fyrirtækisins. Áhugasamir sendið ferilskrá hurdir@hurdir.is

Emami auglýsir eftir verslunastjóra og starfsfólki vegna opnunar nýrrar verslunnar. Fullt starf og hlutastarf. emami@emami.is; s:511-1881

LR vantar fólk til kynningarstarfa á norðurlandi. Uppl. í s. 894 0339.

Veitingahús í Reykjavík óskar eftir að ráða pizzubakara sem fyrst. Umsóknir sendist á soldax@simnet.is

## Viðskiptatækifæri

Villt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. Uppl í s. 773 2100

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Lífspekifélagið**

Í kvöld, föstudaginn 26. nóvember kl. 20:30
heldur Árni Reynisson erindi:
Ný sýn á norænan sið
í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 27. nóv. kl. 14:00 er hugleiðing.
kl. 14:30: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda.
Kl. 15:00: Opið hús og
Kl. 15:30 heldur Magnús Guðmannsson
erindi: Merki Grims yfir landinu.

Á fimmtudögum kl. 16:30 - 18:30 er
bókaþjónustan opin með miklu úrvali
andlegra bókmennta.

**www.lifspekifelagid.is**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
**Hæ strákar hringið í okkur.**
**Opið þegar ykkur langar.**

## Fundir / Mannfagnaður

# AÐALFUNDUR HINS ÍSLENZKA BÓKMENNTAFÉLAGS

**verður haldinn í Iðnó við Tjörnina laugardaginn 27. nóvember 2010 og hefst kl 13:30.**

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum verða flutt þrjú stutt erindi í tilefni 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta félagsins, á næsta ári undir fyrirsögninni:

Þættir úr hugmyndaheimi Jóns Sigurðssonar.

Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur:
**Stjórnarskráin og myndun sjálfstæðs þjóðríkis á Íslandi.**

Guðrún Nordal prófessor:
**„Það þarf annað en hjalið tómt til að hrinda Íslandi á fætur aftur".**

Sigurður Líndal prófessor:
**Ráðherraábyrgð sem þáttur í sjálfstæðisbaráttu.**

Fyrirspurnir að erindum loknum.

Sýning á nýjum ritum Bókmenntafélagsins.

Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna og þiggja kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórn og fulltrúaráð.

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

## Álver, jarðhitavirkjanir og háspennulínur í Þingeyjarsýslum

### Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum neðangreindra framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000. Framkvæmdirnar eru:

1. Kröfluvirkjun II allt að 150 MWe jarðhitavirkjun, Skútustaðahreppi
2. Þeistareykjavirkjun allt að 200 MWe jarðhita virkjun, Þingeyjarsveit og Norðurþingi
3. Háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, jarðstrengur frá Bjarnarflagi að Kröflu, Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi
4. Álver Alcoa á Bakka við Húsavík, Norðuþingi, ársframleiðsla allt að 346.000 tonn
5. Sameiginlegt mat framkvæmda 1-4.

Álitin í heild liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslur fyrir einstakar framkvæmdir er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

SKIPULAGSSTOFNUN

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## Skemmtanir

# Dansleikur með Ljúflingunum og Láru Jónsdóttur





**Dansleikur í Víkinni, Grandagarði 8, 101 Rvk. (sjóminjasafnið)**
**Gömlu og nýju dansarnir**
**Föstudaginn 26. nóv**
**Frá klukkan 20.30 til 24.00**

## Tilkynningar

Grindavíkurbær

### Aðalskipulag Grindavíkur 2000 -2020

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 20. október 2010 eftirtalda tillögu að breytingum á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020.

- **Vatnskarðsnámur**

Tillagan var auglýst frá 23. apríl til 17. júní, með athugasemdarfresti til 17. júní 2010. Á þeim tíma bárust umsagnir og ein athugasemd og hefur bæjarstjórn afgreitt athugasemdina og sent þeim sem þá gerði umsögn sína. Athugasemd og niðurstöðu bæjarstjórnar má finna á heimasíðu Grindavíkurbæjar á slóðinni http://www.grindavik.is/v/5407

Aðalskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun, sem hefur gert tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

**Bæjarstjóri Grindavíkurbæjar**

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Selás-Norðlingaholt. Göngubrú

Borgarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 varðandi mislæga göngutengingu (göngubrú) yfir Breiðholtsbraut milli Seláshverfis og Norðlingaholts. Tillagan felur að öðru leyti ekki í sér breytingar á stígakerfi aðalskipulagsins.

Tillagan var auglýst og var til sýnis, í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14 og á vefsvæði sviðsins, frá 6. ágúst til 17. september 2010. Athugasemdafrestur rann út þann 17. september 2010. Athugasemd barst frá einum aðila.

Borgarráð, að undangenginni afgreiðslu skipulagsráðs, hefur afgreitt athugasemdina og sent þeim aðila sem gerði athugasemdina umsögn sína.

Afgreiðsla athugasemdar leiðir ekki til breytinga á auglýstri aðalskipulagstillögu

Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu borgarráðs geta snúið sér til skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar.

Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# tímamót

timamot@frettabladid.is

TVEIR INNANHÚSARKITEKTAR: UNNU SAMKEPPNI UM HÚSGÖGN Í HÖRPU

## ALLT FRAMLEITT Á ÍSLANDI

Katrín Aldan og Helga Sigurbjarnardóttir innanhúsarkitektar unnu til fyrstu verðlauna í hönnunarsamkeppni um húsgögn í almenningsrými Tónlistarhússins Hörpu. Verðlaunin voru afhent við athöfn í gær.

„Samkeppnin stóð um sæti, standborð og færanlegar bareiningar, framhliðar á ráðstefnuborð og ræðupúlt. Við hönnuðum einnig sorptunnur því þær þurfa að dreifast um allt hús, en það kemur í ljós hvort þær verða settar í framleiðslu,“ útskýrir Katrín. „Í hönnuninni sjálfri tókum við mið af húsinu sjálfu og hverjar forsendur hönnuða þess voru á sínum tíma. Við vildum hafa hlutina einfalda og stílhreina,“ útskýrir Katrín en keppendum voru sett þau skilyrði að kostnaður yrði í lágmarki, framleiðslan færi fram hér á landi og að tekið yrði mið af húsinu sjálfu.

„Kostnaðurinn var stór útgangspunktur og hönnunin varð að vera framleiðsluvæn og notadrjúg. Á svona stöðum er mikið slit á húsgögnum og það þarf að vera auðvelt að fá nýtt ef skipta þarf einhverju út. Við unnum með íslenskt hráefni. Það eina sem við þurfum að flytja inn er áklæði á stólana en öll vinna er framkvæmd hér.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Katrín og Helga taka þátt í samkeppni um innanhúshönnun og eru að vonum ánægðar með árangurinn. Fram undan er mikil vinna en áætlað er að opna Tónlistarhúsið Hörpu snemma á næsta ári.

„Verðlaunin eru mikil viðurkenning, ekki bara á því sem við Helga erum að gera heldur líka fyrir stétt innanhúsarkitekta sem slíka,“ segir Katrín. „Nú setjumst við niður með aðstandendum keppninnar og förum yfir málin. Það er talsverð vinna eftir og ganga þarf endanlega frá allri teiknivinnu í samvinnu við arkitekta hússins. Það þarf að vinnast hratt.“

Bygging tónlistarhússins hefur mikið verið í umræðunni síðustu mánuði og er umdeild. Aðspurð segir Katrín þær Helgu ekki hafa látið það hafa áhrif á sig.

„Allt svona er umdeilt og meira en venjulega á tímum sem þessum. Það er ekki hægt að komast hjá því. Það verður bara að horfa á verkefnið eins og það liggur fyrir. Við horfðum auðvitað í eyrinn við hönnunarvinnuna svo það hefur líka jákvæð áhrif. Það er meiri áskorun að hanna þegar úr minna er að spila.“



**INNANHÚSARKITEKTAR** Helga Sigurbjarnardóttir og Katrín Alda urðu hlutskarpastar í hönnunarsamkeppni um húsgögn í tónlistarhúsið Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

heida@frettabladid.is




**GLAÐAR** Hér er Jóhanna með Töru Jónsdóttur, Margréti Friðriksson, Elísabetu Friðriksson, Halldóru Þórsdóttur, Mörtu Maríu Stephensen og Þórunni Guðmundsdóttur.

## Dugmiklar stúlkur

Vinkonurnar Tara, Margrét, Elísabet, Halldóra, Marta María og Þórunn héldu tombólu í tvígang og gengu í hús að selja gamlar bækur. Þannig söfnuðu þær rúmlega 32 þúsund krónum sem þær gáfu til Fatímu-sjóðsins.

Sjóðinn stofnaði Jóhanna Kristjónsdóttir fyrir fimm árum með það að markmiði að stofna skóla til að hjálpa stúlkum í Jemen. Jóhanna hitti stelpurnar um helgina og sagði stelpunum frá starfinu í Jemen og að peningarnir þeirra dygðu fyrir skólagöngu einnar stelpu í heilt ár, með skólavörum, skólabúningi, aðstoð við heimanám og meira að segja fyrir sparifötum.

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Guðmundsson**
Hraunbæ 111, 110 Reykjavík,

lést þriðjudaginn 23. nóvember á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 2. desember kl. 15.00.

**Friðgerður Þórðardóttir**
**Logi Ragnarsson** **Jóhanna Steingrímsdóttir**
**Valur Ragnarsson** **Sigríður Björnsdóttir**
**Halla Hrund, Ingunn Ýr, Vaka, Haukur Steinn og Freyja.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Guðríður Aradóttir**
frá Ólafsvík,
áður til heimilis Eskihlíð 13,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 24. nóvember sl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 7. desember, kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afbeðin en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Sunnuhlíð í Kópavogi.

**Fyrir hönd ömmubarna og langömmubarna,**
**Steinunn Kolbrún Egilsdóttir** **Haukur Hergeirsson**
**Hrafnhildur B. Egilsdóttir Briem** **Garðar Briem.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa*

**Hrafnkels Helgasonar**
fyrrverandi yfirlæknis á Vífilsstöðum.

**Sigrún Aspelund**
**Helgi Hrafnkelsson** **Anna Kristín Gunnlaugsdóttir**
**Stella Stefanía Hrafnkelsdóttir** **Einar Sigurgeirsson**
**Hrefna Lovísa Hrafnkelsdóttir** **Gunnar Karl Guðmundsson**
**Ríkarður Már Ríkarðsson** **Lilja Þorsteinsdóttir**
**afabörn og langafabörn**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Guðmundur Bergmann**
fyrrverandi aðalgjaldkeri, áður til heimilis að Ljósvallagötu 24,

lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 22. nóvember. Jarðsett verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Andreas Bergmann** **Guðrún Gísladóttir Bergmann**
**Ingibjörg Bergmann** **Þorbergur Halldórsson**
**Halldór Bergmann** **Anna Lára Kolbeins**
**Guðrún Bergmann** **Gísli Sveinbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær faðir okkar,*

**Erlingur Reyndal**

lést á Landspítalanum föstudaginn 19. nóvember. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þann 30. nóvember kl. 13.00.

**Erlingur Erlingsson**
**Hallur Erlingsson**
**Jóhann Pétur Reyndal**
**María Reyndal**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæri,*

**Þórhallur Stefán Skjaldarson**

lést á heimili sínu Hoffsjef Løvenskjøldsvei 3, Oslo, 13. nóvember sl. Útförin fór fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. nóvember.

**Brynja Guðmundsdóttir - Bjarni Kjartansson**
**Sigríður Árnadóttir**
**Helga Björk Bjarnadóttir** **Pálína Skjaldardóttir**
**Sigrún Bjarnadóttir** **Stefán Skjaldarson**
**Kjartan Bjarnason** **Árni Ó. Skjaldarson**
**Guðmundur G. Bjarnason** **Skjöldur O. Skjaldarson**
**ásamt öðrum ættingjum og vinum.**
**Þökkum samúð og vinarhug.**
**Þeim sem vilja minnast hans er bent á Thorvaldsenfélagið.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð við andlát og útför*

**Jóhannesar Arasonar**
fyrrverandi útvarpsþular,
Guð blessi ykkur öll.

**Elísabet Einarsdóttir**
**Ása Jóhannesdóttir**
**Ari Jóhannesson** **Jóhanna F. Jóhannesdóttir**
**Einar Jóhannesson** **Ívar Ólafsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


LÆGRA VERÐ!
Á ÖLLUM JÓLABÓKUM ALLA DAGA - ALLTAF
YFIR 700 NÝIR TITLAR
ÖRLYGUR KRISTFINNSSON
SVIPMYNDIR úr síldarbæ
3.692
Tilvitnanabókin
4.219
1.944
LOÐMAR
FORNGRIPA SAFNIÐ
SIGRÚN ELDJÁRN
2.269
Draumaráðningabókin
4.219
3.699
KEPLER
DÁVALDURINN
3.569
Michael Scott
TÖFRA MAÐURINN
2.789
3.244
FISKMARKAÐURINN
VAMPÍRUFRÆÐI
2.594
FORELDRAHANDBÓKIN
3.244
LÍFSLEIKNI
Gillz
2.594
OPIÐ
ALLA VIRKA DAGA FRÁ 10 TIL 18
LAUGARDAGA FRÁ 11 TIL 17
SUNNUDAGA FRÁ 12 TIL 17
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
SKEIFUNNI 11
Auglýsingin gildir til og með 28.11.10. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** eins, **6.** ólæti, **8.** taug, **9.** hluti verkfæris, **11.** vörumerki, **12.** kál, **14.** brennivídd, **16.** skóli, **17.** struns, **18.** spíra, **20.** gyltu, **21.** tikka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í asíu, **3.** mannþvaga, **4.** móðu, **5.** þangað til, **7.** hindrun, **10.** skordýr, **13.** keyra, **15.** kofi, **16.** þrot, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sömu, **6.** at, **8.** sin, **9.** orf, **11.** ss, **12.** salat, **14.** fókus, **16.** ma, **17.** ark, **18.** ála, **20.** sú, **21.** tifa.

**LÓÐRÉTT: 1.** laos, **3.** ös, **4.** misturs, **5.** uns, **7.** trafali, **10.** fló, **13.** aka, **15.** skúr, **16.** mát, **19.** af.




# Annað herbergi í sama húsi

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Um helgina horfði ég á son minn spila fótbolta í Keflavík. Að mótinu loknu þurftum við að endasendast í Vesturbæinn. Ferðin tók 42 mínútur á löglegum hámarkshraða. Í kjölfarið fór ég að hugsa: til hvers í ósköpunum erum við með flugvöll í Reykjavík þegar það er annar flugvöllur í 40 mínútna fjarlægð?

**ÉG BÝ** í miðborginni en er fæddur og uppalinn á Patreksfirði. Þegar ég var barn gat ökuferðin til Reykjavíkur tekið átta til tíu klukkutíma. Nú tekur hún um fimm tíma, gæti verið enn styttri ef samgöngur í fjórðungnum væru í sómasamlegu horfi. Foreldrar mínir búa enn fyrir vestan, sem og systir mín ásamt fjölskyldu. Það heyrir til undantekninga að þau komi með flugi í bæinn. Ég reyni að fara vestur nokkrum sinnum á ári en hef ekki farið fljúgandi árum saman.

**ÉG MYNDI** aftur á móti ekki telja það eftir mér að skjótast eftir hraðbrautinni suður til Keflavíkur til að sækja ættingja mína á flugvöllinn. Þetta er rúntur á milli hverfa, sér í lagi í ljósi þess að til að komast í flug þurfa þeir að aka yfir tvo fjallvegi til Bíldudals. Sumir segja að innanlandsflug muni leggjast af ef flugvöllurinn fer annað. Ég á enn eftir að heyra rökin fyrir því. En ef innanlandsflug þolir á annað borð ekki 40 mínútna tilfærslu til eða frá stöndum við hreinlega frammi fyrir þeirri spurningu hvort það sé þess virði að halda því úti.

**SUMIR SEGJA** að það sé ein af skyldum Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landsbyggðinni að halda úti flugvelli. Ímyndum okkur að þú eigir ættingja úr öðru bæjarfélagi sem fær að gista hjá þér nokkrum sinnum á ári. Þótt hann komi ekki oft krefst hann þess hins vegar að í íbúðinni sé tekið frá fyrir hann heilt herbergi með uppábúnu rúmi allan ársins hring. Þegar þú leggur til að breyta herbergi uppi á lofti í gestaherbergi, af því þú vilt nýta hitt herbergið í eitthvað annað, stappar frændi niður fótum og segir nei, það er svo langt að fara. Keflavík er í þessu samhengi bara annað herbergi í sama húsi.

**ÞAÐ ER** ástæðulaust að stilla flutningi flugvallarins upp sem andstæðum hagsmunum landsbyggðar og borgar. Verði flugvöllurinn fluttur er hægt að ráðast í róttæka endurskipulagningu á borgarkerfinu með áherslu á skilvirkar almenningssamgöngur, sem gætu falið í sér meiri tímasparnað en sem nemur viðbótarakstrinum út á flugvöll. Er það svona skelfileg tilhugsun?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



Gildir aðeins þessa helgi,
26.-28. nóvember 2010

BYKO

# 25%

# afsláttur af öllum

# jólaseríum

# og jólaskrauti!



**25% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM JÓLATRJÁM



**25% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM SERÍUM



**25% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLU JÓLASKRAUTI

## LENGRI OPNUNARTÍMAR Í BREIDD OG KAUPTÚNI UM HELGINA

LAUGARDAG: 10-18, SUNNUDAG: 11-18

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.



úr kjötborði

**Nautafille**
**2.498,kr./kg**
verð áður 3.198,-/kg



**Reyktur og grafinn lax í sneiðum**
**2.998,kr./kg**



**Reyktur og grafinn lax (flak)**
**2.545,kr./kg**



úr kjötborði

**Svínakótilettur**
**998,kr./kg**
verð áður 1.458,-/kg

# Fjarðarkaup
## 26. - 27. nóvember



**Grillaður kjúklingur**
**880,kr./stk.**
verð áður 1.080,-/stk.



**FK kindabjúgu**
**425,kr./kg**
verð áður 549,-/kg



**FK reykt folaldakjöt**
**598,kr.**
verð áður 798,-



**FK kjúklingaleggir**
**799,kr./kg**




**Ali Lasagna (frosið) 900g**
**998,kr.**
verð áður 1.221,-

KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla




**Hamborgarar 115g 2 í pk.**
**358,kr./pk.**
verð áður 438,-/pk.




**Gevalía kaffi 500g**
**498,kr.**




**FK súkkulaðiís 2L**
**398,kr.**
verð áður 498,-




**Nyakers piparkökuhjörtu 475g**
**449,kr.**
verð áður 599,-

20% afsláttur við kassa



**Hátíðarostur 26%**
**1.258,kr./kg**
verð áður 1.572,-/kg




Myllu Jólaterta 3 teg.
**498,kr./stk.**
verð áður 578,-/stk.




Coke í gleri 6x0,25L
**498,kr.**
verð áður 648,-

Frón vanilluhringir
**438,kr.**
verð áður 583,-

25% verðlækkun af Frón smákökum




Frón loftkökur
**374,kr.**
verð áður 498,-

Frón súkkulaðibitakökur
**449,kr.**
verð áður 598,-




Frón piparkökur/pipardropar
**419,kr./pk.**
verð áður 588,-/pk.




Jólaengjaþykkni 150g
**109,kr.**
verð áður 123,-

Smámál m/súkkulaði
**79,kr.**
verð áður 88,-




Jóla Ostakaka 600g
**898,kr.**
verð áður 998,-




Hátíðarjógúrt
**119,kr.**
verð áður 141,-

Jólajógúrt
**119,kr.**
verð áður 138,-




Jóla Yrja 150g
**398,kr.**
verð áður 447,-

Jólaosturinn 2010
**348,kr.**
verð áður 398,-




Duni servéttur 33cm
**298,kr./pk.**
verð áður 398,-/pk.

Gies Kubbakerti
verð frá **262,kr./stk.**
verð áður 328,-/stk.




Duni kerti 10 stk. í pk.
**398,kr./pk.**
verð áður 524,-/pk.

# ein-stök verslun




Mackintosh 2kg
**2.789,kr.**
verð áður 2.995,-




Phillsbury hveiti 2,26kg
**299,kr.**
verð áður 399,-




Jólasmjör 500g
**219,kr.**
verð áður 249,-




DDS Strásykur 1kg
**187,kr.**
verð áður 249,-




Nesbú egg 10 stk.
**276,kr.**
verð áður 368,-

**Tilboð gilda til laugardagsins 27. nóvember**

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

# menning

menning@frettabladid.is

**UPPLESTRAR Á GLJÚFRASTEINI** Aðventuupplestrar Gljúfrasteins hefjast á sunnudag klukkan 16. Þá lesa Ingibjörg Hjartardóttir, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir og Steinunn Jóhannesdóttir úr verkum sínum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.





**RAKEL MCMAHON** Þau Snorri unnu teikningar og málverk hvort í sínu lagi en vídeóverk myndar ákveðin tengsl á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fyrir þroskað fólk með góðan smekk

Myndlistarmennirnir Snorri Ásmundsson og Rachel McMahon opna saman sýninguna „Blow me (potti) – Bloody beauty, ókei?“ í grasrótargalleríinu Crymo á laugardag. Í tilkynningu frá þeim Rakel og Snorra segir að sýningin sé hugsuð fyrir „þroskaða einstaklinga sem hafa góðan smekk fyrir góðri list“.

„Það er afar huglægt hvað felst í því,“ segir Rakel og hlær. Sýningin á rætur að rekja til Feneyjatvíæringsins 2009. „Þar hófust ákveðnar samræður og díalógur milli okkar Snorra. Afrakstur þeirra verður afhúpaður á sýningunni. Ég sýni teikningar og Snorri málverk sem við unnum sjálfstætt en vídeóverk sem sýnir hvað okkar Snorra fór á milli myndar ákveðna tengingu þar á milli. Við höfum bæði unnið með gjörningalist og fundum þar sameiginlegan flöt sem varð eiginlega kveikjan að þessu samstarfi.“

Sýningin verður opnuð í Crymo við Laugaveg á morgun klukkan 17 og stendur til 8. desember. - bs

## Sinfóníuhljómsveit ungra í Langholti

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins heldur tónleika í Langholtskirkju á morgun. Á efnisskránni er einn vinsælasti píanókonsert allra tíma eftir Edvard Grieg og „stóra“ sinfónía Schuberts í C-dúr nr. 8 – Die Große.

Stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson en einleikari er Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari. Hún stundaði nám í píanóleik við LHÍ, við Royal College of Music í London og hjá Håkon Austbo í Stavanger í Noregi. Hún hefur tekið þátt í mörgum masterklössum erlendis, alþjóðlegum píanókeppnum og tónlistarhátíðum auk þess að hljóta margvíslegar viðurkenningar.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins var stofnuð árið 2004. Hún er skipuð 45 nemendum úr tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu og við tónlistarháskóla erlendis á aldrinum 13-25 ára. Einleikarar með hljómsveitinni eru jafnan nemendur að ljúka framhaldsnámi erlendis eða eru nýkomnir heim frá námi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 17.



**TÓNLEIKAR** Einleikari verður Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari.

# Umskipti í ljóðasálinni?

**Fleira hrundi en krónan við fall bankanna fyrir tveimur árum, til dæmis sala á ljóðabókum. Að sögn Silju Aðalsteinsdóttur virðast þær hins vegar vera að sækja í sig veðrið á ný. Hvað veldur?**



**LJÓÐ LESA LAND** „Ljóðabækur eru með í ár,“ segir Silja Aðalsteinsdóttir. „Það er vitnað í þær og fjallað um þær í dægurmálaútvarpinu; með öðrum orðum er talað um ljóðabækur eins og alvörubækur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árið 2008, hrunárið mikla, komu út þrettán ljóðabækur hjá Forlaginu og gengu flestar „afspyrnu illa“ að sögn Silju Aðalsteinsdóttur, útgáfustjóra hjá Máli og menningu, dótturútgáfu Forlagsins.

„Þetta setti skrekk í menn og í fyrra komu út aðeins fjórar ljóðabækur, sem gengu ekki heldur. En þetta þótti skammarlegt og í ár eru ljóðabækurnar níu. Og nú bregður svo við að ljóðabækur vekja heilmikla athygli.“ Að sögn Silju hafa fjórar af þessum níu þegar selst upp í „eðlilegu upplagi“ sem er um 500 eintök: Síðdegi eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur, Tími hnyttninnar er liðinn eftir Berg Ebba Benediktsson, Ljóð af ættarmóti eftir Anton Helga Jónsson og Blóðhófnir Gerðar Kristnýjar.

Silja segir þetta merkilega þróun. „Ljóðabækur eru með í ár,“ segir hún. „Það er vitnað í þær og fjallað um þær í dægurmálaútvarpinu; með öðrum orðum er talað um ljóðabækur eins og alvörubækur, en því er ekki alltaf að heilsa.“

Hún á þó erfitt með að meta hver skýringin á þessu sé. „Ekki hef ég eitt svar við því. Getur skýringin verið svo einföld að ljóðabækurnar séu betri í ár en undanfarið? Veitir fjarvera stóru skáldanna í ár, Einars Más, Gyrðis, Hannesar og Þorsteins, hinum bókunum meira andrými? Er máttur orðsporsins að aukast? Eða eru þetta gagnger umskipti í þjóðarsálinni?“

Forlagið er stærsta útgáfufyrirtækið á Íslandi og hefur gefið út langflestar ljóðabækur undanfarin ár. Það finnur því meira fyrir sveiflum en minni útgáfur. Bjartur hefur til dæmis að jafnaði gefið út þrjár til fjórar ljóðabækur á ári og einatt getað treyst á að minnsta kosti ein þeirra seljist vel. Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti tekur hins vegar undir með Silju um að ljóðabækur í ár fái öðruvísi athygli en oft áður.

„Leyndarmál annarra eftir Þórdísi Gísladóttur hefur til dæmis fengið afar mikla og góða umfjöllun, jákvæða dóma og spurst vel út og fyrir vikið selst vel,“ segir hún. „Það skiptir eflaust líka máli að við höfum getað haft bækurnar á góðu verði, þær kosta yfirleitt minna en skáldsaga í kiljubroti þannig að fólk lætur það kannski frekar eftir sér að kaupa ljóðabók.“ Auk bókar Þórdísar koma út hjá Bjarti ljóðabækurnar Þrjár hendur eftir Óskar Árna Óskarsson og Enginn heldur utanum ljósið eftir Véstein Lúðvíksson.

Aðalsteinn Svanur Sigfússon hjá Uppheimum, útgáfu Gyrðis Elíassonar, segir að jafnaði erfitt að selja ljóðabækur í stórum upplögum en ekki þurfi mikla umfjöllun um þær til að gera gæfumuninn. „Bókin Vetrarbraut eftir Kjell Espmark í þýðingu Njarðar P. Njarðvík náði til dæmis ágætu flugi. Koma hans til landsins vakti nokkra athygli í fjölmiðlum auk þess sem bókin hefur fengið frábæra dóma. Það má vera að umfjöllun um ljóðabækur sé að aukast og þær að ná meira máli. Ég á satt best að segja dálítið erfitt með að átta mig á því svona að óathuguðu máli, en ég vona svo sannarlega að það sé raunin.“ Hjá Uppheimum koma líka út ljóðabækurnar Moldarauki eftir Bjarna Gunnarsson og Blindhæðir eftir Ara Trausta Guðmundsson.

Silja og Guðrún eru sammála um að sú hugmynd hafi ef til vill loðað við ljóðin í gegnum árin að það þurfi að setja sig í sérstakar stellingar til að lesa þau. Það kunni hins vegar að vera að breytast.

„Það er vonandi að renna upp fyrir sífellt fleirum,“ segir Silja, „að galdurinn við að lesa ljóðabók er sá sami og að lesa skáldsögu; bara opna, lesa og njóta.“

bergsteinn@frettabladid.is



# „Mögnuð – Besta bók Yrsu“

**Árni Matthíasson,** blaðamaður á Morgunblaðinu

„ÉG VAR ÞVÍ BÆÐI SÆL OG GLÖÐ ÞEGAR ÉG HAFÐI LOKIÐ LESTRINUM OG VONA SANNARLEGA AÐ YRSA BJÓÐI Í FRAMTÍÐINNI UPP Á MEIRA AF ÞESSU TAGI.“
ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR, BOKMENNTIR.IS

Ungt fólk sem er að gera upp hús á Hesteyri í Jökulfjörðum um miðjan vetur fer að gruna að þau séu ekki einu gestirnir í þessu eyðiþorpi. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Hún virðist hafa verið hugfangin af syni hans sem hvarf fyrir þremur árum – og fannst aldrei. Þessir ólíku þræðir fléttast saman í grípandi sögu þar sem rómaðir hæfileikar Yrsu til að kveikja spennu og magna upp dulúð njóta sín til hins ítrasta.

„Svar Íslands við Stieg Larsson“.
– Daily Telegraph




VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

# Ný bók frá Sandemo

**Út er komin bókin Yrsa – hin gleymda drotttning Danmerkur eftir Margit Sandemo, höfund bálksins um Ísfólkið.**

**Yrsa var þjóðhöfðingi Svía á þjóðflutningatímunum þegar hún giftist konungi Dana og mótaði örlög sín og norrænu þjóðanna. Í bókinni rekur Sandemo söguna frá sjálfri sér aftur til Yrsu, og segir hana eins og hún gæti hafa verið.**

**Sandemo hefur gefið út rúmlega 170 bækur. Bókaútgáfan Jentas gefur út en Snjólaug Bragadóttir þýðir.**

# Víkingur Heiðar leikur í Salnum

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari heldur einleikstónleika í Salnum í kvöld og á sunnudag. Þar flytur hann 24 prelúdíur eftir Frédéric Chopin, sem kváðu meðal margbrotnustu tónsmíða 19. aldar, og partítur númer 2 og 5 eftir Jóhann Sebastian Bach, en þau verk eru einnig á efnisskrá nýs geisladisks Víkings, sem kemur út í maí. Í ár er 200 ára afmælisár Chopin.

Ýmislegt fleira er á döfinni hjá Víkingi en útgáfa geisladisksins í vor. Til dæmis leikur hann ásamt Martin Fröst á Vetrarhátíð þess síðarnefnda í Dalarna í Svíþjóð eftir áramót auk þess sem hann leikur ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Vladimirs Ashkenazy við opnun tónlistarhússins Hörpu í maí.

Tónleikar Víkings í Salnum í kvöld hefjast klukkan 20 en tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 17.



**VÍKINGUR HEIÐAR** Leikur 24 prelúdur eftir Chopin, með margbrotnustu tónsmíðum 19. aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Jólasöngvar á táknmáli

Kór Langholtskirkju heldur ferna jólatónleika 17. til 19. desember næstkomandi. Tónleikarnir ganga undir nafninu Jólasöngvar og hafa verið haldnir árlega síðan 1978. Ásamt Kór Langholtskirju syngur Gradualekór Langholtskirkju og þeim til halds og trausts verður Táknmálskórinn en þetta er í fyrsta sinn sem hann tekur þátt í tónleikum með öðrum kórum.



**JÓN STEFÁNSSON**

„Ég hlakka mikið til,“ segir Jón Stefánsson, stjórnandi Kórs Langholtskirkju. Hann segir það hægara sagt en gert fyrir heilan kór að flytja lög á táknmáli. „Þetta er heljarmikið mál. Fyrst þarf að þýða alla músíkina yfir á táknmál og síðan þarf kórinn að æfa hana þannig að hún falli að tónlistinni.

Eyrún Ólafsdóttir stjórnar Táknmálskórnum en einsöngvari er Kolbrún Völkudóttir. „Hún hefur vakið mikla athygli fyrir túlkun sína,“ segir Jón. „Hún var meðal annars valin í aðalhlutverk í finnsku táknmálsóperunni „Kung Karls jakt“ hjá Teatteri Tutti, sem er eina táknmálsleikhúsið í Finnlandi, og hlaut mikið lof fyrir kraftmikinn og tilfinningaþrunginn flutning.“

Jón segir það mikla upplifun að fylgjast með tónleikum táknmálskórsins, jafnt fyrir þá sem tala táknmál og þá sem gera það ekki. „Þetta er heilmikið sjónarspil. Fyrir okkur sem tölum ekki táknmál er þetta dálítið eins og að horfa á ballett, það er svo mikil túlkun og tjáning í þessu.“ - bs



**KOLBRÚN VÖLKUDÓTTIR** Hlaut mikið lof fyrir túlkun sína í aðalhlutverki í finnskri táknmálsóperu og flytur einsöng á táknmáli í Langholtskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 26. nóvember 2010**

### ➜ Opnanir

Opnuð hefur verið sýning á verkum **Hildar Margrétardóttur** myndlistarmanns í **Artóteki** á 1.hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur. Sýningin stendur til 16. janúar.

### ➜ Dans

**22.00** **Rokkabillý veisla** verður haldin á **Faktorý** í kvöld. Hljómsveitin The **59's**, **Bárujárn** og **Blue Willis** leika fyrir dansi. Veislan hefst kl. 22 og er frítt inn. Þemaklæðnaður æskilegur, verðlaun fyrir flottasta dressið.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** **Graham Avery** flytur fyrirlesturinn **Iceland's Application for EU membership: A view from Brussels**. Fyrirlesturinn er hluti af fundaröðinni Evrópa: samræður við fræðimenn sem haldin er á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn verður fluttur á **Háskólatorgi** stofu 103 og hefst kl. 12.

### ➜ Tónleikar



**12.15** Tónleikaröðin **Klassík í Hádeginu** verður haldin í **Gerðubergi** í dag. Fram kemur **Nína Margrét Grímsdóttir** ásamt **Joaquín Páli Palomares**. Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 og er aðgangur ókeypis.

**21.00** Hljómsveitin **Lame Dudes** endurtekur **A Lame Tribute to J.J. Cale** í kvöld á skemmtistaðnum **Dillon** á Laugavegi 30. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

**22.00** **Gildran** verður með tónleika á **Sódómu Reykjavík** í kvöld kl. 23, húsið opnar kl. 22. Aðgangseyrir er 1500 krónur.

**22.00** Útgáfutónleikar **Sigurðar Guðmundssonar og Memfismafíunnar** á jóladisknum **Það stendur mikið til** verða haldnir á **Græna Hattinum**, Akureyri, í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22.

**22.30** Hljómsveitin **amiina** efnir til tónleika í **Þjóðleikhúskjallaranum**, á Hverfisgötu 19, í kvöld. Húsið opnar kl. 22.30 og hefjast tónleikarnir skömmu seinna. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









# Horft út í heim










## Kærleikur og von

***Trú - Mannfólkið andspænis guði sínum* er einstæð bók sem staðfestir rækilega að hjörtum mannanna svipar saman, þó þeir dreifi sér vítt um jarðarkringluna og aðhyllist ólík trúarbrögð.**

Í fimmtán ár ferðaðist listaljósmyndarinn Ken Opprann um heiminn og myndaði fólk á fundi við guð sinn. Hann var viðstaddur ótal trúarhátíðir helstu trúarbragða heims, vitjaði helgistaða og sótti fólk heim. Myndirnar bera vitni falslausri einlægni og þrotlausri leit að þeim mætti sem er æðri öllum skilningi.

Auk einstæðra ljósmynda geymir bókin glögga umfjöllun um fimm helstu trúarbrögð heimsins; Hindúasið, Kristindóm, Gyðingdóm, Búddasið og Íslam.

## Heimsmynd tungumálanna

***Tungumál veraldar*** segja lifandi menningarsögu. Í þessari glæstu bók er boðið til mikillar reisu, þar sem lesendur kynnast eitt þúsund tungumálum um veröld víða. Lýst er bakgrunni þeirra, sögu, tengslum við önnur mál og sérkennum. Með hjálp fjölbreytilegra ljósmynda, skýringarmynda og landakorta opnast heillandi veröld - aðgengileg og umfram allt bráðskemmtileg.

## Heimsreisa bragðlaukanna

Meistarakokkurinn Gordon Ramsay er í miklum metum, ekki hvað síst vegna þess hversu auðvelt er að fylgja uppskriftum hans. Í þessari stóru og glæsilegu bók fá lesendur að kynnast lykilréttum úr matarmenningu Mið-Austurlanda, Taílands, Bandaríkjanna, Kína, Indlands, Spánar, Frakklands, Ítalíu, Grikklands og Bretlands.

Þessi bók á erindi í öll íslensk eldhús.

Lestur er undirstaða alls náms

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL




Þar sem þekkingin á sér samastað

OPNA

Bókaútgáfan Opna · Skipholti 50b · 105 Reykjavík · sími 578 9080 · www.opna.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**1232** **VORU DAGARNIR SEM LIÐU** frá brúðkaupi Tony Parker og Evu Longoria og þangað til hjónabandinu lauk 19. nóvember síðastliðinn.

## Bieber vill nammi

Táningsstjarnan Justin Bieber er ekki eins kröfuharður og margir fjölmiðlar hafa látið vera. Sögur hafa verið á kreiki um að „rider“-inn hans, kröfur um það sem skal vera fyrir hendi á tónleikum, sé án fordæma en sú er alls ekki raunin. Það eina sem Bieber fer fram á er ávaxtabakki, jurtate, vatn, hvítir stuttermabolir og gott úrval af sælgæti og snakki.



**FLOTTUR** Justin Bieber borðar snakk og nammi eins og hinir krakkarnir.








**FALLEG KVÖLDSTUND** Söng- og leikkonurnar Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Selma Björnsdóttir voru á meðal gesta í Iðnó og hlýddu á ljúfan söng Völu Guðna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vala söng fyrir fólkið sitt

**Valgerður Guðnadóttir sendi á dögunum frá sér plötuna Draumskóg. Hlýleg stemning var í Iðnó á þriðjudagskvöldið þegar Vala fagnaði útgáfu plötunnar með tónleikum og létu vinir hennar og aðdáendur sig ekki vanta.**



Vala var í góðu stuði og fékk gesti í salnum fljótt á sitt band.



Þau Svanborg Hilmarsdóttir og Valdimar Hilmarsson.



Fríða Garðarsdóttir og Kristín María Sigþórsdóttir.

## Leita að fyrirsætum í skólum

„Við erum að safna í myndabanka til að auðvelda okkur að finna krakka fyrir myndatökur,“ segir Erna Hrund Hermannsdóttir, förðunarfræðingur hjá Maybelline, en Maybelline, Oroblu, íslenska vefritið Nude magazine og módelskrifstofan Elite heimsækja menntaskóla landsins í leit að nýjum andlitum.

„Við byrjuðum á því að fara í Verzló og Kvennó í vikunni,“ segir Erna Hrund. „Markmiðið er svo að fara í sem flesta menntaskóla og jafnvel í háskólana eftir áramót.“ Hún segir þau ekki hafa rætt það að fara í grunnskólana. „Við erum að leggja áherslu á ákveðinn aldur, en það er aldrei að vita nema við kíkjum í tíunda bekkinn,“ segir Erna. Hún segir að ekki sé endilega verið að leita að fólki með þetta svokallaða fyrirsætuútlit. „Við erum að leita að alls konar krökkum, bæði stelpum og strákum.“

Fulltrúar frá Maybelline og Oroblu, Nude magazine og Elite mættu í menntaskólana tvo á þriðjudag og miðvikudag og tóku myndir af þeim sem vildu vera með. Erna segir myndatökurnar hafa gengið vonum framar. „Þetta gekk alveg ótrúlega vel. Það fengu allir létta förðun fyrir myndatökuna og svo var myndin tekin fyrir framan stórt plakat svo það leit út fyrir að hver og einn væri á forsíðu Nude magazine,“ segir Erna.



**FENGU FÖRÐUN FRÁ MAYBELLINE** Erna Hrund farðar hér nemanda úr Kvennaskólanum, en Maybelline, Oroblu, Nude magazine og módelskrifstofan Elite leita að nýjum andlitum í menntaskólum landsins. MYND/JÓHANNA BJÖRG

En fannst strákunum ekkert óþægilegt að láta farða sig? „Nei, alls ekki. Verzlingar eru svo „metró“, það var allavega ekkert mál að farða þá,“ segir förðunarfræðingurinn Erna Hrund. - ka





SÍÐASTI
SÉNS
Á AÐ KAUPA
HERRAFÖT
MEÐ AFSLÆTTI
FYRIR JÓLIN
Komdu og skoðaðu hjólið
25%
afsláttur af öllum vörum um helgina og þú gætir unnið geðveikt „easy rider" mótorhjól í kaupbæti
Allir sem versla fara í pott og gætu unnið þetta hjól
PIPAR\TBWA · SÍA
BERTONI
Herra
hafnarfjörður
Firði, Hafnarfirði Sími 565 0073
Opið:
Föstudag 10-18,
laugardag 11-18,
sunnudag 13-18

# Missti köttinn í bruna

Raunveruleikastjarnan og húðflúrlistakonan Kat von D lenti í því hörmulega atviki að missa bæði heimili sitt og gæludýr í bruna. Kat von D er fyrrverandi kærasta Jesse James, sem giftur var Söndru Bullock, og einnig Nikki Sixx, bassaleikara Mötley Crüe.

Von D tjáði aðdáendum sínum fréttirnar í gegnum Twitter-síðu sína þar sem hún ritaði: „Húsið mitt brann til kaldra kola í nótt og kötturinn minn brann inni. Hvíl í friði, litla Valentine.“



**SORGMÆDD** Húðflúrlistakonan Kat von D missti hús sitt og gæludýr í bruna. NORDICPHOTOS/GETTY

Hljómsveitin 5 á Richter
leikur gullaldarrokk
föstudags- og laugardagskvöld

Dömurnar fá FRÍTT inn til miðnættis
og kokteil í boði hússins

Kringlukráin
- á góðri stund

# Alexa Chung þykir flottust



**BEST KLÆDD** Alexa Chung er best klædda kona ársins 2010 að mati Teen Vogue. NORDICPHOTOS/GETTY

**SLÚÐURSTJARNA** Leighton Meester úr Gossip Girl-þáttunum þykir svolítið flott.

**BRESK BLÓMARÓS** Breska leikkonan Carey Muligan vermir þriðja sætið á lista Teen Vogue.

**Tískutímaritin keppast nú við að velja best klæddu konur ársins 2010. Tímaritið Teen Vogue birti nýverið lista sinn yfir fimmtíu best klæddu ungstirni þessa árs og var það hin breska Alexa Chung sem hreppti fyrsta sætið.**

Alexa Chung hefur verið ofarlega á slíkum listum allt árið enda þykir hún ávallt með eindæmum smekkleg og höfðar fatastíll hennar til margra.

Annað sætið hreppti Emma Roberts, bróðurdóttir leikkonunnar Juliu Roberts, en hún fer meðal annars með hlutverk í kvikmyndinni Scream 4. Í þriðja sæti var önnur bresk blómarós og best klædda kona Bretlands að mati tímaritsins Bazaar UK, Carey Mulligan.

Aðrar stúlkur sem þóttu bera af í klæðavali voru meðal annars Gossip Girl-stjörnurnar Leighton Meester og Blake Lively, Emma Watson og Kristen Stewart.



**STELPULEG** Fatasmekkur Kristen Stewart hefur svo sannarlega batnað með árunum.



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
20% AFSLÁTTUR
föstudag og laugardag
Fallegur ítalskur fatnaður
kroll
Kroll • Laugavegi 33 • Sími: 552 2250 • kroll@kroll.is
Opnunartími: mán-fim 10 - 18 • fös 10 - 19 • lau 11 - 17

# Ekkert kjöt fyrir Jessicu Simpson

Söngkonan Jessica Simpson trúlofaðist nýlega unnusta sínum, fyrrverandi fótboltakappa að nafni Eric Johnson, og ætla þau að eyða þakkargjörðarhátíðinni saman í New York. Þetta er fyrsta þakkargjörðarhátíðin sem Simpson og Johnson eyða saman.

„Eftir að Eric hætti að æfa hefur hann einbeitt sér að því að borða mjög hollan mat. Við verðum því ekki með kalkún á boðstólum heldur „tofurkey“ sem er tófústeik. Nafnið eitt hljómar skrítilega og þetta verður örugglega skrítið á bragðið,“ sagði söngkonan í spjallþætti Jimmy Fallon fyrir skemmstu.

Simpson viðurkennir að henni finnist grænmetisréttir Johnsons góðir en að sjálf sé hún alin upp í Texas þar sem kjötneysla er mikil. „Ég borða helst bara steikur, pottrétti og nagga,“ sagði hún hlæjandi.



**EKKERT KJÖT** Jessica Simpson mun eyða þakkargjörðarhátíðinni með unnusta sínum í ár. NORDICPHOTOS/GETTY




– Þú finnur fjölda girnilegra uppskrifta að kvöldmatnum á www.gottimatinn.is


FESTIVAL DE CANNES
OFFICIAL SELECTION
OUT OF COMPÉTITION
tiff. toronto international film festival
OFFICIAL SELECTION 2009
RACHEL WEISZ
AGORA
A FILM BY ALEJANDRO AMENÁBAR
9. HVER VINNUR!
LG
SMS LEIKUR
FRUMSÝND
26. NÓVEMBER
SÖGULEG EPÍSK STÓRMYND MEÐ RACHEL WEISZ
Í AÐALHLUTVERKI UM BARÁTTU OG UPPGJÖR
Í EGYPTALANDI UNDIR STJÓRN RÓMVERJA!
SENDU SMS ESL AGV
Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
FULLT AF AUKAVINNINGUM:
TÖLVULEIKIR · DVD MYNDIR OG FLEIRA!
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
VILTU MIÐA!
BOÐSMIÐI
Gildir fyrir einn á meðan myndin er í sýningu.
HÁSKÓLABÍÓ

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | 5.45, 8 og 10.30 | 12 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 8 - FORSÝNING | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | 3.50 - ISL TAL | L |
| JACKASS – ÓTEXTUÐ | 6 og 10.30 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 6, 8 og 10.15 | L |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ | 4 - ISL TAL | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 4 - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN

Harry Potter, Hermione Granger, Ron Weasley og Voldemort eru komin aftur í magnaðasta ævintýri allra tíma
Harry Potter and the Deathly Hallows part I
★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE
★★★★ - ORLANDO SENTINEL
★★★★ - TIME OUT NEW YORK

GNARR
ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS
FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER
DUE DATE
LEAVE YOUR COMFORT ZONE
COMING SOON
RED

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5 - 6:30 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| DUE DATE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10 | 10 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 Síðasta sýningar helgi | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |
| RED | kl. 10:10 | L |
| DUE DATE | kl. 6 - 8 | 10 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5, 6, 8, 9, 11 | 10 |
| DUE DATE | kl. 5.50, 8, og 10.10 | 10 |
| GNARR | kl. 3.50, 5.55, og 8 | L |
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| RED | kl. 10:10 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3.40 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 4 - 5:30 - 8:30 - 10:10 | 10 |
| GNARR | kl. 8 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 5:50 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | 7 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:50 | L |

MIÐASALA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS
12 LÚXUS
FRÁBÆR TEIKNIMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI
NIKO LEIÐIN TIL STJARNANNA
L ÍSL. TAL
EPÍSK STÓRMYND EFTIR LEIKSTJÓRA THE OTHERS
AGORA
14
UNSTOPPABLE L ★★★★ -S.V., MBL
jackass 3D L
MISSIÐ EKKI AF ÞESSUM MAGNAÐA VÍSINDASKÁLDSÖGUTRYLLI Í BÍÓ!
EKKI LÍTA UPP
SKYLINE 12
ARTÚR 3 L ÍSL. TAL

SMÁRABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE NEXT THREE DAYS LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 3.40 - 6 | L |
| SKYLINE | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 8 | L |
| ARTHÚR 3 | KL. 5.50 - 3.40 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 3.40 | L |
| | | L |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| AGORA | kl. 5.20 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| SKYLINE | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 8 - 10.10 | L |
| BRIM | KL. 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| ARTÚR 3 | KL. 6 | L |
| JACKASS 3D | KL. 8 | 12 |
| PARANORMAL ACTIVITY FORS | KL. 10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 8 - 10.15 | 12 |

5% facebook /smarabio • Sími 564 0000 • Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

# Til heiðurs Stieg Larsson

**Sænska spennusagan Dávaldurinn naut mikilla vinsælda í heimalandi sínu þegar hún kom út fyrir tveimur árum. Höfundurinn kallaði sig Lars Kepler en fljótlega kom í ljós að ekki var allt sem sýndist. Freyr Gígja Gunnarsson heyrði í rithöfundinum eða rithöfundunum.**



**SAMHELDIN KEPLER-HJÓN** Alexander og Alexandra höfðu reynt að skrifa bækur saman. Þeim tókst það loks þegar þau bjuggu til nýjan rithöfund, Lars Kepler. Hann er nefndur í höfuðið á Stieg **Lars**son og vísindamanninum Johannesi Kepler.

Spennusagan Dávaldurinn fékk lofsamlega dóma þegar hún kom út og sænskir fjölmiðlar vildu auðvitað ná tali af þessum rithöfundi sem hafði óvænt slegið í gegn með sinni fyrstu bók. Þeir gripu hins vegar í tómt, Kepler virtist vera huldumaður eða hreinlega ekki til. Að endingu voru það tveir blaðamenn frá Aftenposten sem komust á snoðir um hvernig í málinu lá og það var þá sem hjónin og rithöfundarnir Alexander Ahndoril og Alexandra Coelho keyrðu með börnin sín frá sumarhúsi sínu til Stokkhólms, boðuðu til blaðamannafundar og upplýstu að þau væru Lars Kepler „Við ætluðum aldrei að afhjúpa okkur en þegar bókinni gekk svona vel þá varð allt brjálað og næstum öll sænska þjóðin tók þátt í því að reyna að grafast fyrir um hver Lars Kepler væri,“ segir Alexander í samtali við Fréttablaðið.

Dávaldurinn segir frá Joona Linna, finnskættuðum rannsóknarlögreglumanni hjá ríkislögreglunni í Svíþjóð. Hann tekur að sér að rannsaka ógeðfellt morð á fjölskyldu í smábæ og fær lækninn og fyrrum dávaldinn Erik Maria Bark til að dáleiða eina fórnarlambið sem lifði árásina af. Sú dáleiðsla á hins vegar eftir að hafa skelfilegar afleiðingar fyrir Bark og fjölskyldu hans. Joona Linna hefur þegar öðlast framhaldslíf í næstu bók Kepler-hjónanna og Alexander segir þau reyndar vera með það mikinn efnivið og margar hugmyndir að þau gætu skrifað átta bækur um Linna. Þriðja bókin sé allavega væntanleg og sú fjórða er komin vel á veg.

Alexander og Alexandra voru vel þekktir rithöfundar í „fínni“ bókmenntageiranum í Svíþjóð, höfðu skrifað, hvort í sínu lagi, hábókmenntalegar bækur, leikrit og lærðar greinar. „Við vildum skapa glæpasögu sem væri í stíl við spennumynd, væri byggð upp á svipaðan hátt og með sama tempói,“ segir Alexander og játar það fúslega að Millennium-þríleikur Stiegs Larsson hafi haft mikil áhrif á þau. „Larsson breytti spennusagnaforminu, hann kom með eitthvað nýtt, sýndi fram á að spennusaga þarf ekki bara að fjalla um morð og lögreglurannsókn,“ segir Alexander og útskýrir að nafnið Lars í Lars Kepler sé til heiðurs Stieg Larsson, slík áhrif hafi hann haft. Kepler sé hins vegar fengið frá Johannesi Kepler, vísindamanni sem leysti einhverja mestu ráðgátu átjándu aldar með því að treysta eingöngu á vísbendingar.

En það er ekki hægt að sleppa Alexander án þess að spyrja hann hverng það hafi gengið hjá þeim hjónum að skrifa bókina saman. „Við höfum áður reynt að skrifa bækur saman en sú vinna endaði í hávaðarifrildum og við rifumst um nánast allt milli himins og jarðar. En þegar við tókum ákvörðun um að búa til þetta dulnefni og breyttum um verkferla þá fór þetta að ganga. Í dag gætum við til að mynda ekki bent á hvort okkar á hvaða setningu.“

**freygigja@frettabladid.is**

# Alan Jones fer nýjar leiðir

„Ég er að prófa eitthvað alveg nýtt og ferskt,“ segir söngvarinn Alan Jones, en á næstu vikum kemur út nýtt lag með kappanum sem ber nafnið „Look around“.

Lagið gerði Alan með plötusnúðnum Tomma White, en hann hefur lengi verið einn þekktasti „house“ plötusnúður landsins. „House-tónlist hefur mikla sál og ég held að þetta sé stórt skref í rétta átt,“ segir Alan, og bætir við að lagið sitt fjalli um ást og frið.

Alan tók þátt í X-factor árið 2007 og hefur síðan þá verið að fóta sig innan íslenska tónlistargeirans. Hann hefur lengi vel haldið upp á tónlistarmanninn Michael Jackson og hefur síðasta árið ferðast um landið og sungið lög Jacksons við ýmis tækifæri. Nú er hann hins vegar búinn að finna sig í „house“-tónlistinni og því vert að vita hvort fleiri lög frá honum séu á leiðinni. „Við Tommi erum byrjaðir að vinna að öðru lagi en „Look around“ fer vonandi í spilun í byrjun desember,“ segir Alan. Hann segist ekki vera með plötu á leiðinni. „Mér finnst bara ganga upp að gera eitt og eitt lag í svona „house“-stíl, svo ég ætla aðeins að bíða með það að gefa út plötu.“



**SKREF Í RÉTTA ÁTT** Alan er ánægður með nýja lagið sitt Look Around, sem fer í spilun á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alan verður í jólaþorpinu í Hafnarfirði á laugardaginn og því vert að vita hvort hann ætli að taka „Look around” fyrir gesti og gangandi. „Nei ég ætla ekki að syngja það strax. Ég verð bara með gömlu góðu Michael Jackson lögin,” segir Alan og hlær.

**- ka**

BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| THE SOCIAL NETWORK(L) | 22:00 |
| INHALE(16) | 18:00 |
| ÓRÓI(L) | 18:20, 20:20 |
| BRIM(12) | 22:00 |
| COURIER(14) | 20:00 |
| THE DESCENT(16) | 20:00 |
| FEATHERED COCAINE(L) | 20:10 |
| INSIDE JOB(L) | 22:10 |
| CATFISH(L) | 18:10 |
| ARMADILLO(14) | 22:20 |
| BRIGHT STAR(L) | 17:45 |

CAFÉ
YOU DON'T GET TO 500 MILLION FRIENDS
SÝND ÁFRAM VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!
RISA BÍÓVEISLA UM HELGINA: 14 MYNDIR!
INHALE
BÍÓDAGAR HAUST 2010 SÍÐASTA SÝNINGARVIKA Á SJÖ HEITUSTU HEIMILDARMYNDUM ÁRSINS!
FRUMSÝNING!
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS

# Ljúf sveitasöngkona

Sveitasöngkonan Taylor Swift á sitt eigið hús þar sem hún býr ein. Hin tvítuga Swift segist njóta þess að búa ein og geta ráðið sér sjálf.

„Þegar maður býr aleinn getur maður gert alls konar skemmtilega hluti. Maður getur gengið um og talað upphátt og jafnvel sungið það sem maður er að hugsa. Ætli ég sé því ekki sú eina sem gerir það?“ sagði stúlkan þegar hún var gestur í spjallþætti Chelsea Handler. Söngkonan er þekkt fyrir sitt ljúfa skap og sakleysi og segist hún aldrei hafa verið sérstaklega villt. „Ég er alltaf mjög hrædd um að koma mér í vandræði og hljóta skammir fyrir. Þess vegna held ég mér á mottunni.“

Swift fagnar 21 árs afmæli sínu í næsta mánuði og segist hlakka til þess að verða ári eldri. „Þá kemst ég lokst með á alla tónleikana sem vinir mínir sækja.“



**BLÍÐ OG GÓÐ** Taylor Swift er ekki þekkt fyrir villt líferni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Grohl leitar aftur í ræturnar

Rokkarinn Dave Grohl er ánægður með samstarf sitt og upptökustjórans Butch Vig við gerð nýrrar plötu hljómsveitarinnar Foo Fighters. Grohl segir endurnýjuð kynni þeirra vera eins og að sofa aftur hjá gamalli kærustu.

Dave Grohl vinnur nú með upptökustjóranum í fyrsta sinn síðan hann var trommari hljómsveitarinnar Nirvana og Butch Vig stjórnaði upptökunum á plötunni Nevermind. Grohl segist þó hafa haft efaemdir um að samstarfið myndi ganga. „Að gera plötu með upptökustjóra sem þú hefur unnið með áður er ekki ósvipað og að sofa hjá kærustu sem þú áttir fyrir tuttugu árum. Það getur verið frábært en það getur líka verið hræðilegt. En samstarf okkar er mjög eðlilegt og þægilegt og hann er sami gaur og fyrir tuttugu árum. Hann notar rakspíra núna. Ég held að það sé eini munurinn.“

Platan sem þeir vinna að verður sjöunda plata Foo Fighters og á henni verður meira um endurfundi. Krist Novoselic, bassaleikari Nirvana, lætur til sín taka í einu lagi og Grohl segir það hafa verið tilfinningaríka stund þegar þeir unnu saman í fyrsta sinn síðan Kurt Cobain, söngvari Nirvana, skaut sig fyrir 16 árum. „Þegar við hittumst tengjumst við í gegnum góðu og slæmu hlutina,“ segir Grohl.



**NOSTALGÍA** Dave Grohl vinnur aftur með fólki frá Nirvana-árunum.



**NÝTT PAR** Kim Kardashian og Gabriel Aubry skemmtu sér saman á körfuboltaleik. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skemmtu sér á Lakers-leik

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian og fyrrverandi eiginmaður leikkonunnar Halle Berry, Gabriel Aubry, skelltu sér saman á körfuboltaleik með L.A. Lakers í vikunni. Samkvæmt tímaritinu UsMagazine.com hefur parið verið að stinga saman nefjum um nokkurt skeið.

Að sögn heimildarmanns kynntust Kardashian og Aubry í gegnum sameiginlegan vin. „Þau hafa verið að hittast í nokkrar vikur núna og ákváðu að fara í fyrsta sinn út saman opinberlega á körfuboltaleikinn,“ var haft eftir vini Kardashian.

Aubry og Berry skildu í apríl á þessu ári en dvöldu saman í París í sumar þar sem hann passaði dóttur þeirra á meðan Berry var við tökur á nýrri kvikmynd. Kardashian hefur verið á lausu frá því hún hætti með kærasta sínum, íþróttamanninum Reggie Bush, í mars.

# Vill bara skemmta sér

**Hjónin David Arquette og Courteney Cox eru sem kunnugt er skilin að borði og sæng. Síðan fréttirnar spurðust út hefur oft sést til Arquette þar sem hann er vel við skál auk þess sem hann hefur viðurkennt að hafa sængað hjá öðrum konum skömmu eftir skilnaðinn. Þrátt fyrir þetta segist leikarinn elska konu sína og að þau séu að vinna í sínum málum. „Ég elska eiginkonu mína og hún elskar mig. Ég er skemmtanaglaður og góðhjartaður einstaklingur. Ég hef alltaf verið svolítið villtur og viðurnefni mitt var „Dabbi stuð“. Mér finnst gaman að fíflast og kynnast nýju fólki,“ var haft eftir hinum skemmtanaglaða David Arquette.**



**STUÐBOLTI** David Arquette segist hafa gaman af því að skemmta sér. NORDICPHOTOS/GETTY

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN



NR. 10
UNGFRÚ REYKJAVÍK
Heil grilluð kjúklingabringa í Fabrikkuspeltbrauði. Sólþurrkað tómatmauk, ostur, kál, tómatar, rauðlaukur og mangójógúrtsósa. Borin fram með frönskum.

HAMBORGARAFABRIKKAN OG CAVENDISH FRANSKAR EIGA Í TRANSFITULAUSU SAMBANDI*

Stefna Hamborgarafabrikkunnar hefur frá fyrsta degi verið að nota eingöngu hágæða hráefni.

Þess vegna notum við Cavendish franskar sem hafa verið transfitulausar frá árinu 2005.

LES FERMES CAVENDISH FARMS

*Maturinn er 100% transfitulaus. Við höfum hvorki transfitumælt starfsfólkið okkar né viðskiptavini.

BORÐAPANTANIR
Í síma 575 7575
og á fabrikkan@fabrikkan.is

TAKE AWAY
· Mættu á Fabrikkuna og pantaðu
· Taktu matinn með
· Hámarksbiðtími 15 mín.

FLJÓTLEGT Í HÁDEGINU
Meðalbiðtími eftir mat á Fabrikkunni er aðeins 8 mínútur frá því að pöntun er tekin.

ÍSLENSKA/SIA.IS/HAP 52389 11/10

2010

# sport

sport@frettabladid.is



**HÁSTEINSVÖLLUR** verður ekki heimavöllur ÍBV í Evrópukeppninni næsta sumar að því er fram kemur í vikublaðinu Fréttum. Völlurinn uppfyllir ekki skilyrði UEFA fyrir Evrópuleiki. ÍBV þarf að ráðast í framkvæmdir fljótlega því félagið mun ekki fá undanþágu frá leyfiskerfi lengur en næsta sumar. Verði völlurinn ekki lagaður þarf ÍBV að spila heimaleiki sína á fastalandinu árið 2012.



**RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR** Stóð sig ágætlega í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ragnheiður Ragnarsdóttir:

## Hafnaði í 13. sæti á EM

**SUND** Ragnheiður Ragnarsdóttir komst ekki í úrslit á EM í 100 metra skriðsundi í gær. Ragnheiður komst í undanúrslit á mótinu en náði ekki að synda sig inn í úrslitasundið.

Hún synti á 54,91 sekúndu í undanúrslitunum, sem var lakari tími en í undanrásunum. Þá synti hún á 54,83 sekúndum. Íslandsmet hennar er 54,65 sekúndur.

Seinna sundið byrjaði vel hjá Ragnheiði í gær og hún var með fjórða besta tímann í sínum riðli eftir 25 metra. Hún náði ekki að halda sama hraða út sundið.

Tíminn dugði Ragnheiði í 13. sætið en aðeins átta synda í úrslitasundinu. Sú síðasta sem komst í úrslitasundið kom í mark á 54,42 sekúndum. - hbg

# Pavel og Ægir í forystuhlutverki

**Galdramaðurinn og Geitungurinn eru einu íslensku leikmennirnir inni á topp tíu listanum yfir þá leikmenn Iceland Express deildar karla sem hafa skilað mestu til sinna liða það sem af er tímabilinu.**

**KÖRFUBOLTI** Erlendir leikmenn eru í forystuhlutverki hjá flestum liðum Iceland Express deildar karla það sem af er tímabilinu en hjá tveimur liðum í deildinni eru íslenskir leikstjórnendur sem eru í forystuhlutverkinu. Þetta eru þeir Pavel Ermolinskij, leikstjórnandi KR, og Ægir Þór Steinarsson, leikstjórnandi Fjölnis, sem eru báðir meðal fimm efstu manna í deildinni þegar kemur að hæsta framlagi til sinna liða.

Pavel Ermolinskij er efstur í framlagi í deildinni með 28,8 framlagsstig að meðaltali í leik. Hann er með 17,4 stig, 12,6 fráköst og 8,5 stoðsendingar að meðaltali í leik, kemst reyndar ekki inn á topp tuttugu í stigaskori (23. sæti) en er í 2. sæti í bæði fráköstum og stoðsendingum.

Mikilvægi Pavels fyrir KR-liðið sést vel í tölfræðinni því hann er með 35,0 framlagsstig að meðaltali í sigurleikjunum (21,0 stig - 14,8 fráköst - 9,8 stoðsendingar) en aðeins 10,0 framlagsstig að meðaltali í tapleikjunum (6,5 stig - 6,0 fráköst - 4,5 stoðsendingar). Hamri og Keflavík tókst að stoppa strákinn og fögnuðu fyrir vikið góðum sigrum á KR-liðinu.

Ægir Þór Steinarsson er í 5. sæti í framlagi í deildinni með 25,6 framlagsstig að meðaltali í leik. Ægir er með 19,1 stig, 5,4 fráköst og 9,4 stoðsendingar að meðaltali í leik en hann er efstur í deildinni í stoðsendingum og kemst líka inn á topp 20 í stigaskori (15. sæti). Ægir var efstur í stoðsendingum í deildinni í fyrra en hefur hækkað meðaltal sitt úr 7,8 stoðsendingum í leik í fyrra upp í 9,4 stoðsendingar að meðaltali í ár.

Ægir er að skila svipuðum framlagstölum í sigur- og tapleikjum Fjölnisliðsins en samkvæmt stigaskorinu virðist það vera mikilvægara fyrir liðið að hann skori meira sjálfur. Ægir er þannig með 21,0 stig og 8,5 stoðsendingar að meðaltali í sigurleikjunum en með 17,3 stig og 10,3 stoðsendingar að meðaltali í tapleikjunum. Hann er að skjóta meira og komast oftar á vítalínuna í sigurleikjunum, en Fjölnismenn hafa nú unnið tvo leiki í röð í deildinni.

Pavel og Ægir Þór eru miklir leiðtogar í sínum liðum og að hætti stjörnuleikmanna vestur í Bandaríkjunum hafa góðir menn fundið á þá skemmtileg viðurnefni. Pavel hefur verið kallaður Galdramaðurinn í beinni tilvísun til hins frábæra Magic Johnson, sem líkt og Pavel var leikstjórnandi í framherjaskrokki. Ægir Þór hefur verið kallaður Geitungurinn enda spilar hann í gulu, er eldsnöggur með boltann og stingur mótherjann með beittum leik sínum. Það er við hæfi að strákarnir séu settir í stjörnuleikmannabúning að hætti Kanans enda hafa þeir látið verkin tala inni á vellinum í vetur.

ooj@frettabladid.is



ÆGIR ÞÓR STEINARSSON, FJÖLNI



PAVEL ERMOLINSKIJ, KR

**Hæsta framlag í deildinni:**

| | |
|---|---|
| **1. Pavel Ermolinskij, KR** | **28,75** |
| 2. Kelly Biedler, ÍR | 28,63 |
| 3. Semaj Inge, Haukum | 28,13 |
| 4. Lazar Trifunovic, Keflavík | 26,75 |
| **5. Ægir Þór Steinarsson, Fjölni** | **25,63** |
| 6. Craig Schoen, KFÍ | 24,25 |
| 7. Gerald Robinson, Haukum | 23,63 |
| 8. Ben Stywall, Fjölni | 23,63 |
| 9. Ryan Amaroso, Snæfelli | 23,25 |
| 10. Christopher Smith, Njarðvík | 22,80 |

**Tölur Pavels og Ægis**

| | |
|---|---|
| Stig í leik | 17,4 - **Ægir 19,1** |
| Fráköst í leik | **Pavel 12,6** - 5,4 |
| Stoðsendingar í leik | 8,5 - **Ægir 9,4** |
| Stolnir í leik | 1,8 - **Ægir 1,9** |
| Tapaðir í leik | 5,8 - **Ægir 3,4** |
| 3ja stiga skotnýting | 38,5% - **Ægir 48,9%** |
| Vítanýting | 77,4% - **Ægir 79,1%** |
| Framlag í leik | **Pavel 28,8** - 25,6 |


# Forskotið eykst!

Fréttablaðið er nú með 187% meiri lestur en Morgunblaðið.




Enn eru yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir. Það sést greinilega á lestrartölum milli ára. Morgunblaðið dalar en Fréttablaðið bætir við sig.

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli.

Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.

**Af þessum ástæðum hefur forskot Fréttablaðsins aukist úr 143% í 187%**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.




Allt sem þú þarft...




**FYNDIÐ** Leikmenn Real þurftu að bíða lengi eftir rauðu spjöldunum frá Craig Thompson dómara. Ronaldo hlær hér en hann fær að líta gula spjaldið. NORDIC PHOTOS/AFP

Rauðu spjöldin sem Real Madrid fékk gegn Ajax draga dilk á eftir sér:

# UEFA kærir Mourinho og félaga

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuheimurinn hefur logað síðan tveir leikmenn Real Madrid fengu að líta rauða spjaldið undir lok leiksins gegn Ajax. Flestir eru sammála um að þetta hafi verið viljandi gert hjá Madrídingum svo leikmennirnir færu í bann í tilgangslausum leik gegn Auxerre og væru spjaldalausir í sextán liða úrslitunum.

Daginn eftir leik var birt myndasíða sem átti að sanna að skilaboðin um spjöldin hefðu komið frá Mourinho þjálfara.

Þar sáust menn vera að hvíslast á. Allt frá Mourinho til Sergio Ramos sem fékk seinna rauða spjaldið í leiknum.

UEFA er á því að Real Madrid hafi nælt sér í spjöldin viljandi því búið er að kæra Mourinho og fjóra leikmenn fyrir óviðeigandi hegðun.

Það eru þeir Xabi Alonso og Sergio Ramos, sem fengu rauðu spjöldin, sem og markverðirnir Iker Casillas og Jerzy Dudek.

Varamarkvörðurinn Dudek virtist koma skilaboðunum áfram til Casillas, sem síðan á að hafa sagt félögum sínum að næla í rauð spjöld fyrir að tefja.

Bæði Alonso og Ramos tóku sér fáránlega langan tíma í að framkvæma aukaspyrnu og útspark. Svo langan tíma tóku þeir að UEFA ætlar að fara með málið alla leið. Aganefnd UEFA mun taka málið fyrir hinn 30. nóvember næstkomandi.

Leikmenn Real hafa borið af sér allar sakir. Ramos sagði fullum fetum að þetta hefði ekki verið viljandi gert en vildi ekki ræða málið í þaula.

Mourinho hefur neitað að ræða málið við fjölmiðla hingað til.

- hbg



**ALLIR Á LISTANUM** Ramos, Puyol og Pique eru allir í lista yfir bestu menn heims. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Heimsliðið 2011:

## 55 leikmenn tilnefndir

**FÓTBOLTI** Í gær var gefið út hvaða leikmenn kæmu til greina í heimsliðið fyrir árið 2011. Það er Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, og Samtök atvinnumanna sem standa að kjörinu.

Alls eru 50 þúsund knattspyrnumenn í samtökunum og þeir völdu sitt lið. Urðu þeir að velja í leikkerfinu 4-3-3.

Heimsmeistarar Spánverja koma best út úr kjörinu en tíu leikmenn frá Spáni eru á meðal þessara 55 leikmanna. Brasilía á níu, Argentína átta, England sex og Þýskaland fjóra. Það koma þrír leikmenn frá Hollandi og Ítalíu og tveir frá Portúgal.

Úrúgvæ, Wales, Frakkland, Búlgaría, Serbía, Tékkland, Svíþjóð, Gana, Fílabeinsströndin og Kamerún eiga öll einn fulltrúa.

Spænska deildin á einnig flesta leikmenn í þessum hópi eða átján. Enska deildin er með sautján fulltrúa og sú ítalska með fimmtán. Heimsliðið er tilkynnt á sama tíma og besti leikmaður heims en það verður 10. janúar.

- hbg

Skoska úrvalsdeildin:

## Búið að finna dómara

**FÓTBOLTI** Leikið verður í skoska fótboltanum um næstu helgi þrátt fyrir að skoskir dómarar verði þá í verkfalli til að mótmæla gagnrýni á störf sín undanfarið. Það eru þó ekki íslenskir dómarar sem koma til bjargar heldur dómarar frá öðrum Evrópulöndum.

Skoska sambandið hefur nefnilega samið við erlenda dómara um að fylla í skarðið en dómarar frá Íslandi, Noregi, Wales og Svíþjóð voru ekki tilbúnir að dæma leikina því þeir ætla að standa með kollegum sínum í Skotlandi.

„Skoska knattspyrnusambandið getur staðfest það að samkomulag hefur náðst við nokkur evrópsk knattspyrnusambönd þannig að leikirnir í úrvalsdeildinni og Alba-bikarnum verða mannaðir um helgina.

Enn standa yfir viðræður um að manna aðra leiki en góðar líkur eru á að leikir í öllum deildum geti farið fram,“ sagði í yfirlýsingu frá skoska knattspyrnusambandinu.

- óój

Välj.

Eða veldu eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður. Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

Berlín
München
Hamborg
Varsjá
Zürich
Míla nó
Vilníus
Ósló
Kaupmannahöfn
Stokkhólmur
Helsinki
Gautaborg
Stafangur
Þrándheimur
Bergen
London
París
Frankfurt
Peking
Tokyo
Bangkok

Ávallt með SAS
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

ICELANDAIR
SAS Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER
flysas.is

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

**Akureyri-HK 32-31 (18-14)**
Mörk Akureyrar (skot): Heimir Örn Árnason 8 (9), Bjarni Fritzson 7/4 (12/5), Guðmundur Hólmar Helgason 6 (9), Oddur Gretarsson 4 (5), Geir Guðmundsson 3 (7), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (4), Guðlaugur Arnarsson 2 (3).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 16 (42) 38%, Stefán U. Guðnason 3 (8) 38%.
Hraðaupphlaup: 6 (Heimir, Guðmundur, Bjarni, Oddur 2, Guðlaugur, ).
Fiskuð víti: 6 (Guðlaugur, Hörður 2, Geir 2, ).
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk HK (skot): Bjarki Már Elísson 12/2 (14), Atli Ævar Ingólfsson 9 (12), Daníel Berg Grétarsson 4 (12), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (12), Hörður Másson 2 (6), Hákon Hermannsson 1 (4).
Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 13/1 (43/6 29%),
Hraðaupphlaup: 4 (Bjarki 3, Atli).
Fiskuð víti: 2 (Hörður, Atli).
Utan vallar: 2 mínútur.
Dómarar: Jónas Elíasson og Ingvar Guðjónsson. Góðir.

**Afturelding-FH 19-27 (7-11)**
Mörk Aftureldingar (Skot): Bjarni Aron Þórðarson 6 (16/1), Haukur Sigurvinsson 5/2 (7/2), Eyþór Vestmann 4 (9), Hrafn Ingvarsson 1 (2), Þorkell Guðbrandsson 1 (3), Ásgeir Jónsson 1 (3), Arnar Freyr Theódórsson 1 (4), Jón Andri Helgason (1), Þorlákur Sigurjónsson (1), Aron Gylfason (4).
Varin skot: Hafþór Einarsson 16/1 (42/4, 38%), Smári Guðfinnsson 0 (1/1).
Hraðaupphlaup: 2 (Hrafn, Bjarni)
Fiskuð víti: 3 (Ásgeir, Hrafn, Bjarni)
Brottvísanir: 8 mínútur
Mörk FH (Skot): Ólafur Andrés Guðmundsson 7 (13), Ásbjörn Friðriksson 6/4 (10/4), Atli Rúnar Steinþórsson 4 (6), Örn Ingi Bjarkason 3 (4), Hermann Ragnar Björnsson 2 (5), Logi Geirsson 1 (1), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (2), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (2), Benedikt Reynir Kristinsson 1 (3), Baldvin Þorsteinsson 1 (4), Halldór Guðjónsson 1 (3/1)
Varin skot: Pálmar Pétursson 20 (38/1, 53%), Daníel Freyr Andrésson 0 (1/1).
Hraðaupphlaup: 4 (Ólafur 2, Logi, Sigurgeir)
Fiskuð víti: 5 (Ásbjörn, Örn Ingi, Halldór, Atli Rúnar, Benedikt).
Brottvísanir: 6 mínútur

**Selfoss-Fram 30-38 (10-19)**
Mörk Selfoss (skot): Ragnar Jóhannsson 8/3 (22/3), Guðjón Drengsson 9 (6), Atli Hjörvar Einarsson 3 (4), Eyþór Lárusson 2 (5), Hörður Björnsson 2 (3), Matthías Halldórsson 2 (5), Guðni Ingvarsson 1 (1), Gunnar Ingi Jónsson 1 (1).
Varin skot: Birkir Bragason 12 (37/2, 20%), Helgi Hlynsson 0 (0/1)
Hraðaupphlaup: 3 (Matthías Halldórsson, Guðjón Drengsson, Atli Hjörvar Einarsson).
Fiskuð víti: 2 (Helgi Héðinsson, Einar Héðinsson).
Utan vallar: 10 mínútur.
Mörk Framara (Skot): Einar Rafn Eiðsson 9/6(11/7), Róbert Aron Hostert 7 (12) , Haraldur Þorvarðarson 5 (5), Andri Berg Haraldsson 5 (11), Halldór Jóhann Sigfússon 4 (7), Kristján Svan Kristjánsson 3 (4) , Jóhann Karl Reynisson 2 (2), Magnús Stefánsson 2 (4), Hákon Stefánsson 1 (1), Matthías Daðason 0 (1),
Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 17 (20/2, 46%), Björn Viðar Björnsson 2 (10, 16%)
Hraðaupphlaupsmörk: 9 (Kristján Svan Kristjánsson 3, Einar Rafn Eiðsson 2, Jóhann Karl 2, Róbert Hostert, Halldór Jóhann)
Fiskuð víti: 7(Róbert Aron3, Haraldur Þorvarðarson 2, Magnús Stefánsson, Jóhann Karl)
Brottvísanir: 8 mínútur

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **8** | **8** | **0** | **0** | **248-204** | **16** |
| Fram | 8 | 6 | 0 | 2 | 274-232 | 12 |
| **HK** | **8** | **6** | **0** | **2** | **273-264** | **12** |
| FH | 8 | 5 | 0 | 3 | 240-220 | 10 |
| **Haukar** | **8** | **4** | **0** | **4** | **206-215** | **8** |
| Afturelding | 8 | 1 | 0 | 7 | 198-230 | 2 |
| **Selfoss** | **8** | **1** | **0** | **7** | **226-262** | **2** |
| Valur | 8 | 1 | 0 | 7 | 195-233 | 2 |

Norski boltinn:

# Fredrikstad í úrvalsdeild

**FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson og félagar í Fredrikstad tryggðu sér í gær sæti í norsku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.**

**Fredrikstad lagði þá Hönefoss, 4-0, í síðari leik liðanna í umspili um laust sæti í deild þeirra bestu.**

**Fyrri leik liðanna lyktaði með 4-1 sigri Fredrikstad og það þurfti því stórslys til að liðið færi ekki upp. Það var aldrei nein hætta á slysi í gær því Fredrikstad hreinlega lék sér að andstæðingi sínum.**

**Kristján Örn Sigurðsson leikur með liði Hönefoss. Hann var tekinn af velli í hálfleik í gær.**

**Gunnar Heiðar byrjaði einnig leikinn í gær en hann var tekinn af velli á 66. mínútu.** - hbg

Gott gengi Fram í N1-deild karla hélt áfram í gær þegar liðið fór á Selfoss og vann þægilegan sigur:

# Fram rúllaði yfir Selfoss í fyrri hálfleik

**HANDBOLTI** Framarar unnu öruggan sigur á Selfyssingum , 30-38, í áttundu umferð N1-deildar karla í gær en leikurinn fór fram á Selfossi. Gestirnir höfðu undirtökin allan leikinn og virtust geta spilað sig í gegn um vörn Selfyssinga þegar þeim sýndist.

Mikil barátta einkennir leik Framara og það er greinilegt að leikmennirnir hafa virkilega gaman að því að spila handbolta. Einar Rafn Eiðsson, leikmaður Fram, var atkvæðamestur gestanna en hann skoraði 9 mörk.

Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, var að vonum mjög ánægður með leik sinna manna í gærkvöldi.

„Ég er mjög ánægður með fyrstu 40 mínúturnar hjá okkur en síðan slökum við allt of mikið á og þeir hefðu alveg getað komist inn í leikinn. Ef maður lítur yfir leikinn í heild sinni þá var sigurinn aldrei í hættu og við vorum með yfirhöndina allan tíman. Það sem ég er ánægðastur með er hvað við mættum á fullum krafti til leiks sem er algjörlega nauðsynlegt á svona erfiðum útivelli," sagði Reynir eftir leikinn í gær.

„Við vorum aldrei inn í þessum leik, ekkert frekar en í öllum heimaleikjunum okkar í vetur," sagði Sebastian Alexandersson, þjálfari Selfoss, fúll.

„Við erum að tapa öllum heimaleikjunum okkar í fyrri hálfleik sem er mikið áhyggjuefni. Það er alveg ljóst að vandamál okkar eru andlegs eðlis og það er hlutur sem við verðum að vinna í. Við komum sterkir til baka í síðari hálfleiknum og sýndum að við erum samkeppnishæfir í þessari deild," sagði Sebastian. - sáp



**SJÓÐHEITUR** Einar Rafn Eiðsson er að spila afar vel fyrir Fram þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Enn húsfyllir hjá liði Akureyrar

**Akureyri er enn með fullt hús stiga í N1-deild karla eftir eins marks sigur á HK í frábærum leik í gær. HK var yfir þegar skammt var eftir en frábær markvarsla Sveinbjörns Péturssonar gerði gæfumuninn.**

**HANDBOLTI** Ekkert virðist geta stoppað norðlensku hraðlestina í Akureyri sem keyrir yfir hvern andstæðinginn á fætur öðrum í N1-deild karla. Það stóð þó tæpt gegn góðu liði HK í gær en Akureyri hafði loks sigur, 32-31, eftir æsispennandi lokamínútur.

Það hjálpaði liðinu að tæplega 1.300 áhorfendur mynduðu bestu stemningu sem undirritaður hefur heyrt á ævinni í deildarleik í handbolta.

Það gengur allt upp hjá Akureyri og umgjörð félagsins er til mikillar fyrirmyndar. Atli er að stýra liðinu virkilega vel og það munar um minna þegar liðsheildin klárar leikina en ekki einstaklingar.

Aðalsmerki Akureyrar hefur verið vörnin en góður sóknarleikur HK lengst af var þeim erfiður. Bjarki Már fór illa með Bjarna Fritzson og skoraði alls tólf mörk í leiknum auk þess sem Norðlendingurinn Atli Ævar Ingólfsson var frábær.

Akureyri var skrefinu á undan fyrstu 45 mínúturnar. Það leiddi 18-14 í hálfleik en HK komst loks yfir í 25-26. Vendipunktur í leiknum var mögnuð markvarsla Sveinbjarnar þegar Atli var einn gegn honum í hraðaupphlaupi. Hefði Atli skorað hefði HK verið þremur mörkum yfir en í stað þess skoraði Akureyri og komst að lokum aftur yfir.



**FÖGNUÐUR** Leikmenn Akureyrar fögnuðu líkt og óðir væru eftir dramatískan sigur á HK í gærkvöldi. Stefán „Uxi" Guðnason stekkur hér í fang Harðar Fannars Sigþórssonar eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆVAR GEIR



**STEMNING** Það var troðfullt hús á Akureyri í gær og mikil stemning. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆVAR GEIR

Mestu munaði um Sveinbjörn sem varði frábærlega á lokakaflanum, allt góð skot HK. Hann sá einfaldlega við þeim.

„Við áttum þetta inni hjá Sveinbirni," sagði sigurreifur Atli Hilmarsson en Sveinbjörn hafði ekki varið jafn vel og oft áður þar til undir lokin.

HK var með boltann í síðustu sókninni og gat jafnað en vörnin varði skot Daníels Bergs og gríðarlegur fögnuður braust út í Höllinni. Sárt fyrir HK en sætt fyrir Akureyri.

Heimir Örn var besti maður Akureyrar, hann átti frábæran leik í vörn og sókn. „Það var mikið um að vera í lokin en við höfðum alltaf trú á þessu. Við vorum andlega skrítnir síðasta korterið og sóknin var hæg eins og margir hafa talað um.

Ég tek ofan fyrir HK sem spilaði mjög vel. Þeir voru hrikalega góðir, en við unnum samt. Þetta sýnir bara styrk okkar," sagði Heimir. „Þetta eru blendnar tilfinningar fyrir mig, ég var góður í sókn en slakur í vörn, en sigur er sigur. Ég stóð mig vel en línumennirnir gerðu mjög vel í sókninni.

Ég er smá svekktur að spila ekki betur í seinni hálfleik en andskotinn hafi það, þýðir það nokkuð þegar maður vinnur svona?" spurði Heimir.

„Mér fannst dómararnir leyfa þeim fullmikið undir lokin en svona er þetta. Leikurinn þróaðist þannig að ég hefði verið sáttur með jafntefli en það voru forréttindi að fá að spila í þessum hávaða," sagði Erlingur Richardsson þjálfari HK en leikmenn HK sögðust eftir leikinn ekki hafa heyrt hver í öðrum inni á vellinum, slíkur var stuðningur áhorfenda. - hþh

FH-ingar unnu öruggan átta marka sigur á Aftureldingu í Mosfellsbænum í gærkvöldi:

# Pálmar og FH-vörnin lokuðu á nýliðana

**HANDBOLTI** FH-ingar unnu öruggan átta marka sigur á nýliðum Aftureldingar, 27-19, í Mosfellsbænum í gærkvöldi. Mosfellingar komust lítið áleiðis gegn sterkri FH-vörn og frábærum markverði, Pálmari Péturssyni, sem varði 20 skot eða 53 prósent skotanna sem á hann komu í leiknum.

Mosfellingar skoruðu aðeins 4 mörk fyrstu 27 mínútur og 40 sekúndur leiksins en FH-ingum tókst ekki að stinga þá af fyrr en í seinni hálfleik. FH

Pálmar þakkaði markmannsþjálfaranum Bergsveini Bergsveinssyni fyrir hjálpina.

„Þetta var frábær varnarsigur númer eitt, tvö og þrjú," sagði Pálmar.

„Ég hef verið lélegur í síðustu leikjum en Bergsveinn er búinn að koma aftur inn í þetta hjá okkur. Bergsveinn á mikið í þessu. Hann er ekki búinn að vera með í þremur eða fjórum leikjum í röð og þá er ég með allt niðri um mig. Svo kemur hann inn og þá er vörnin flott og markvarslan eftir því. Það er það sem skilar þessum vörðu boltum hjá mér, það er leiðsögn frá Bergsveini og frábær vörn," sagði Pálmar.

„Þetta var góður sigur til þess að halda okkur í toppbaráttunni. Haukarnir voru búnir að jafna okkur að stigum en svo er bara næsti leikur á móti þeim á þriðjudaginn og við ætlum að taka hann og skilja aðeins á milli fjórða og fimmta sætisins," sagði Pálmar en Haukaleikurinn verður líka síðasti leikur Loga Geirssonar með liðinu í bili því Logi verður að taka sér hvíld vegna ástandsins á öxlinni sinni.

„Ég ætla að taka Haukaleikinn og svo er ég farinn í meðferð. Ég er bara kominn í pásu og ég er farinn að sjá landsliðið og HM í hillingum. Ég er búinn að vera með mikla verki í öxlinni og ég get ekkert æft. Það tekur svolítið á mig hvernig gengið er búið að vera því ég hef ekki náð mér á strik. Ég er búinn að tala við stjórnina hjá FH og þjálfarateymið og ætla að taka pásu eftir leikinn á móti Haukum," sagði Logi eftir leikinn í gær.

„Þetta var klárlega okkar lélegasti leikur í vetur og við áttum ekkert skilið út úr þessum leik. Haffi stóð sig mjög vel í markinu og varnarlega séð vorum við allt í lagi en sóknarlega voru við arfaslakir," sagði Gunnar Andrésson, þjálfari Aftureldingar. „Við verðum að fara yfir þennan leik og fara í naflaskoðun hvað er að plaga okkur. Við höfum ekki verið rassskelltir fyrr en núna. Við vorum teknir og jarðaðir hér á heimavelli," sagði Gunnar. - óój



**Á FLUGI** Stórskyttan Ólafur Guðmundsson lætur hér vaða á mark Aftureldingar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**> Uma Thurman**

„Ég eyddi fyrstu fjórtán árunum í mínu lífi fullviss um að ég liti hræðilega út. Unglingsárin eru öllum erfið, en mín voru hreint út sagt fáránleg.“

***Fegurðardísin Uma Thurman leikur í rómantíska sálfræðitryllinum Final Analysis sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld kl. 23.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÉR BOTNINN

# *Frægir fara í meðferð … í beinni*

Ég hef verið sérlegur áhugamaður um ameríska hugtakið „hvítt hyski“ eða „white trash“. Í mínum huga er þetta frekar subbulegt fólk og vitlaust, karlarnir með sítt að aftan, konurnar með illa tilhaft hár og makarnir yfirleitt náskyldir ættingjar. Og svo eru það hjólhýsin, skítug og ógeðsleg, skreytt með gömlum jólaskreytingum. Deliverance með Burt Reynolds og Jon Voight er ágætis heimild um hvað gerist þegar venjulegt fólk villist inn á yfirráðasvæði þeirra.

Á undanförnum árum hef ég hins vegar komist að því að hvítt hyski þarf ekki endilega að búa í hjólhýsum, það getur vel búið í Beverly Hills og verið einhvers konar stjörnur. Lýtaaðgerðafíkillinn Heidi Montag er til að mynda fræg hvítahyskis-persóna sem amerískir raunveruleikaþættir ganga út á. Montag er heimsk brjóstabomba sem varð fræg í raunveruleikaþáttaseríunni Hills og ákvað að viðhalda frægðinni með því að fara í tíu lýtaaðgerðir á einum degi og lét stækka brjóstin svo mikið að hún á í erfiðleikum með að kinka kolli. Til að króna fávisku sína grætur Montag örlög sín í hvaða fjölmiðli sem er um þessar mundir og lætur sig dreyma um að endurheimta sitt gamla sjálf.



**DRASL** Heidi Montag og þess háttar stjörnur eru jafnmikið hvítt hyski eins og það sem býr í hjólhýsum og giftist frænda sínum eða frænku.

Sennilega er raunveruleikaþátturinn Celebrity Rehab hápunkturinn í frægahvítahyskis-menningunni sem tröllríður Ameríku um þessar mundir. Fólk sem er orðið það örvæntingarfullt af frægðarfíkninni að það selur aðgang að áfengis- eða vímuefnameðferðinni þarf að líta nokkrum sinnum í eigin barm. Kannski kemur þetta engum á óvart þegar horft er til þess að keppendur eru fyrrverandi klámstjarna, kjaftfora fyrirsætan í America´s Next Top Model og ein af hjákonum Tigers Woods. Fyrir þá sem vilja þá er hann sýndur á áskriftarstöð VHI.

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Landshorna á milli** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Sportið** (e)
**18.00 Manni meistari** (25:26)
**18.25 Frumskógarlíf** (9:13)
**18.30 Frumskógar Goggi** (10:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Fljótsdalshéraðs og Akraness.
**21.20 Glímukappinn** (Nacho Libre)



Bandarísk gamanmynd frá 2006. Munkur sem alla ævi hefur mátt þola skammir lætur draum sinn rætast, setur upp grímu og gerist glímukappi.
**22.55 Flugkappar** (Flyboys) Bresk bíómynd frá 2006 um unga Bandaríkjamenn sem gerðust sjálfboðaliðar í franska hernum áður en Bandaríkjamenn urðu þátttakendur í fyrri heimsstyrjöld og urðu fyrstu orrustuflugmenn landsins. (e)
**01.15 Síðasti böðullinn** (The Last Hangman) Bresk bíómynd frá 2005 um Albert Pierrepont, kjörbúðarsendil og böðul, sem tók 608 manns af lífi á árunum 1933-55, þar á meðal 47 nasista sem dæmdir voru í Nürnberg-réttarhöldunum. (e)
**02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Thank You for Smoking**
**10.00 White Men Can't Jump**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Thank You for Smoking**
**16.00 White Men Can't Jump**
**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 School of Life**
**22.00 The Brave One**
**00.05 Rob Roy**
**02.20 Stay Alive**
**04.00 The Brave One**
**06.05 Jurassic Park**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Lalli, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli Kanína og vinir
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Mercy** (8:22)
**11.50 Hopkins** (2:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (3:8)
**13.50 La Fea Más Bella** (278:300)
**14.35 La Fea Más Bella** (279:300)
**15.20 Gavin and Stacy** (5:7)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (24:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Auddi og Sveppi**
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**20.55 Total Wipeout** (2:12) Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
**22.00 Grandma's Boy** Gamanmynd um 35 ára tölvuleikjanörd sem neyðist til að flytja inn til ömmu sinnar og tveggja herbergisfélaga hennar.
**23.35 Final Analysis** Rómantískur sálfræðitryllir með Richard Gere, Kim Basinger og Umu Thurman í aðalhlutverki.
**01.35 And Then Came Love** Rómantísk gamanmynd með Vanessu Williams í aðalhlutverki.
**03.10 American Gangster** Sannkölluð stórmynd með Denzel Washington og Russell Crowe í leikstjórn Ridleys Scott.
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

## SPORT *besta sætið*

**17.45 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**19.30 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur helgaður ungu íþróttafólki.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**21.50 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá Evrópsku mótaröðinni í póker þar sem mæta til leiks flestir af bestu pókerspilurum Evrópu.
**22.40 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá Evrópsku mótaröðinni í póker þar sem mæta til leiks flestir af bestu pókerspilurum Evrópu.
**23.30 UFC 123** Útsending frá UFC 123 en þangað eru mættir til leiks flestir af bestu bardagamönnum heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**17.00 Man. Utd. - Wigan**
**18.45 Birmingham - Chelsea**
**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**22.00 Football Legends - Gullit** Einn af þeim allra bestu, Ruud Gullit, verður í sviðsljósinu að þessu sinni en þessi magnaði hollenski leikmaður gerði garðinn frægan með AC Milan og hollenska landsliðinu.
**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**23.00 Bolton - Newcastle**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (11:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (11:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Friday Night Lights** (12:13) (e)
**19.00 Melrose Place** (6:18) (e)
**19.45 Family Guy** (10:14) (e)
**20.10 Rules of Engagement** (5:13)
**20.35 The Ricky Gervais Show** (5:13)
**21.00 Last Comic Standing** (12:14)
**21.45 Parks & Recreation** (24:24) (e)
**22.10 Secret Diary of a Call Girl** (7:8)
**22.40 Sordid Lives** (12:12) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegar konur í smábæ í Texas.
**23.05 Law & Order: Special Victims Unit** (16:22) (e)
**23.55 Whose Line is it Anyway? (19:20) (e)**
**00.20 Sands of Oblivion** (e) Fyrsta kvikmyndin af fjórum í myndaflokknum „Fantasy Adventure Collection“.
**01.55 The Ricky Gervais Show** (5:13) (e)
**02.20 Jay Leno** (e)
**03.05 Jay Leno** (e)
**03.50 Pepsi MAX tónlis**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**09.00 Dubai World Championship** (2:4)
**13.00 Dubai World Championship** (2:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Dubai World Championship** (2:4)
**22.50 Golfing World** (e)
**23.40 PGA Tour Yearbooks** (8:10) (e)
**00.40 ESPN America**

## EXTRA

**19.00 The Doctors** Spjallþættir frameiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.40 Smallville** (6:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
**20.25 That Mitchell and Webb Look** (4:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS: Los Angeles** (15:24)
**22.35 Human Target** (6:12)
**23.20 Life on Mars** (2:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
**00.05 Hopkins** (2:7) Vandaðir þættir um lífið á Hopkins-sjúkrahúsinu í Baltimore og gefur raunsæja mynd af því hvernig spítalalífið er í raun.
**00.50 Smallville** (6:22)
**01.35 Auddi og Sveppi**
**02.05 Logi í beinni**
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jónu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Stjórnarskrá og stjórnlagaþing til umræðu.
**21.00 Vogaverk** Það gerist flest í Vogunum og nú hækkar fasteignaverð þar, ný gamanþáttaröð á ÍNN.
**21.30 Ævintýraboxið** Íslendingar í ævintýraleit með Stefáni Drengssyni á myndavélinni.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Logi í beinni



Það verður að vanda mikið fjör í þættinum hjá Loga Bergmann. Gestir hans að þessu sinni eru Egill „Gillz“ Einarsson, Gerður Kristný og Friðrik Ómar, sem mun einnig frumflytja nýtt lag sitt, Vetrarnótt, í þættinum. Þá mun tónlistarmaðurinn Kalli flytja lag af nýja diskinum sínum, Last Train Home.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** ,Allo ,Allo! **15.15** ,Allo ,Allo! **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Hotel Babylon **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** My Family **19.30** Wrong Door **20.00** Whose Line Is It Anyway? **20.30** Survivors **21.20** My Family **21.50** Wrong Door **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Come Dine With Me **23.10** Come Dine With Me **23.35** Keeping Up Appearances

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** En ugander i sneen **13.00** 6200 Aabenraa **13.30** Sporløs **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Karlsson på taget **16.30** Rosa fra Rouladegade **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Hva' så Danmark? **20.00** TV Avisen **20.30** Den skjulte sandhed **22.20** No Way Back **23.50** Boogie Listen

### NRK 1

**12.20** V-cup kombinert **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** V-cup kombinert **14.45** Et dukkehus **15.10** Hjarte i Afrika **16.00** NRK nyheter **16.10** Yum Yum med Noman **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.35** Norge rundt **19.00** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Tause vitner **22.15** Kveldsnytt **22.30** Tause vitner **23.20** Robbie Williams & TakeThat - igjen forent

### SVT 1

**12.50** Robins **13.20** Veronica Mars **14.05** Starke man **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Hundra procent bonde **16.25** Kinas mat **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** 13 snart 30 **22.35** Elvis Costello med gäster **23.25** Sinchronicity









*„Það eru auðvitað mörg lög sem koma til greina en fyrsta lagið sem mér dettur í hug er lagið New Shoes með Paolo Nutini. Ég kemst einhvern veginn alltaf í gott skap þegar ég heyri það.“*

Kristján Sturla Bjarnason, hljómborðsleikari í Jóni Jónssyni.

# Danskur prins í íslenskum fötum

Sonur Friðriks Danaprins og Mary Donaldson, Kristján, var kirfilega merktur íslenska útivistarmerkinu 66 gráðum norður þegar hann fór í göngutúr með föður sínum um hinn fallega hallargarð Fredensborgar. Kristján var klæddur í fallegan grænan vindjakka og buxur í stíl. Þeir feðgar voru myndaðir af ljósmyndara glanstímaritsins Kig Ind og flennistór mynd af þeim birt á áberandi stað í blaðinu. Friðrik segir við blaðið að honum sé umhugað að bæði börnin sín læri að umgangast náttúruna af virðingu.

Kristján er ekki sá fyrsti af háaðlinum norræna sem er myndaður í íslenskum útivistarfatnaði. Mette Marit, norska krónprinsessan, hefur til að mynda alltaf haft mikið dálæti á Cintamani og klæðst fötum frá merkinu og sama má reyndar segja um móður Kristjáns, Mary Donaldson, sem hefur verið mynduð í fötum frá Cintamani. Hins vegar hafa 66°N átt frekar upp á pallborðið hjá kvikmyndastjórnum og hafa leikstjórar á borð við Quentin Tarantino notfært sér hlýjan klæðnaðinn og einnig leikarinn Jake Gyllenhaal. Það er kannski ekki skrítið því Gyllenhaal lék stórt hlutverk í kvikmyndinni Brothers sem eigandi 66°N, Sigurjón Sighvatsson, framleiddi. - fgg






**KIRFILEGA MERKTUR** Danski prinsinn Kristján ásamt foreldrum sínum, Mary Donaldson og Friðriki, þegar Viktoria Svíaprinsessa gifti sig. Kristján var kirfilega merktur 66°N þegar hann fór í göngutúr með föður sínum eins og sást í dönsku tímariti. NORDICPHOTOS/GETTY


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 27.11. Kl. 13:00 | U | Sun 5.12. Kl. 11:00 | U | Sun 12.12. Kl. 14:30 | U |
| Lau 27.11. Kl. 14:30 | U | Sun 5.12. Kl. 13:00 | U | Lau 18.12. Kl. 11:00 | U |
| Sun 28.11. Kl. 11:00 | U | Sun 5.12. Kl. 14:30 | U | Lau 18.12. Kl. 13:00 | U |
| Sun 28.11. Kl. 13:00 | U | Lau 11.12. Kl. 11:00 | U | Lau 18.12. Kl. 14:30 | U |
| Sun 28.11. Kl. 14:30 | U | Lau 11.12. Kl. 13:00 | U | Sun 19.12. Kl. 11:00 | U |
| Lau 4.12. Kl. 11:00 | U | Lau 11.12. Kl. 14:30 | U | Sun 19.12. Kl. 13:00 | U |
| Lau 4.12. Kl. 13:00 | U | Sun 12.12. Kl. 11:00 | U | Sun 19.12. Kl. 14:30 | U |
| Lau 4.12. Kl. 14:30 | U | Sun 12.12. Kl. 13:00 | U | | |

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 27.11. Kl. 20:00 | Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 Næst síð. sýn. | | | |
| Sun 28.11. Kl. 20:00 | Ö | Sun 5.12. Kl. 20:00 Síðasta sýning | | | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 27.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 28.11. Kl. 15:00 100. sýn. | U | Mið 29.12. Kl. 16:00 br. sýn.t. | U |
| Lau 27.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 5.12. Kl. 13:00 | Ö | Fim 30.12. Kl. 16:00 br. sýn.t. | Ö |
| Sun 28.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 5.12. Kl. 15:00 | Ö | | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 | Ö | Fös 10.12. Kl. 20:00 Aukas. | |
| Lau 27.11. Kl. 20:00 | U | Lau 4.12. Kl. 20:00 | Ö | | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. | U | Fim 30.12. Kl. 19:00 | Ö | Lau 22.1. Kl. 19:00 | |
| Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. | U | Fös 7.1. Kl. 19:00 | Ö | Sun 23.1. Kl. 19:00 | |
| Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. | U | Lau 15.1. Kl. 19:00 | Ö | | |
| Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. | U | Sun 16.1. Kl. 19:00 | | | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.11. Kl. 20:00 | U | Fös 2.12. Kl. 20:00 | U | Fim 3.12. Kl. 20:00 Aukas. | Ö |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. | U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn | Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn | Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn | Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn | Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn | |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn | Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn | Ö | | |

FINNSKI HESTURINN „Fimm stjörnu Ólafía Hrönn“ GB, Mbl





RAGNAR HANSSON: SÁ FYRIR MÉR AÐ VÉLIN YRÐI ARFLEIFÐ MÍN

# Lostavél Franks Hvam fær framtíðarheimili á Jolene

„Ég er búin að stilla vélinni upp á Jolene. En ég er auðvitað búinn að skrúfa plexigler fyrir gatið góða svo að menn séu ekki endilega að prófa hana,“ segir Dóra Takefusa, eigandi barsins Jolene í Kaupmannahöfn.

Hápunktur sjónvarpsþáttaraðarinnar Mér er gamanmál, sem var sýnd í haust, var tvímælalaust þegar danski grínistinn Frank Hvam leiddi þáttastjórnandann Frímann Gunnarsson út í skúr þar sem hann geymdi heimasmíðaða tottvél; Frank Hvams Blow Job maskine. Vélin var að sjálfsögðu hluti af gríni þáttarins og Hvam fékk að eiga hana þegar tökum lauk.

„Hann var með vélina á skrifstofunni sinni. Svo varð umboðskona hans ólétt og vélin fór í taugarnar á henni, þannig að hann hringdi í mig og spurði hvort ég vildi fá hana niður á Jolene,“ segir Dóra. Hún játar að vélin hafi vakið mikla athygli á Jolene. „Auðvitað. Það er ekki svona vél á hverjum bar. En svo það sé alveg á hreinu, þá virkar vélin að sjálfsögðu ekki. Hún var bara gerð fyrir þáttinn.“

Ragnar Hansson, leikstjóri Mér er gamanmál og bróðir Gunnars Hanssonar, sem leikur Frímann Gunnarsson, er hugmyndasmiður vélarinnar. Hugmyndina fékk hann fyrir mörgum árum, en hann vissi ekki hvað hann ætti að gera við hana. „Ég hafði gengið með þessa hugmynd í maganum mjög lengi og sá fyrir mér að vélin yrði arfleifð mín,“ segir Ragnar. „Ég vildi að það væri tottvél á hverju götuhorni, eða allavega inni á klósettum á skemmtistöðum. Ég sá að það myndi draga úr ofbeldi og ótímabærum barneignum.“

Ragnar fagnar því að vélin sé komin á framtíðarheimili í Danmörku, en hún var smíðuð þar af danska listamanninum Lauge Falkentorp. Ragnar er þakklátur Hvam fyrir að koma hugmyndinni á framfæri, enda fór hún ekki á flug fyrr en hann setti nafn sitt við hana. „Eins og með George Foreman-grillið. Hann fann það ekki upp, en strax og hann setti nafnið sitt á það fór það á flug,“ segir Ragnar. „Í raun má segja að hugmyndin sé komin hringinn því vélin er komin á skemmtistað.“

Þáttaröðin Mér er gamanmál kom út á DVD í gær og Ragnar lofar því að aukaefnið sýni áður óþekkta virkni vélarinnar.

atlifannar@frettabladid.is



**VÉLIN UMRÆDDA**

**Gunnar Hansson** í hlutverki **Frímanns Gunnarssonar** ásamt **Frank Hvam**. Á milli þeirra er vélin umrædda sem er nú á Jolene í Kaupmannahöfn. **Ragnar Hansson**, hugmyndasmiður vélarinnar, fagnar því að framtíðarheimili hafi verið fundið fyrir hana.

> Hann var með vélina á skrifstofunni sinni. Svo varð umboðskona hans ólétt og vélin fór í taugarnar á henni.
>
> DÓRA TAKEFUSA
> EIGANDI JOLENE

# Urgur í bókaútgefendum

„Þessi listi er okkur mjög mikilvægur og það er mjög slæmt þegar vantraust myndast á hann,“ segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Veröld. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var hætt við að birta metsölulista bókaverslana sem Rannsóknarsetur verslunarinnar tekur saman. Ástæðan var sú að þau þrjú hundruð eintök af ævisögu Jónínu Ben sem Office 1 keypti og seldi í sínum verslunum í síðustu viku voru einnig inni í sölutölum N1.

Kristján Kristjánsson hjá bókaforlaginu Uppheimum var ekki hrifinn af áðurnefndum viðskiptagjörningi Office 1. „Það eru sérkennilegir viðskiptahættir að kaupa bók á fjögur þúsund krónur og selja á tvö þúsund.“ Kristján segist líka vera undrandi á því að allir dreifingaraðilar sitji ekki við sama borð. „Forlögin geta selt töluvert magn af hverri bók í sinni verslun. Þær tölur eru hins vegar ekki hafðar með inni í þessum lista.“

Egill Örn Jóhannsson, varaformaður Félags bókaútgefenda og framkvæmdastjóri Forlagsins, rifjar upp að fyrir fimm árum hafi staðið mikill styr um sambærilegan lista þegar matreiðslubækur Hagkaups plöntuðu sér í fimm efstu sætin. Þær voru þá eingöngu til sölu í þeim verslunum. Í kjölfarið var sett sú regla að listinn tæki eingöngu til þeirra bóka sem stæðu öðrum endursöluaðilum til boða. Egill er sjálfur ekki hrifinn af slíkum reglugerðum en vill að menn umgangist sölutölurnar og listann af virðingu, hann sé mikilvægt kynningar- og auglýsingatæki. „Listinn á að gefa sem bestu mynd af bóksölu á landinu og menn mega ekki misnota það tæki.“ - fgg



**VILL N1 INNI** Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, vill halda N1 inni á metsölulista bókaútgefanda; hann vill bara að menn umgangist listann af virðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is




# Tvær sýningar sem þú mátt ekki missa af

## Sýningum lýkur í desember

### Jesús litli
**Grímusýning ársins**

★★★★★

**„Þetta er það langbesta sem sést hefur á fjölum leikhúsanna í haust“** – JVJ, DV

**„Ástarþökk fyrir ógleymanlegt kvöld“** – SA, TMM

**„Ég skora á fólk að fara í leikhúsið og sjá Jesús litla“** – GB, Mbl

Menningarverðlaun 2009 DV

Gríman 2010: Sýning ársins, Leikskáld ársins

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| fös. | 26/11 | kl. 19 | UPPSELT | fim. | 9/12 kl. 20 | UPPSELT |
| mið. | 1/12 | kl. 20 | UPPSELT | fös. | 10/12 kl. 19 | aukasýn. |
| fim. | 2/12 | kl. 18* | | lau. | 11/12 kl. 19 | aukasýn. |
| fim. | 2/12 | kl. 20 | UPPSELT | sun. | 12/12 kl. 20 | UPPSELT |
| fös. | 3/12 | kl. 19 | UPPSELT | fim. | 16/12 kl. 20 | UPPSELT |
| fös. | 3/12 | kl. 21 | UPPSELT | lau. | 18/12 kl. 19 | UPPSELT |
| lau. | 4/12 | kl. 19 | UPPSELT | lau. | 18/12 kl. 21 | UPPSELT |
| lau. | 4/12 | kl. 21 | örfá sæti | mið. | 29/12 kl. 19 | örfá sæti |
| þri. | 7/12 | kl. 20* | | fim. | 30/12 kl. 19 | |
| mið. | 8/12 | kl. 20 | UPPSELT | | | |

Sýnt í Hofi á Akureyri í janúar – allt að seljast upp

***Sýningar 2/12 kl. 18 og 7/12 kl. 20 verða táknmálstúlkaðar**



### Fólkið í kjallaranum
**Verðlaunasaga Auðar Jónsdóttur**

★★★★

**„Fantagóð sýning um árekstra hugmyndafræði ólíkra kynslóða“** – EB, Fbl

**„Hlátrasköll, vangaveltur og nokkur tár“** – SG, Víðsjá

**„Það er mikil gæfa að þessi frábæra skáldsaga skuli fá svona vandaða meðhöndlun á leiksviði“** – SA, TMM

**„Guði sé lof fyrir leikhúsið... – Hvergi veikur hlekkur“** – BS, Pressan

**Mundu gjafakortin**
Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| lau. | 27/11 | kl. 19 | UPPSELT | fim. | 9/12 kl. 20 | UPPSELT |
| lau. | 27/11 | kl. 22 | örfá sæti | fös. | 10/12 kl. 19 | UPPSELT |
| mið. | 1/12 | kl. 20 | UPPSELT | fös. | 10/12 kl. 22 | örfá sæti |
| sun. | 5/12 | kl. 20 | UPPSELT | lau. | 11/12 kl. 19 | örfá sæti |
| mið. | 8/12 | kl. 20 | örfá sæti | sun. | 12/12 kl. 20 | |

**Takmarkaður sýningafjöldi – Tryggðu þér miða strax**

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

VISA

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þjóðverjar dýrka Dag

Þýskir kvikmyndagagnrýnendur taka kvikmynd **Dags Kára**, The Good Heart, opnum örmum. Þeir telja hana vera eina af jólamyndum þessa árs þótt myndin hafi sennilega aldrei verið hugsuð sem „jólamynd". Welt gefur myndinni átta af tíu og líkir henni við Jólasögu Dickens. Gagnrýnandanum þykir meira að segja persónu Brians Cox, bareigandanum Jacques, svipa til sjálfs Scrooge. Vefurinn film.de segir The Good Heart vera prýðisgóða jólamynd og að Dagur Kári hafi góða tilfinningu fyrir sögunni.



### Útsvar langvinsælast

Þrátt fyrir að skemmtiþátturinn Hringekjan með **Guðjóni Davíð Karlssyni** í aðalhlutverki hafi ekki verið sá arftaki sem Sigrún Stefánsdóttir dagskrárstjóri vonaðist eftir þá virðist arftakinn engu síður fundinn. Spurningaþátturinn Útsvar í umsjá Sigmars Guðmundssonar og Þóru Arnórsdóttur, er nefnilega kominn í Spaugstofuáhorf, mælist samkvæmt síðustu könnun með rúmlega 41 prósents áhorf og er langvinsælasti sjónvarpsþáttur þjóðarinnar.
**- fgg**



### Mest lesið vísir.is

1. Móðir Tryggva Jóns orðlaus yfir sterkum viðbrögðum
2. Veiddi stærstu lúðu sögunnar úti fyrir Bolungarvík
3. Ingibjörg Guðmundsdóttir er látin
4. Bubbi biður Guð að styrkja fjölskyldur Hannesar og Gunnars
5. Harrier orrustuþotur breska sjóhersins heyra sögunni til
6. Kastaðist út úr bílnum við árekstur




Eyjólf Ármannsson
á stjórnlagaþing

Framboð 8914

Kveðjum stjórnkerfi flokkræðis og helmingaskipta

Kynnið ykkur viðfangsefni þingsins og mína skoðun á:
eyjolfurarmannsson.com


